Svanhildur Kr. Sverrisdóttir

Hugfinnur

handbók um bókmenntahugtök

Hugfinnur

handbók um bókmenntahugtök

ISBN 978-9979-0-2483-5

© 2011 Svanhildur Kr. Sverrisdóttir
© 2011 Teikningar: Ninna Þórarinsdóttir
Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Yfirlestur: Ármann Jakobsson, Helga Birgisdóttir, Ingólfur Steinsson, Jón Özur Snorrason, María Hrafnsdóttir, Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Þórdís Guðjónsdóttir.

1. útgáfa 2011
önnur prentun 2013
Menntamálastofnun
Kópavogi

Öll réttindi áskilin.
Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Umbrot og hönnun: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Litróf ehf.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir

Hugfinnur

handbók um bókmenntahugtök

MENNTAMÁLASTOFNUN



Bækur

(Breiðhenda)

Bækur eru þykkar, þunnar,
þungar, léttar, djúpar, grunnar,
óþekktar og öllum kunnar,
augu og eyru, nef og munnar.

Gaman er að liggja og lesa
langar nætur uppi í bæli
söguskruddur, skræður, pésa,
skýrslur, ljóð og eftirmæli.

Ótal bækur bíða í hillum,
blína út í næturhúmið,
troðfullar af visku og villum,
vilja komast með í rúmið.

Þar er sól og þar er bylur,
þar er sorg og mikil kæti,
þar er allt sem þjóðin skilur:
þögn og ró og skrípalæti.

Þórarinn Eldjárn

Til lesenda

Þetta er handbókin *Hugfinnur*. Hún hefur að geyma skilgreiningar og dæmi um algeng bókmenntahugtök. Bókin er einkum ætluð nemendum sem áhuga hafa á bókmenntum og vilja öðlast meiri þekkingu og skilning á algengum hugtökum sem notuð eru í umfjöllun og skrifum um bókmenntir. Í henni er hugtökum raðað í stafrófsröð til að auðvelda lesendum að fletta þeim upp. Aftast í bókinni má finna nokkrar spurningar sem geta nýst til umræðu eða verkefnavinnu.

Bókmenntalestur hefur löngum verið talinn hafa mikið og jákvætt gildi. Hann eykur almenna þekkingu lesenda, eflir orðaforða þeirra og máltilfinningu. Hann getur aukið skilning á aðstæðum fólks og dýpkað skynjun á mannlegu eðli og tilfinningum. Þá gefur bókmenntalestur og umræða um bókmenntir lesendum tækifæri til að móta skoðanir sínar og tjá þær í mæltu máli eða rituðu. Bókmenntahugtök geta ennfremur nýst eins og verkfæri til þess að komast að kjarna efnisins.

Á síðari hluta 19. aldar flutti stór hópur Íslendinga til Kanada. Meðal þess fáa sem þeir höfðu með sér voru bækur. Þeir vissu að þannig gætu þeir viðhaldið þekkingu sinni og kunnáttu á íslenskri tungu. Þeir gerðu sér grein fyrir því að tungan var líflína til þeirrar fortíðar sem þeir höfðu sagt skilið við heima á Íslandi. Leið þeirra til að viðhalda íslenskri menningu var að varðveita tungumálið og það gerðu þeir með bóklestri og samræðum á íslensku.

Efni þessarar bókar kemur úr ýmsum áttum. Hugtakalistinn er tekinn saman með hliðsjón af aðalnámskrá og kennsluefni í íslensku fyrir grunnskóla. Skilgreiningar eru unnar upp úr ýmsum verkum auk þeirra sem ég legg til sjálf. Ekki síst er stuðst við handbókina *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* sem fyrst var gefin út árið 1983. Mörg dæmi eru sótt í skáldverk íslenskra rithöfunda, þjóðsögur og ævintýri en önnur hefur höfundur samið.

Öllum þeim sem komu að þessu verki eru færðar bestu þakkir.

Hafnarfirði á haustmánuði 2010
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir

Innihald

- hugtök
- skilgreiningar
- dæmi
- verkefni

Bókmenntalestur

- eykur þekkingu
- dýpkar skilning
- veitir ánægju
- bætir færni
- þjálfar næmi



Efnisyfirlit

A

Aðal- og aukapersóna 7
Afþreyingarbókmenntir ... 7
Andstæður 8
Annáll 8
Atburðarás 9
Atómskáld 9

Á

Ádeila 10
Ástarsaga 11

B

Barnabækur 11
Barnagæla 12
Bein mynd 12
Bein og óbein ræða 13
Biskupasögur..... 13
Boðskapur 13
Bókmenntarýni 14
Bókmenntasaga 14
Bókmenntastefna 15
Bragarháttur 15
Brageyra 15
Bragfræði 16
Bragliður 16
Bréf 17
Bundið mál og óbundið .. 18
Bygging 18

D

Dagbók 19
Dróttkvæði 19
Dæmisaga 20

E

Eddukvæði 21
Endurlit 22
Endurminningar 23
Endurtekning 23
Erfiljóð 24
Erindi 25

F

Fabla 25
Fagurbókmenntir 25
Ferskeytla 26
Flétta 26
Flökkusaga 27
Flækja 27
Form 27
Fornaldarsögur Norðurlanda 28
Fornbókmenntir 29
Fornnorrænn kveðskapur 29
Frásagnarháttur 30
Furðufrásögn 30
Fyrstu persónu frásögn ... 31

G

Gamanleikur 31
Glæpasaga 31
Goðafræði 32

H

Harmleikur 32
Háð 33
Hefðbundið ljóð 34
Heiti 34
Helgikvæði 35
Hlutgerving 35
Hluti fyrir heild 36
Hlutlægni 36
Hneigð 37
Hrollvekja 37

Hrynjandi 38
Hugblær 38
Huglægni 39
Hæka 39

I

Innbyggður lesandi 40

Í

Íslendingasaga 40
Íslendingaþættir 42

K

Kenning 42
Kvæði 43
Konungasögur 44
Kynning aðstæðna 44

L

Lausn 44
Leikrit 45
Líking 46
Limra 46
Ljóð 47
Ljóðmælandi 48
Ljóðstafir 49
Lærdómsöld 50

M

Mansöngur 51
Margræðni 51
Málfar 51
Málpípa 52
Minni 52
Minnisvísur 52
Módernismi 53
Myndhverfing 54
Myndmál 54

N

Nútímaljóð 55
Nýgervingar 55
Nýrómantík 56

O

Ofstuðlun 56

Ó

Óbundið ljóð 57

P

Persónugerving 57
Persónusköpun 58
Póstmódernismi 60
Prósaljóð 61

R

Raunsæi 62
Raunsæisstefna 62
Reyfari 62
Riddarasögur 63
Ris 63
Ritdómur 64
Rithöfundur 64
Rím 65
Rímur 66
Rómantíska stefnan 66

S

Sagnadans 67
Sálmar 68
Sjónarhorn 69
Skáldaleyfi 70
Skáldsaga 70
Skrauthvörf 71
Smásaga 71
Sonnetta 72
Staka 72
Stílbrögð 73
Stíll 73
Súrrealismi 74
Söguleg nútíð 74
Söguleg skáldsaga 75
Sögumaður 75
Sögusvið 76
Sögupráður 76



T

Tanka 76
Tákn 77
Tími 77
Túlkun 79
Tvíræðni 79
Tækifærisvísur 80
Töfraraunsæi 80

U

Umhverfi 81
Upplýsingarstefna 81

Ú

Úrdráttur 82

V

Viðlíking 83
Vísindaskáldsaga 84
Vísun 84
Vísuorð 85

Y

Yfirborðsmynd 85

Ý

Ýkjur 86

Þ

Þema 86
Þjóðkvæði 87
Þjóðsaga 87
Þjóðskáld 88
Þroskasaga 88
Þula 89
Þversögn 90

Æ

Ættjarðarljóð 90
Ættartala – Ættartré 91
Ævintýri 91
Ævisaga 92

Ö

Öfugmælavísur 93
Örsaga 94

Til umhugsunar við bókmenntalestur 95
Almennt um skáldsögur 95
Um innihald skáldsagna 96
Um unglingabækur 96
Áður en þú lest skáldsöguna 96
Eftir að þú last skáldsöguna 97
Mat þitt á skáldsögunni 98
Nokkur góð ráð við lestur skáldsagna 98
Nokkur góð ráð við lestur ljóða 99
Nokkur góð ráð við lestur eða áhorf leikrita 99
Lestrardagbók 100
Stuðningsrit 101
Skrá yfir textadæmi 102



Aðal- og aukapersóna

Persónum í skáldskap er skipt í aðalpersónur og aukapersónur. Aðalpersónurnar hafa eðlilega stærra hlutverk. Algengt er að ein aðalpersóna sé í skáldverkinu en stundum eru þær fleiri. Persónusköpun er einn af veigamestu þáttum í skáldskap.

> *Þarna fyrir handan er borgin þarsem þessi saga átti sér stað, svo sem engin stórborg, en nógu stór til þess að fólk fæðist þar og deyr og myndast við að lifa við óvissan orðstír. Ég, Ormur Óðinsson, nýlega sautján ára, einn og áttatíu á hæð með dökkgrá augu og dökkbrúnt hár, er hingað kominn með tíu rúgbrauð, tólf dósir af fiskibollum, ritvél og glás af pappír til að skrifa sögu sem gerðist í fyrravetur, og það vill svo til að ég er aðalpersónan í sögunni.*
>
> *Ólafur Haukur Símonarson: Gauragangur*

Afþreyingarbókmenntir

Bækur sem fyrst og fremst eru ætlaðar til skemmtunar eru oft kallaðar afþreyingarbókmenntir. Það á t.d. við um ýmsar ástarsögur, sakamálasögur, spennusögur og leynilögreglusögur. Sumar unglingabækur falla í þennan flokk, t.d. sögurnar um ofurtöffarann Bert eftir Anders Jacobsson og Sören Olsson og Gæsahúðabækur Helga Jónssonar. Afþreyingarbókmenntir eru stundum gagnrýndar fyrir það að persónusköpun sé grunn, að vandamál séu leyst á einfaldan og óraunsæjan hátt og úr takti við raunveruleikann. Jafnvel er talað um að höfundum afþreyingabókmennta liggi ekki mikið á hjarta, að þeir hafi ekki frá neinu merkilegu að segja. Það á að sjálfsögðu ekki alltaf við. Orðið reyfari er stundum notað um þessa tegund bókmennta. Andstæða þeirra eru svokallaðar fagurbókmenntir.

Andstæður

Andstæður eru algengar í daglegu máli en í skáldskap eru þær gjarnan notaðar sem stílbragð. Þær geta komið fram í orðum, setningum eða hugtökum sem tákna tvennt ólíkt, t.d. svart og hvítt, heitt og kalt, ljós og skuggi, nótt og dagur, sorg og gleði, fortíð og nútíð, draumur og veruleiki. Andstæður birtast í persónulýsingum þegar einni persónu er lýst sem viðkvæmri og huglausri en annarri sem hrjúfri og kjarkmikilli eða þar sem ein er ill og önnur góð. Þá geta þær komið fram í lýsingum á aðstæðum fólks, t.d. í menntun og afkomu. Algengt er að nota andstæður í lýsingu á náttúru og umhverfi, t.d. sveit og borg þar sem annars vegar er hreinleiki náttúrunnar og hins vegar spilling borgarinnar. Andstæður er hægt að nota til að tákna líf og dauða, gott og illt, sorg og gleði. Margir bókatitlar fela í sér andstæður, t.d. *Hvítir hrafnar, Ást og hatur, Svart og hvítt, Englar og djöflar, Líf og dauði, Engilbjört og Illhuga*. Andstæður segja stundum meira en mörg orð.

> *Einu sinni var ríkismaður. Hann átti mikið höfuðból sem hann sat á sjálfur. Hann átti konu og með henni tvo syni uppkomna og kvongaða þegar þessi saga gerðist. Annar þeirra var auðsæll sem faðir hans og átti fjögur börn en hinn var fátækur og lifði mest á því sem hann fékk úr föðurgarði.*
>
> *Brot úr þjóðsögunni Malaðu hvorki malt né salt*

Annáll

Annálar eru rit sem innihalda skrá eða yfirlit um merka atburði tiltekins tímabils. Þeim er ætlað að gefa heimild um liðna atburði. Efnið er yfirleitt skráð í tímaröð og er algengt að annálar nái yfir eitt ár eða lengra tímabil. Annálaritun þekkist frá fornu fari til dagsins í dag þótt hún hafi stundum fallið niður í einhvern tíma. Segja má að annálaritun hafi lengi vel gegnt svipuðu hlutverki og blaðaútgáfa nú til dags, þ.e. að fræða og veita upplýsingar. Sem dæmi um nútímaannál mætti nefna fréttaannál ársins sem sýndur er í sjónvarpi á gamlársdag ár hvert.

Atburðarás

Hver saga hefur ferli þar sem eitt leiðir af öðru, svokallaða atburðarás eða keðju atburða. Stundum er atburðarásin einföld og auðvelt að átta sig á því hvað gerist næst. Hún getur líka verið flókin, sundurslitin og óljós, hæg eða hröð, óvænt eða spennandi, ævintýraleg eða hversdagsleg. Atburðarás er hluti af byggingu sögu og er oft nefnd flækja.

ÆVINTÝRALEG og HRÖÐ ATBURÐARÁS

Skurðstofulíf er nýr og spennandi framhaldsmyndaflokkur sem hefur göngu sína á skjánum innan skamms. Hann gerist á nútímasjúkrahúsi í Toronto í Kanada og fjallar fyrst og fremst um aðstoðarfólkið á skurðstofunni en ekki lækna og hjúkrunarfólk eins og venjan er í þáttum af þessu tagi. Þættirnir eru nýstárlegir og lögð er áhersla á hraða og spennandi atburðarás og vel klipptar upptökur þar sem ýmislegt óvænt gerist í hverjum þætti. Meðal leikara eru tveir Íslendingar sem hafa verið búsettir vestanhafs um áraraðir.

SKS

Atómskáld

Um miðja 20. öld ortu ýmis ljóðskáld óhefðbundin ljóð þar sem dregið var úr notkun ljóðstafa og ríms. Myndmálið var kraftmikið og yrkisefnin frábrugðin því sem fólk átti að venjast. Í skáldsögunni *Atómstöðinni* (1948) eftir Halldór Laxness koma fyrir undarleg skáld sem nefnast atómskáld. Orðið var síðan notað um hóp skálda sem orti óbundin ljóð. Orðið atómskáld var því upphaflega uppnefni. Andstæðingar breytinga í ljóðagerð gripu það á lofti og uppnefndu ungu skáldin með þessu orði. Voru þau ásökuð um að geta ekki ort, ljóð þeirra væru ekki skáldskapur heldur eitthvað sem allir gætu sett saman. Á seinni árum hefur orðið fengið hlutlausa merkingu, bókmenntalegt hugtak um hóp skálda á ákveðnu tímaskeiði í íslenskum bókmenntum og ljóð þeirra kölluð atómljóð.



Nokkur atómskáld

Einar Bragi
Hannes Sigfússon
Jón Óskar
Jónas Svafár
Sigfús Daðason
Stefán Hörður Grímsson
Steinn Steinarr



Leifur Haraldsson hét maður sem var kostgangari á Ingólfskaffi í Reykjavík á árum áður. Eitt sinn var honum borinn matur sem honum líkaði ekki. Hann neitaði að borða matinn og sendi hann til baka í eldhúsið. Þegar hann svo las skammargrein í Alþýðublaðinu um atómskáldin sem blaðið sagði að væru ófær um að yrkja kom andinn yfir Leif og hann orti:

Atómskáldin yrkja kvæði
án þess að geta það.
Á Ingólfskaffi ég er í fæði
án þess að éta það.

Ádeila

Í ádeiluskáldskap er að finna gagnrýni á viðhorf, venjur eða siði í samfélaginu. Sem dæmi um atriði sem eru gagnrýnd má nefna misrétti, stéttaskiptingu, hernað, neysluhyggju, trúarbrögð, lífsgæðakapphlaup, mengun og stóriðju, skort á hluttekningu og skort á umhyggju fyrir nágrönnum sínum.

Á hringvegi ljóðsins – brot

Ég skal fara um þig orðum
En umfram allt burtu héðan
Úr helvíti neysluskyldunnar
Sljóleika margtuggunnar
Eitri dagblaðasúpunnar

Sigurður Pálsson

Liðsinni

Blöð og útvarp flytja okkur fregnir
af þjóðarmorðunum
og nú ber öllum skylda til hluttekningar:

svo við rífum úr okkur hjörtun,
heingjum þau utaná okkur
einsog heiðursmerki
og reikum úti góða stund

áður en við leggjumst til svefns
á afglöpum okkar
og snúum okkur heilir og óskiptir
að draumlífinu.

Þorsteinn frá Hamri

Ástarsaga

Í ástarsögum er ástin í brennidepli. Sögupersónur glíma oftar en ekki við einhverja erfiðleika sem tengjast samskiptum þeirra á milli og hindra hamingju þeirra. Sem dæmi má nefna illgjarnt slúður, afbrýðisemi og ófyrirsjáanlega atburði. Algengt er að sögupersónur nái saman í lokin. Þótt sögur hafi ástina að viðfangsefni er ekki víst að þær flokkist sem ástarsögur. Ástarsaga getur verið sögð í bundnu máli jafnt sem óbundnu.

Þó að kali heitur hver,
hylji dali jökull ber,
steinar tali og allt hvað er,
aldrei skal ég gleyma þér.

Vatnsenda-Rósa



Barnabækur

Fyrstu bækur sem voru ætlaðar börnum komu út í Evrópu á 18. öld. Þær voru ekki hugsaðar sem afþreyingarbókmenntir líkt og margar nútíma barnabækur heldur var þeim ætlað að vera uppbyggjandi, fræðandi og siðbætandi. Á Íslandi var lengi vel aðeins hægt að fá þýddar barnabækur eða bækur sem samdar voru af mönnum sem bjuggu erlendis. Fyrsta barnabókin á íslensku hét *Sumargjöf handa börnum*. Hún kom út árið 1795.

Á næstu öldum þróuðust barnabækur áfram til þess sem við þekkjum. Þær voru og eru af ýmsum gerðum, margar þýddar, aðrar frumsamdar. Sumar jarðbundnar raunsæissögur, ævintýri, bækur sem er ætlað að örva ímyndunarafl barna og sköpunargleði, stelpubækur og strákabækur, bækur sem ætlað er að taka á ýmsum vandamálum í nútímaþjóðfélagi, bækur með sálfræðilegum átökum, bækur sem er ætlað að hvetja börn til dáða.

Sumar bækur taka á erfiðum málum

- dauðsfall
- einelti
- fátækt
- fötlun
- ofbeldi
- skilnaður
- stríð
- vinslit

Margar gerðir barnabóka

- prakkarasögur
- vandamálasögur
- ævintýrasögur
- uppbyggilegar sögur
- siðbótarsögur
- þroskasögur

Barnagæla

Barnagæla er heiti yfir kveðskap sem er ætlað að höfða til barna. Barnagæla getur verið þula, kvæði eða vísa, sungin með börnum eða fyrir þau, eitt erindi eða mörg. Oft eru barnagælur gamansamar en þær geta líka haft það markmið að hræða börn til hlýðni, koma þeim í ró fyrir svefninn eða gera þau að betri málnotendum.

Brot úr Ljúflingsdillu

Sofi, sofi, sonur minn;
sefur selur í sjó,
svanur á báru,
már í hólmi,
manngi þig svæfir,
þorskur í djúpi.
Sofðu, ég unni þér.

Kýr á básí,
kálfur í garða,
hjörtur á heiði
en í hafi fiskar,
mús undir steini,
maðkur í jörðu,
ormur í urðu.
Sofðu ég unni þér.

Við skulum ekki hafa hátt,
hér er margt að ugga.
Ég hef heyrt í alla nátt
andardrátt á glugga.

Þjóðvísa

Bein mynd

Ein tegund myndmáls er bein mynd. Þá er dregin upp einföld, listræn og oft áhrifamikil mynd úr veruleikanum án líkinga. Höfðað er til sjónar svo lesandinn eigi auðvelt með að sjá myndina í huga sér.

Slysaskot í Palestínu – brot

Lítil stúlka. Lítil stúlka.
Lítil svarteyg, dökkhærð stúlka
liggur skotin.
Dimmrautt blóð í hrokknu hári.
Höfuðkúpan brotin.

Kristján frá Djúpalæk

Bein og óbein ræða

Bein ræða er notuð þegar eitthvað er haft orðrétt eftir fólki. Bein ræða er afmörkuð á einhvern hátt, yfirleitt með gæsalöppum. Þegar óbein ræða er notuð er ekki endilega haft orðrétt eftir fólki en þess gætt að innihaldið komist rétt til skila. Stundum þarf að hnika orðaröð eða bæta inn orði til að orðalagið verði gott. Í fréttatexta er algengt að sjá óbeina ræðu. Bein ræða er mikið notuð í þjóðsögum.

Sögumaður eða rithöfundur getur valið milli þess að nota beina ræðu eða óbeina. Með því að láta persónurnar tala í staðinn fyrir að hafa eftir þeim það sem þær segja má gæða textann meira lífi.

Biskupasögur

Biskupasögur tilheyra flokki íslenskra fornsagna. Í þeim er rakin saga íslensku biskupanna í Skálholti frá 1056 og á Hólum frá 1106. Þær voru flestar skráðar á 13. og 14. öld. Biskupasögur skiptast í helgar ævisögur og helgisögur. Helgisögur fjalla um dýrlinga sem gátu gert kraftaverk. *Hungurvaka* er elst biskupasagna. Í henni er sögð saga fimm fyrstu biskupanna í Skálholti. Oft eru höfundar biskupasagnanna óþekktir.

Boðskapur

Skilaboð eða lærdómur sem lesandi á að draga af sögu er kallaður boðskapur. Einstaka sinnum er boðskapurinn tekinn fram í hnitmiðaðri línu í lok sögu sem nokkurs konar eftirmáli. Algengara er þó að lesandi eigi að átta sig á honum sjálfur. Stundum notar höfundur einhverja persónu sem málpípu fyrir skoðun sína eða lífsviðhorf. Boðskapur sögu er ekki alltaf alveg ljós og jafnvel sér lesandinn annan boðskap en þann sem höfundur hafði sjálfur í huga.

Til þess að finna boðskap sögu getur verið gott að spyrja: Hvað vill höfundur segja? Hvaða skilaboðum vill hann koma á framfæri? Hvaða lærdóm vill hann að lesandinn öðlist?

Úr bókaumfjöllun

„Sagan hefur mjög skýran boðskap, annars vegar til íslensku þjóðarinnar um að gleyma ekki að standa vörð um náttúru sína. Hins vegar er boðskapurinn um að mannkostir verða ekki mældir í merkjavöru, vinafjölda á Facebook eða fjölda utanlandsferða."

Dæmi um boðskap

- siðferðileg mál
- hugsa vel um náungann
- vera fordómalaus
- lifa heilbrigðu lífi
- sinna samfélagsskyldum
- vera heiðarlegur
- hugsa vel um náttúruna

Bókmenntarýni

Þegar skáldverk er lesið bregst lesandinn við efni textans. Hann greinir, meðvitað eða ómeðvitað, hann túlkar og myndar sér skoðun. Þessi viðbrögð má kalla bókmenntarýni. Venja er að skipta henni í þrennt; lýsingu, túlkun og mat.

- Lýsing felst í því að greina hlutlægt frá efni bókarinnar og fjalla um byggingu, frásagnarhátt, persónusköpun, umhverfi og tíma.
- Túlkun snýst um að útskýra efnið og rökstyðja með því að vísa í atriði í textanum, skoða boðskap, hneigð o.fl. Undir yfirborði bókmenntatexta liggur merking, eitthvað sem ekki er sagt berum orðum. Sá sem túlkar textann dregur þessa merkingu fram og tengir hana mannlegri reynslu eins og hún birtist utan bókmenntaverksins.
- Mat felst í persónulegu og huglægu mati lesandans á verkinu.

Bókmenntasaga

Bókmenntasaga er vítt hugtak. Það nær í raun yfir sögu og þróun bókmennta frá upphafi til dagsins í dag. Margar erlendar þjóðir eiga mun lengri bókmenntasögu en Íslendingar. Okkar saga er um margt svipuð sögu nágrannaþjóðanna en ýmislegt er þó einstakt við hana, t.d. fornbókmenntir. Algengt er að skipta bókmenntasögu upp í tímabil og tala um fornbókmenntir, miðaldabókmenntir og nútímabókmenntir. Aðrar greinar eiga sér hliðstæða sögu, og tengjast að mörgu leyti hver annarri, nefna má listasögu, menningarsögu, tónlistarsögu og menntasögu.

Í hnotskurn
- lýsing
- túlkun
- mat

Bókmenntatímabil
söguöld
sagnaritunaröld
lærdómsöld
upplýsingaröld
rómantík
raunsæi
nýrómantík
módernismi
póstmódernismi

Bókmenntastefna

Skilgreina má hugtakið bókmenntastefna sem bókmenntaleg viðhorf eða einkenni sem móta verk rithöfunda á tilteknu tímabili. Sem dæmi um bókmenntastefnur má nefna *rómantík*, *upplýsingu* eða *raunsæi*. Þótt hver bókmenntastefna sé afmörkuð með tilteknum ártölum eru skilin oft óljós og tímabil renna saman. Einkenni hvers tímabils koma ekki aðeins fram í bókmenntum heldur einkenna þau strauma og stefnur í þjóðfélagsmálum, listum og menningu á hverjum tíma.

Bragarháttur

Bragur er samheiti orðsins kvæði. Bragarháttur merkir því hvernig kvæðinu er háttað til, hvernig það er formað og hvaða formreglum er fylgt. Hægt er flokka bundið mál eftir því hve margar ljóðlínur erindin hafa, eftir atkvæðafjölda í hverri ljóðlínu, hrynjandi, rími og stöðu þess í erindinu. Hver flokkur er síðan kallaður bragarháttur. Til er fjöldinn allur af bragarháttum, bæði íslenskum og erlendum. Ferskeytlan er líklega þeirra algengastur.

> ***Afhenda***
> *Þegar sólin sest er eins og sjórinn logi.*
> *Þá er gott í Grafarvogi.*
>
> *Ragnar Ingi Aðalsteinsson*

Brageyra

Fólk sem hefur hæfileika eða næmleika til þess að semja ljóð eftir réttum bragreglum er sagt hafa brageyra. Oft er talað um að hægt sé að þjálfa brageyra, að sumir séu með næmt brageyra eða lélegt, jafnvel ekki neitt. Margir hafa þá trú að gott brageyra auki hæfileika til að skrifa réttan texta eða læra utanbókar ýmsan texta t.d. til söngs, og fleira. Hægt er að hafa brageyra án þess að yrkja sjálfur.



Nokkrir þekktir bragarhættir

Afhenda, braghenda, draghenda, dróttkvæður háttur, dverghenda, fornyrðislag, langhenda, limra, ljóðaháttur, málaháttur, nýhenda, runhenda, samhenda, skammhenda, sonnetta, stafhenda, stikluvik, stúfhenda, úrkast og vikhenda.



Bragfræði

Ein undirgrein bókmenntafræðinnar kallast bragfræði. Hún fjallar um skipulag og reglur hefðbundins kveðskapar eða bundins máls, s.s. rím, ljóðstafi, atkvæðafjölda og línufjölda. Einnig um bragliði, áhersluatkvæði og áherslulaus. Til þess að geta sett saman rétt kveðnar vísur er nauðsynlegt að kunna eitthvað fyrir sér í bragfræði.

Ljóðstafir, sérhljóðar	***Y**fir kaldan **ey**ðisand*	*Karlrím = **sand – land***
	***ei**nn um nótt ég sveima.*	*Kvenrím = **sveima – heima***
Ljóðstafir, samhljóðar	***N**ú er horfið **N**orðurland,*	*Víxlrím = **sand – sveima – land – heima***
7 atkvæði,	*1 2 3 4 5 6 7* ***n**ú á ég hvergi heima.*	*Ljóðlína = nú á ég hvergi heima.*
3 bragliðir	*1 2 3* *Kristján Fjallaskáld*	

Bragliður

Bragliður er hugtak sem notað er í bragfræði. Í hverri ljóðlínu eru nokkrir bragliðir sem mynda hrynjandina eða taktinn í ljóðinu. Í íslensku er aðaláhersla á fyrsta atkvæði hvers orðs og létt á því næsta. Saman mynda þessar þungu og léttu áherslur einingu sem kallast bragliður.

Í Íslenskum kveðskap er oftast talað um þrjár mismunandi gerðir af bragliðum:

Tvíliður:	Tvö atkvæði, það fyrra með þungri áherslu, hitt áherslulétt.	Yfir *kald an* eyðisand
Stúfur:	Eitt áhersluatkvæði í enda ljóðlínu.	Yfir kaldan eyði*sand*
Þríliður:	Þrjú atkvæði, það fyrsta með þungri áherslu, hin tvö áherslulétt.	*Syng jan di sæll og glaður.*

Bréf

Bréfaskriftir milli fólks hafa þekkst síðan í fornöld og bréf með bókmenntalegt gildi hafa verið skrifuð um aldir, sum hver hugsuð til útgáfu en önnur ekki. Margir rithöfundar hafa notað bréfaskriftir samhliða öðrum skrifum, bæði til persónulegra nota og með það í huga að þau yrðu birt. Talað er um sérstakan sendibréfastíl sem einkennir bréfaskrifin, það er stíll sem sjaldan finnst í hefðbundinni skáldsögu. Stundum hafa heilu bækurnar verið skrifaðar sem sendibréf tveggja eða fleiri persóna. Slíkar bækur eru jafnan kallaðar bréfaskáldsögur.

Bréf hafa heilmikið heimildagildi, t.d. er hægt að lesa úr þeim hvernig fólk hugsaði á þeim tíma sem þau voru skrifuð, um ástamál, samskipti, rökræður, svo að ekki sé talað um málfar og stafsetningu, orðaval og frágang.

Elskulegasta sonardóttir.

Þakka þér ævinlega fyrir allar hlýjar kveðjur og hugulsemi. Eftir heimsóknina til þín í Eyjafjörðinn rifjaðist upp fyrir mér, að pilturinn þinn geðugi er líklega skyldur stúlku, sem afi þinn heitinn hafði mikið dálæti á, þegar hann var ungur og ólofaður. Ekki svo að skilja að það hafi verið annað en venskapur millum þeirra, en þó er aldrei að vita því ekki hafði hann mikinn frið fyrir kvenfólki, minn elskulegi ektamaður. Ég held skal ég þér segja, að ömmusystir vinar þíns sé þessi stúlka. Þú mátt endilega spurja hann, hvort það kunni að vera að hún Steinfríður heitin frá Litla-Koti sé skyld honum. Allt hennar fólk eru hinar ágætustu manneskjur, svo það mundi ekki draga úr ánægju minni að veta til þess, að þú mægðist við það fólk. Svo langar mig að trúa þér fyrir því, að hann Áki föðurbróðir þinn var ekki svo lítið skotinn í stúlku úr þessari familíju, áður en hann kynntist sinni fínu frú, og ég held svei mér þá að hann hafi bara alltaf séð eftir henni. Áki var hins vegar svo kvensamur, að ég held að stúlkunni hafi verið ráðið frá öllu samneyti við hann. Þetta sagði mér ólygin kona fyrir margt löngu. Enda kom á daginn, að Áki átti tvo drengi með stúlku framan úr firði, en það vissi enginn neitt um fyrr en þeir voru orðnir stálpaðir. Svona var nú lífið í þá daga.

Þú mátt vita fyrir að ég hugsa til þín daglega og bíð eftir bréfi. Vertu ævinlega sem blessuðust og guði falin.

Þín föðuramma.
Sigurrós



Bundið mál og óbundið

Bundið mál nær yfir allar tegundir af ljóðlist. Upphaflega vísaði hugtakið til þess að textinn var bundinn með ljóðstöfum og rími og farið eftir tilteknum reglum um atkvæðafjölda þegar orð voru valin eða þeim raðað saman í ljóðlínur. Stundum er formið hins vegar óhefðbundið og ekki farið eftir neinum reglum en orðalag og myndmál skapa ljóðræna heild sem hefur í för með sér að talað er um bundið mál en ekki óbundið.

Bygging

Allar frásagnir hafa einhvers konar byggingu, bæði bundið mál og óbundið. Við hefðbundna umfjöllun eða greiningu skáldsagna er gert ráð fyrir byggingu sem skiptist í þrennt, þ.e. kynningu, flækju og lausn. Í kynningu eru persónur kynntar til sögunnar og sagt frá aðstæðum þeirra. Flækja er annað orð yfir sjálfan söguþráðinn sem nær hámarki í risi sögunnar. Sögu lýkur svo með lausn flækjunnar eða niðurlagi. Skiptingin er ekki alltaf alveg skýr og stundum geta þættir skarast eða fléttast saman. Þessi bygging er oft kölluð flétta sögunnar.

Þegar bygging er skoðuð er gott að velta fyrir sér

- Hvernig hefst sagan?
- Hvernig er atburðarásin byggð upp?
- Hvernig er sagan gerð spennandi?
- Hvaða atburðir eiga sér stað áður en sagan nær hámarki?
- Hvar nær sagan hámarki?
- Hvernig endar sagan?

Flétta eða söguþráður

- kynning: upphaf sögu eða inngangur
- flækja: atburðarás sem inniheldur stígandi og ris
- lausn: niðurlag eða lok sögu

Dagbók

Dagbækur eru dagleg skrif einstaklinga um líðandi atburði ákveðins tímabils. Stundum halda stofnanir dagbækur. Í dagbókum er fjallað um óskylda hluti, t.d. mataræði, veðurfar, atburði líðandi stundar, tilfinningar og reynslu höfundar. Rithöfundar nota stundum dagbókarformið þegar þeir skrifa skáldsögur. Þá velja þeir sjónarhorn sögupersónu og skrifa í 1. persónu eintölu. Til eru heilar skáldsögur skrifaðar með dagbókarformi en algengara er að það sé notað sem hluti af skáldsögu.



Dróttkvæði

Orðið drótt er gamalt og merkir hirð. Dróttkvæði og eddukvæði eru tveir helstu flokkar fornnorræns skáldskapar. Dróttkvæðin eru mun stærri flokkur en eddukvæði. Þau innihalda yfirleitt lof um höfðingja eða eru lausavísur af einhverju tagi. Dróttkvæðin eru oft myrk og myndmál þeirra torskilið. Undir dróttkvæðum hætti er hver vísa oftast átta ljóðlínur og hver lína sex atkvæði. Orðaröð er oftast sundurslitin og mikið um svokölluð heiti og kenningar.

Öfugt við eddukvæðin eru dróttkvæðin yfirleitt eignuð ákveðnum skáldum. Ber þar hæst Egil Skallagrímsson sem fyrstur Íslendinga orti lofkvæði til konunga.

Þat mælti mín móðir,
at mér skyldi kaupa
fley ok fagrar árar
fara á brott með víkingum,
standa upp í stafni,
stýra dýrum knerri,
halda svá til hafnar,
höggva mann ok annan.

Egill Skallagrímsson, sjö vetra

Úr Sláttuvísum

Glymur ljárinn, gaman!
Grundin þýtur undir.
Hreyfir sig í hófi
hrífan létt mér ettir,
heft er hönd á skafti,
höndin ljósrar drósar.
Eltu! Áfram haltu!
Ekki nær mér, kæra!

Jónas Hallgrímsson



Dæmisaga

Dæmisaga er stutt frásögn í bundnu eða óbundnu máli. Eitt helsta einkenni hennar er að hún inniheldur boðskap sem ætlast er til að lesandi dragi lærdóm af. Viðfangsefnið tengist oft mannlegum breyskleika, s.s. græðgi, öfund, drambi og nísku. Boðskapurinn er oft settur fram með líkingu sem lesandinn þarf að skilja til að átta sig á honum. Stundum eru sögur eins konar blanda af dæmisögu og ævintýri. Það á t.d. við um sögu H.C. Andersen um nýju fötin keisarans. Eitt þekktasta safn dæmisagna eru líklega *Dæmisögur Esóps*. Lítið er vitað um Esóp þennan en álitið er að hann hafi verið uppi á 6. öld f.Kr. Líklega var hann þræll einhvers staðar á grísku eyjunum. Seinna var farið að safna sögum hans saman og nú skipta þær hundruðum.

Refurinn og vínberin

Dag nokkun læddist hungraður refur inn í víngarð til að leita sér ætis. Vínberin voru fullþroskuð og héngu í fögrum, purpuralitum klösum á vínviðargreinunum. En þær höfðu verið látnar vaxa uppeftir háu grindverki. Og hvernig sem refurinn teygði sig og stökk náði hann jafnvel ekki til neðstu greinanna. Um síðir gafst hann upp, sneri ólundarlegur til baka og tautaði: „Hvern gæti langað í önnur eins ber og þessi? Það sjá allir að þau eru súr eins og grænar sítrónur."

Dæmisögur Esóps: Þýðing: Þorsteinn frá Hamri

Nokkrar Æsópiskar dæmisögur (brot)

Haninn rótar haugi í
og hittir perlu í sorpi því;
byggkorn, segir hann, betra er mér
en birta sú sem stendur af þér.
Heimskum lukkan hnossið oft
í hendur ber.

Furðaði sig firða drótt,
fjöllin tóku léttasótt;
af felmtri og ugg er fólkið þreytt,
fæddist músargreyið eitt.
Hlýst oft smátt af höggi því, sem hátt er reitt.

Páll Vídalín

firða drótt: allir menn

Eddukvæði

Eddukvæði og dróttkvæði eru tveir helstu flokkar skáldskapar á fornnorræna tungu. Þegar landnámsmenn settust að á Íslandi á 9. öld fluttu þeir þessar bókmenntir með sér og hér varðveittust þær. Eddukvæði eru stór flokkur af höfundarlausum skáldskap sem skiptist í goðakvæði og hetjukvæði. Goðakvæðin fjalla um norrænu goðin, þekktust þeirra eru Hávamál og Völuspá. Hávamál er jafnframt lengsta eddukvæðið, 164 erindi. Hetjukvæðin fjalla um bæði raunverulegar og óraunverulegar hetjur sem lenda í miklum og harmþrungnum átökum.

Ein skýring á nafninu eddukvæði er að edda þýðir langamma eða sú sem geymir fornan fróðleik. Önnur er sú að orðið sé dregið af latnesku sögninni edo, ég rita eða yrki. Safnið hefur líka verið kallað Sæmundar-Edda en það er byggt á misskilningi 17. aldar manna sem héldu að Sæmundur fróði hefði safnað kvæðunum saman.

Eddukvæðin eru oftast ort undir bragarhætti sem kallast fornyrðislag. Hann hefur átta ljóðlínur. Ljóðaháttur er einnig algengur bragarháttur í eddukvæðum. Hann hefur sex ljóðlínur. Á tíma rómantíkur á 19. öld urðu þessir bragarhættir aftur vinsælir meðal skálda. Þá horfðu þau til fortíðar með aðdáunaraugum og rifjuðu upp sögur af glæstum hetjum og dáðum þeirra.

Úr Hávamálum

Vin sínum
skal maður vinur vera,
þeim og þess vin.
En óvinar síns
skyli enginn maður
vinar vinur vera.



Úr Völuspá

Sal sér hún standa
sólu fegra,
gulli þaktan
á Gimlé.
Þar skulu dyggvar
dróttir byggja
og um aldurdaga
yndis njóta.



Endurlit

Hefðbundin frásögn í skáldskap líður áfram í réttri tímaröð. Stundum er frásögn skyndilega brotin upp og farið aftur í tímann. Þá er sagt frá atburðum sem gerðust áður en sagan hófst eða það rifjað upp sem áður hefur verið sagt frá. Slík frásagnaraðferð kallast endurlit. Hlutverk þess getur verið að skapa spennu eða bæta við upplýsingum um persónur skáldverksins. Endurlit er algeng frásagnaraðferð í nútímakvikmyndum og sjónvarpsþáttum og hefur verið notuð í bókmenntum í margar aldir.

Grettir sat við gluggann á hótelherberginu og horfði út á sjóinn. Stór kökkur í hálsinum og hjartað barðist um í brjósti hans. Þvílík vandræði sem hann hafði komið sér í, þvílíkur klaufagangur og óheppni. Hann gæti ekki litið framan í nokkurn mann næstu árin. Í fjarska sá hann flutningaskip á siglingu. Skip líkt og pabbi hans hafði unnið á alla sína ævidaga. Grettir lokaði augunum og sá pabba sinn fyrir hugskotsjónum. – Niður landganginn gengur einkennisklæddur maður, pabbi hans. Hann fullur eftirvæntingar og tilhlökkunar. Nú yrði allt betra heima, nú yrði hlegið og gantast. Gestir í stofunni. Ísskápurinn fullur af gómsætum mat. Göngutúrar og bíóferðir. Friður, ró, öryggi.

SKS

Endurminningar

Endurminningar eru ein gerð ævisagna. Í ævisögum er fjallað um stóran hluta ævi einstaklings. Endurminningar fjalla hins vegar um afmarkaðan tíma í lífi einstaklings eða tiltekna atburði sem hann hefur upplifað. Stundum eru endurminningar að hluta til skáldaðar. Algengt er að ýmsir þjóðþekktir einstaklingar skrifi endurminningar sínar eða fái einhvern annan til þess að skrifa þær fyrir sig eftir tilsögn.

> *Þegar ég sit í þögn og ró og sendi hugann inn í lönd þess lengst um liðna, bregður fyrir einni og einni skýrri mynd – en umhverfis er óminnisskuggi og þögn. Þessar skýru myndir hafa stöðvast í skuggsjá barnssálarinnar og geymst þar öll þessi ár. Gleði, sorg eða einhver önnur sterk öfl hafa fest sumar í skuggsjánni, en nokkrar virðast svo hversdagslegar og í engu frábrugðnar, að okkur er það ráðgáta, hversvegna þær hafa mótazt í barnsminnið ööru fremur, - eins og t.d. þetta, sem ég held að sé mín allra fyrsta minning: Ég stend við rúmstokk og man hvernig ég er klædd. Ekkert annað. – En verið mér allar velkomnar, litlu myndir á fletinum dimma!*
>
> *Hulda: Úr minningablöðum*

Endurtekning

Endurtekningar eru ein gerð stílbragða. Þær felast í því að endurtaka sama orðið, sömu setningu, ljóðlínu eða atburð. Stundum er orði eða setningu breytt örlítið, t.d. notaðar mismunandi beygingarmyndir af sama orði, s.s. daglega, dagur, degi. Endurtekningar finnast jafnt í bundnu sem óbundnu máli.

Tilgangurinn með endurtekningum er að skapa stemmningu, auka áhrifamátt, leggja þunga á merkingu sem fram kemur í textanum eða draga athygli að einhverju ákveðnu, t.d. tilfinningum. Endurtekningar fá lesandann til að staldra við og íhuga, velta vöngum, jafnvel rifja upp það sem áður hefur verið sagt eða leggja það á minnið.

Endurminningabækur

- *Bernskuminning*: Ragnheiður Sverrisdóttir
- *Hann var kallaður „Þetta“*: Dave Pelzer
- *Litið til baka:* Kristinn Sæmundsson
- *Umkomulausi drengurinn:* Dave Pelzer



Haust

Nú daprast hagur dalaranns,
nú deyja allar vonir manns,
nú svíða gömul sár.
Nú syrgja þeir og sakna mest,
er sumarlífið áttu bezt.
Nú hrynja – hrynja tár.

Benedikt Gíslason frá Hofteigi

Bíddu hérna, Garún, Garún,
meðan eg flyt hann Faxa, Faxa,
upp fyrir garða, garða.

Úr þjóðsögunni Djákninn frá Myrká

Ég segi, hef sagt og mun segja: sá fiskur sem ekki sýngur um allan heim, það er dauður fiskur. Það má ekki seinna vera að við hér á Íslandi förum að hafa sýngjandi fisk – með slaufu. Velkominn heim, kæri landi, að þínu forna og nýja borði hér á Laungustétt! Við trúum á þig. Þú ert hinn sýngjandi fiskur þessa lands þó það sé ég de la Gvendur sem segi það! Skál.

Halldór Kiljan Laxness: Brekkukotsannáll

Erfiljóð

Ljóð sem eru ort til minningar um látna manneskju eru kölluð erfiljóð. Þau eru oft tregablandin en stundum er þeim ætlað að halda minningu hins látna á lofti eða rifja upp þætti úr ævi hans. Erfiljóð hafa lengi tilheyrt vinsælli grein skáldskapar á Íslandi.

Eftir Tómas Sæmundsson, vin og Fjölnismann

„Dáinn, horfinn!" – Harmafregn!
Hvílíkt orð mig dynur yfir!
En ég veit, að látinn lifir.
Það er huggun harmi gegn.
Hvað væri annars guðleg gjöf,
geimur heims og lífið þjóða?
Hvað væri sigur sonarins góða?
Illur draumur, opin gröf.

Jónas Hallgrímsson

Eftir Jónas Hallgrímsson

Íslands varstu óskabarn,
úr þess faðmi tekinn
og út á lífsins eyðihjarn
örlagasvipum rekinn.

Langt frá þinni feðra fold,
fóstru þinna ljóða,
ertu nú lagður lágt í mold,
listaskáldið góða.

Grímur Thomsen

Erindi

Kveðskap er gjarnan skipt í einingar sem kallast erindi. Lengd erinda og fjöldi þeirra getur verið mjög mismunandi. Erindi finnast bæði í hefðbundnum og óhefðbundnum kveðskap. Sumir bragarhættir hafa fastmótaðar reglur um fjölda erinda, t.d. bragarhátturinn sonnetta.

Fabla

Þegar atburðarás sögu er rakin í örstuttu máli er hún oft nefnd fabla. Þá er ekki gerð grein fyrir einstökum persónum, umhverfi eða tíma heldur sagt frá helstu þáttum í atburðarásinni í réttri tímaröð.

Fabla skáldsögunnar Núll núll 9 eftir Þorgrím Þráinsson

Þekkt persóna í íslensku þjóðlífi finnst myrt, frægri tónlistarkonu er rænt og forseta Íslands er sýnt banatilræði. Voveiflegir atburðir sem snerta alla þjóðina. Örlög íslensku þjóðarinnar eru í húfi þegar erlend ríki ásælast auðlegð Íslands. Aðeins einn maður virðist geta forðað þjóðinni frá því að lenda í höndum óprúttinna glæpamanna.

Fagurbókmenntir

Hugtakið fagurbókmenntir er notað yfir bókmenntaverk sem talin eru hafa mikið bókmenntalegt gildi. Þær njóta ákveðinnar virðingar meðal lesenda og eru nokkurs konar andstæða við afþreyingarbókmenntir og reyfara. Í fagurbókmenntum er oft einblínt á listræna framsetningu, stílbrögð, persónusköpun og dýpt og þær krefjast oft bæði einbeitingar og íhugunar lesanda.

Mynd túnglsins dofnaði þegar birti. Yfir hafinu var svartur veðramökkur í aðsigi. Hann heldur áfram inná jökulinn, á vit aftureldingarinnar, búngu af búngu, í djúpum nýföllnum snjó, án þess að gefa þeim óveðrum gaum, sem kunna að elta hann. Barn hafði hann staðið í fjörunni í Ljósuvík og horft á landölduna sogast að og frá, en nú stefndi hann burt frá sjónum. Hugsaðu um mig þegar þú ert í miklu sólskini. Bráðum skín sól upprisudagsins yfir hinar björtu leiðir þar sem hún bíður skálds síns.
Og fegurðin mun ríkja ein.

Halldór Laxness: Heimsljós

Ferskeytla

Einn vinsælasti bragarhátturinn hér á landi er kallaður ferskeytla. Ferskeytla hefur fjórar ljóðlínur og endarím. Rímið kallast víxlrím, því fyrsta og þriðja lína lína ríma saman og svo önnur og fjórða. Rímið í fyrstu og þriðju línu er eitt atkvæði (karlrím) en í annarri og fjórðu er rímið tvö atkvæði (kvenrím). Í fyrstu og þriðju línu eru bragliðir fjórir en þrír í annarri og fjórðu. Ljóðstafir (stuðlar og höfuðstafur) eru notaðir samkvæmt reglum þar um.

Ferskeytlan er Frónbúans
fyrsta barnaglingur,
en verður seinna í höndum hans
hvöss sem byssustingur.

Andrés Björnsson frá Brekku

Ástin hefur hýrar brár
en hendur sundurleitar.
Ein er mjúk en önnur sár
en þó báðar heitar.

Sigurður Breiðfjörð

Undarleg er íslensk þjóð:
Allt sem hefur lifað,
hugsun sína og hag í ljóð
hefur hún sett og skrifað.

Stephan G. Stephansson

Flétta

Hugtakið flétta tilheyrir því sem kallað er bygging sögu. Stundum er fléttan nefnd söguþráður eða atburðarás. Fléttan skiptist í upphaf eða kynningu, flækju og lausn. Til að lýsa fléttunni er gott að rekja söguþráðinn eftir tímaröð, lýsa atburðarásinni og segja frá helstu persónum og sögusviði eða umhverfi.

Ævintýrið um Búkollu er vel þekkt – en um hvað fjallar það, hvernig er fléttan?

Kynning: *Karl og kerling búa í koti sínu ásamt syni sínum og kúnni Búkollu.*

Flækja: *Dag einn hverfur kýrin. Karlssonur heldur af stað í leit að henni. Hann finnur hana hjá skessu og heldur af stað með hana heim. Skessan eltir hann ásamt dóttur sinni. Frásögnin af leitinni hefur ákveðna stígandi sem nær hámarki í risi sögunnar þegar skessan festist í gatinu.*

Lausn: *Karlssonur nær heim með kúna.*

Flökkusaga

Flökkusögur eru frásagnir úr samtímanum sem eiga það sammerkt að vera uppspuni frá rótum. Við fyrstu sýn lítur út fyrir að sagt sé frá sönnum atburðum en þegar betur er að gáð kemur í ljós að sögurnar eru ýktar eða upplognar. Þær skjóta upp kollinum aftur og aftur; í heita pottinum, á kaffihúsum, í frímínútum eða með öðrum orðum – þar sem fólk kemur saman og spjallar. Margar þeirra segja frá hrollvekjandi atburðum sem jafnvel fá hárin til að rísa. Nefna má atriði sem lesanda finnst óþægileg, s.s. frásagnir af morðum, slysum, kynferðismálum, sjúkdómum eða frásagnir þar sem fólk er niðurlægt.



Síðastliðið sumar lenti ein stelpa í alveg ótrúlegu máli. Hún fór til sólarlanda, sem er svo sem ekki í frásögur færandi. Nema hvað. Þegar hún var nýkomin heim tók hún eftir bólu í hársverðinum rétt fyrir ofan ennið. Hún stóð fyrir framan spegil og fór að fikta í bólunni. Kroppaði aðeins í hana. Þá kom út fullt af pínulitlum kóngulóm. Hún hafði greinilega verið bitin í útlöndum.

SKS

Flækja

Flækja er hluti af byggingu sögu, stundum kölluð atburðarás. Hún er stærsti hluti hefðbundinnar skáldsögu, kemur á eftir kynningu og á undan lausn. Í flækjunni stigmagnast atburðarásin og hún nær síðan hámarki í risi sögunnar.

Form

Þegar talað er um form texta er fyrst og fremst horft til útlits hans. Bygging er skylt hugtak en á við um efnistökin. Umfjöllun um form fer eftir því hvort verið er að lýsa bundnu máli eða óbundnu, skáldsögu, ævisögu, leikriti, þjóðsögu eða annarri bókmenntagrein.

Ljóðum er lýst með því að taka fram hversu erindin eru mörg eða ljóðlínurnar margar, fjölda atkvæða í hverri línu og fleira sem talið er skipta máli. Hluti af formi ljóðs getur falist í því



hvernig höfundur leikur sér að bókstöfum eða greinarmerkjum. Hann getur t.d. ákveðið að nota eingöngu lágstafi eða engin greinarmerki.

Þegar form óbundins máls er skoðað eru blaðsíður taldar, kaflaskipting, fyrirsagnir og fleira sem talið er mikilvægt að nefna.

Fornaldarsögur Norðurlanda

Fornaldarsögur Norðurlanda eiga sér ekki endilega stað á Norðurlöndum líkt og nafnið bendir til heldur víðs vegar um norðanverða Evrópu. Söguefni þeirra má rekja allt aftur til fjórðu og fimmtu aldar. Þetta eru þær sögur sem sagðar voru til skemmtunar á íslensku á miðöldum og lengi síðar. Íslendingasögurnar eru yfirleitt hófstilltar í frásögn sinni og ýkjulausar en fornaldarsögurnar eru alger andstæða. Þær eru oft á mörkum þess að vera hrein ævintýri. Oftast segja þær frá hetjum og víkingum sem voru eða voru ekki uppi á fyrrgreindum tíma því að sumar persónurnar eru hreinn skáldskapur.

Sem dæmi um ýkjustíl fornaldarsagnanna hafa menn þar hamskipti eins og ekkert sé, geta orðið mörg hundruð ára gamlir, margir metrar á hæð, geta ferðast um neðanjarðar jafnt sem í háloftum eða í sjó, geta skotið örvum af hverjum fingri og haft byr í seglin þótt logn sé. Í þeim er einnig að finna hinar voðalegustu ófreskjur, finngálkn og dreka ásamt tröllum, dvergum, álfum og hvers konar vættum. Sagt hefur verið að í þessum sögum birtist draumaheimur alþýðunnar og í þeim heimi er ekkert vandamál svo stórt að hetjan geti ekki leyst það. Mennirnir eru stærri, sterkari og vitrari en í raunveruleikanum og konurnar stórbrotnari og fegurri; allt verður ævintýri líkast. Þetta mikla hugarflug hafði geysilegt aðdráttarafl sem vinsældir sagnanna öldum saman sýna. Gott dæmi um þetta aðdráttarafl er rímnakveðskapur síðari alda. Varla er til sú fornaldarsaga sem ekki hefur verið sett saman ríma úr.

álfar drekar dvergar finngálkn ófreskjur tröll

Nokkrar fornaldarsögur

Ásmundar saga kappabana
Bósa saga og Herrauðs
Friðþjófs saga hins frækna
Gautreks saga
Gríms saga loðinkinna
Göngu-Hrólfs saga
Hálfdanar saga Brönufóstra
Hálfdanar saga Eysteinssonar
Hálfs saga og Hálfsrekka
Heiðreks saga
Hervarar saga og Heiðreks
Hrólfs saga Gautrekssonar
Hrólfs saga kraka
Ketils saga hængs
Norna-Gests þáttur
Ragnars saga loðbrókar
Tóka þáttur Tókasonar
Völsunga saga
Yngvars saga víðförla
Þáttur af Ragnarssonum
Þorsteins þáttur bæjarmagns
Örvar-Odds saga

Fornbókmenntir

Íslenskar bókmenntir sem rekja má til tímabilsins fyrir 1550 eru ýmist kallaðar miðaldabókmenntir eða fornbókmenntir. Orðið miðaldabókmenntir á betur við ef talað er um þetta tímabil í samhengi við heimsbókmenntir. Íslendingar áttu enga fornöld og þegar talað er um fornbókmenntir er átt við bækur sem eru frá miðöldum miðað við evrópska hefð. Árið 1550 urðu þáttaskil við siðaskipti og er hefð fyrir því að miða tímabilið í bókmenntasögunni við það ártal. Tímabilið eftir 1550 er jafnan kallað lærdómsöld.

Fornnorrænn kveðskapur

Til er töluvert af kveðskap frá 10. og 11. öld. Kveðskapurinn var ekki færður í letur fyrr en einni til þremur öldum eftir að hann var saminn. Eitthvað kann að hafa breyst í meðförum manna á þeim tíma. Flest þessara kvæða hafa varðveist á Íslandi en þau finnast einnig á hinum Norðurlöndunum. Fornkvæðin eru flokkuð í eddukvæði og dróttkvæði og hafa fastmótaðar reglur um bragform. Þau hafa skipað mjög stóran þátt í menningarfi Norðurlanda og sérstaklega Íslendinga.

Máttr es munka dróttins
mestr, aflar goð flestu.
Kristr skóp ríkr ok reisti
Rúms höll veröld alla.

Skafti Þóroddsson, lögsögumaður (1004–1030)

Helstu flokkar fornbókmennta

- fornaldarsögur Norðurlanda
- heilagra manna sögur
- Íslendingasögur
- Íslendingaþættir
- konungasögur
- samtímasögur
- riddarasögur
- biskupasögur

Frásagnarháttur getur m.a. verið

- einfaldur
- fágaður
- flókinn
- hlutlægur
- hægur
- hraður
- ljóðrænn
- raunsær

Nokkrar furðusögur

Álagadalurinn
Blíðfinnur
Brúin yfir Dimmu
Drekagaldur
Drekasaga
Dularfulla dagatalið
Galdur vísdómsbókarinnar
Gauti vinur minn
Gegnum þyrnigerðið
Gunnhildur og Glói
Fúfú og fjallakrílin
Sagan af bláa hnettinum
Sverðberinn
Þokugaldur

Frásagnarháttur

Sú leið sem höfundur velur til þess að segja sögu er kölluð frásagnarháttur eða frásagnaraðferð. Frásagnarháttur er vítt hugtak sem útskýrir hvernig höfundur segir frá, hvert er sjónarhornið, byggingin, persónusköpunin, umhverfið, tíminn, stíllinn. Algengt er að frásagnarháttur barnabóka einkennist af einfaldleika, glæpasögur af flókinni atburðarás, Íslendingasögur af hlutlægni, unglingabækur af hraða og spennu – svo fátt eitt sé nefnt.

Brot úr ritdómi

Frásagnarhátturinn er knappur og hægur, stíllinn einfaldur og engu ofaukið. Hvert orð hefur vægi, hvert tilsvar. Yfirbragðið minnir um margt á stílbrögð Íslendingasagna, sjónarhorn höfundar virkar hlutlægt en undir yfirborðinu leynist höfundur með miklar skoðanir. Einstaka sinnum er eins og klippt sé á atburðarásina, svipað og í nútímakvikmynd þar sem klipparinn hefur fengið frjálsar hendur. Endurlit er mikið notað og setur svip sinn á frásögnina, ýtir við lesandanum og minnir á löngu liðna atburði sem verður að halda til haga í sögunni. Sviðsetningin er nákvæm og auðvelt að skapa mynd af umhverfinu í huga sér.

SKS

Furðufrásögn

Hugtakið furðusaga eða fantasía á við um skáldsögur þar sem höfundur notfærir sér yfirnáttúrulega þætti á borð við töfra, skrímsli, álfa, dverga og fleira. Margar þeirra innihalda einnig stef frá miðöldum eins og prinsessur, konungdæmi og riddara. Furðufrásagnir eru skyldar vísindaskáldsögum og hrollvekjum. Þeim svipar um margt til ævintýra en öfugt við þau er reynt að skapa umhverfi og aðstæður sem líkjast að mörgu leyti raunveruleikanum þótt atburðirnir gerist í ímynduðum heimi. Algengt einkenni sagnanna er barátta milli góðs og ills.

Fyrstu persónu frásögn

Rithöfundur getur valið mismunandi sjónarhorn þegar hann skrifar sögu. Hann getur notað sögumann og skrifað fyrstu persónu frásögn. Þannig skapar hann mikla nálægð við lesendur. Sögumaður tekur beinan þátt í atburðum verksins ólíkt þriðju persónu frásögn. Sjálfsævisögur og dagbækur eru skrifaðar í fyrstu persónu. Algengt er einnig að skáldsögur um einkaspæjara, rómantískar bókmenntir og þroskasögur séu í fyrstu persónu. Með þessari frásagnaraðferð getur sögumaður ekki verið alvitur og sagt hvað aðrir hugsa eða velta fyrir sér.

> *Það var heitt í skólastofunni. Mátti skera loftið í sneiðar. Uppstoppaði lundinn á hillunni var að blikka mig. Fyrst dró hann annað augað í púng, þá hitt. Ég dró augað í púng á móti.*
>
> *Hávær snýtíng og ég hrökk í kút. Bjarni buna, umsjónarkennarinn mikli starði á mig. Ég reyndi að ná honum í skarpa, hálfvíða mynd.*
>
> *Ólafur Haukur Símonarson: Gauragangur*

Gamanleikur

Gamanleikur (kómedía) er skáldverk sem hefur þann helsta tilgang að skemmta lesendum eða áhorfendum á svolítið ýktan hátt. Oft snúast gamanleikir um misskilning af einhverju tagi. Jafnvel er hæðst að einhverju úr samtímanum og gamanleikurinn verður þannig í raun ádeila.

Glæpasaga

Glæpasögur eru stundum nefndar sakamálasögur eða spennusögur. Þær eru gjarnan flokkaðar sem afþreyingarbókmenntir. Sögurnar hafa ákveðið form sem greinir þær frá öðrum skáldskap. Auk þess sem þær fjalla alltaf um glæp innihalda þær alltaf einhverja gátu sem leysist ekki fyrr en í lok bókarinnar. Ýmis atriði eru notuð til að skapa spennu eða villa um fyrir lesendum. Þekktir íslenskir glæpasagnahöfundar eru t.d. Arnaldur Indriðason, Árni Þórarinsson, Birgitta H. Halldórsdóttir, Jón Hallur Stefánsson, Stella Blómkvist, Viktor Arnar Ingólfsson, Yrsa Sigurðardóttir og Ævar Örn Jósepsson.



Goðafræði

Orðið goðafræði er almennt notað yfir frásagnir af goðum og vættum í trúarbrögðum. Stundum eru þessar sögur kallaðar goðsögur. Grísk goðafræði segir frá guðum Forn-Grikkja en í norrænni goðafræði eru sagðar sögur af norrænum goðum og gyðjum í heiðnum sið áður en kristin trú breiddist út á Norðurlöndum. Helstu heimildir um norræna goðafræði eru eddukvæði og Edda Snorra Sturlusonar eða *Snorra-Edda*.

Frásagnir af því hvernig heimurinn varð til er kjarni margra goðsagna. Í norrænni goðafræði segir frá því hvernig bræðurnir Óðinn, Vili og Vé sköpuðu heiminn úr líkama Ýmis sem nærðist á mjólk úr kúnni Auðhumlu. Sagt er frá ásum og ásynjum, Ásgarði og Miðgarði, Valhöll og og Hel, Mímisbrunni og Hvergelmi, hrímþursum, örlaganornum, fyrstu mönnunum Aski og Emblu, Óðni, ættföður ása, Þór, Baldri, Loka, Frigg, Freyju, Frey, Fenrisúlfi, Miðgarðsormi, hrímþursum og ragnarökum.

Harmleikur

Harmleikur er ein tegund skáldskapar. Umfjöllunarefnið er mannlegur breyskleiki og sá harmleikur sem fylgir óviturlegum ákvörðunum. Ekki nægir að söguefnið sé sorglegt til þess að verkið kallist harmleikur. Söguhetjurnar þurfa að standa skil gerða sinna og hafa aðeins um tvo kosti að velja sem hvorugur þykir góður, upplifa togstreitu, þjáningar eða harm. Aristóteles taldi harmleiki og gamanleiki tvær helstu greinar skáldskapar. Harmleikurinn um Rómeó og Júlíu eftir William Shakespeare er mörgum kunnur.

Prólóg

Tvær stórar ættir jafnar að fé og frægð,
er forðum deildu með sér Verónsborg
nú deila hvor við aðra af engri vægð
svo úthellist þeirra blóð um fögur torg.

En jafnvel slíkar ættir eignast börn
og illu heilli kviknar með þeim ást
sem dregur þeirra líf í dauðans kvörn;
við dánarfregn þá sættir feðra nást.

Saga sú af dauðadæmdri þrá
og deilum foreldra um auð og völd
sem á dánarbeði barna endi fá
er einmitt sú sem sögð er hér í kvöld.

Að leika þetta verk er vandamál
en á vandamáli því er mjög vandað mál.

Þýðing Hallgrímur Helgason

Háð

Háð er ein gerð stílbragða. Þá segir höfundur eitt en meinar annað. Markmiðið er oft að koma ádeilu á framfæri, ekki síst ef mönnum blöskrar ástand mála. Háðið getur legið í augum uppi en stundum þarf að rýna í textann til að átta sig á því.



Góðærisóður

Ég hugsa til þess hrærður,
að hátekjumenn þurfa
að vaka veizlunætur
og vera á skrifstofunni
fram til þrjú og fjögur
frá því klukkan tíu.
Og þó þeir séu heima
(í húsunum sínum nýju)
er allt í þeirra ábyrgð,
og engu mega þeir gleyma,
og alltaf vera að reikna
og reksa um kaup og sölur
og rita háar tölur
og græða kannski miklu
minna en þeir áttu að gera.

Jón úr Vör



Hefðbundið ljóð

Algengt er að ljóð séu flokkuð í hefðbundin ljóð og óhefðbundin. Í hefðbundnum ljóðum er farið eftir reglum um stuðlasetningu, rím og atkvæðafjölda. Fornkvæðin eru öll hefðbundin og á Íslandi ortu menn að mestu hefðbundið fram undir miðja 20. öld. Hefðbundin eru einnig ljóð þar sem gerð er krafa um réttan atkvæðafjölda, t.d. hin japanska hæka og tanka.

Það var eitt kvöld

Það var eitt kvöld að mér heyrðist hálfvegis barið,
ég hlustaði um stund og tók af kertinu skarið,
ég kallaði fram, og kvöldgolan veitti mér svarið:
Hér kvaddi Lífið sér dyra, og nú er það farið.

Jón Helgason

Heiti

Í skáldskap er algengt að nota ýmis orð sem ekki eru notuð í hversdagsmáli. Þessi orð eru kölluð heiti og samsvara því sem kallað er samheiti í daglegu máli. Heiti voru mikið notuð í fornum skáldskap, t.d. dróttkvæðum.

Nokkur algeng heiti:

hestur: *drösull, fákur, jór*
konungur: *dróttinn, döglingur, fylkir, gramur, hilmir, jöfur, lofðungur, ræsir, rögnir, siklingur, stillir, vísir, þengill, þjóðann*
maður: *gumi, greppur, halur, rekkur, seggur, skati*
menn: *gotnar, firar, lýðar, kníar, virðar*
sjór: *gymir, mar, ver*
kona: *drós, hrund, man, sprund, svanni, víf*
sverð: *mækir*
spjót: *geir*
orrusta: *gunnur, hildur, róma*
skip: *gnoð, kjóll*

Helgikvæði

Frá kristnitökuárinu 1000 og fram að siðaskiptum 1550 ortu Íslendingar helgikvæði. Blómaskeið þeirra var hins vegar á 14. öld. Frá þeim tíma er eitt þekktasta helgikvæði miðalda, Lilja, eftir Eystein munk. Það var svo vinsælt að til varð málsháttur inn „allir vildu Lilju kveðið hafa“. Annað þekkt helgikvæði er Sólarljóð.

Eitt af kristnu helgikvæðunum frá því snemma á 13. öld lifir enn góðu lífi og er oft sungið við ýmis tækifæri. Það heitir Heyr, himna smiður og er eftir Kolbein Tumason. Þótt textinn sé svona gamall er vel hægt að skilja um hvað er ort.



Heyr himna smiðr
hvers skaldit biðr,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig
þú hefr skaptan mig;
eg em þrællinn þinn,
þú ert dróttinn minn.

Kolbeinn Tumason

Hlutgerving

Hlutgerving er tegund af myndmáli. Hún felst í því að það sem er lifandi fær eiginleika dauðra hluta. Einnig á hún við um það þegar hægt er að snerta eitthvað sem er ósnertanlegt, t.d. þegar sagt er: „Loftið var svo þungt að það mátti skera það í sneiðar.“



Góðir hálsar!

Hluti fyrir heild

Ein tegund myndmáls er þegar aðeins hluti einhvers fyrirbæris er nefndur í stað þess að tala um það allt. Sá hluti einkennir fyrirbærið það skýrt að lesandinn á auðvelt með að átta sig á fyrir hvað hann stendur. Með því að nefna aðeins hluta fyrirbærisins er vakin sérstök athygli á þeim hluta og lesandinn sér ósjálfrátt fyrir sér mynd í huganum. Sem dæmi má nefna þegar talað er um lambsfeld í stað kindar, segl í stað skipa eða þegar fólk er kallað góðir hálsar.

Hafís

Vordauðans sigð er á lofti um allt land.
Hver lambsfeldur skelfur við heiði og sand.
Hið volduga, harða, helþrönga band
tengir hugi og vonir á sóldögum köldum og löngum.

Einar Benediktsson

Lambsfeldur stendur hér fyrir orðið kind.

Hlutlægni

Hlutlæg lýsing eða frásögn leggur áherslu á staðreyndir eða að lýsingin líti út fyrir að vera sönn. Ekki er skyggnst inn í huga persóna og sagt frá hugsunum þeirra eða tilfinningum og ekki er lagður dómur á gjörðir þeirra. Hlutlægni einkennir frásagnarhátt Íslendingasagna þótt ýmislegt sé gefið í skyn óbeint.

Hneigð

Afstaða eða skoðun höfundar í skáldverki er kölluð hneigð. Gerður er greinarmunur á meðvitaðri og ómeðvitaðri hneigð. Þegar höfundur vill koma ákveðnum boðskap til skila er það kallað meðvituð hneigð. Það getur t.d. verið skoðun hans á skólamálum, pólitískar skoðanir eða trúarlegar. Ómeðvituð hneigð er vandmeðfarnari því þá byggist túlkun bókmenntaverksins á einhverju sem höfundurinn var kannski ekki meðvitaður um – og er jafnvel ósammála. Þá þarf að forðast rangtúlkun og gæta sín á að lesa ekki eitthvað út úr verkinu sem erfitt er að rökstyðja. Ómeðvituð hneigð getur verið atriði eins og kvenfyrirlitning, menntahroki, kynþáttafordómar, andstaða gegn fóstureyðingum, andstaða gegn einkaskólum. Boðskapur er skylt hugtak en hann er yfirleitt skýrari og auðveldara að átta sig á honum.

Hrollvekja

Hrollvekja hefur þann tilgang að hræða lesandann eða vekja með honum óhug. Sögusviðið er oft dimmt og dularfullt og persónurnar ekki af holdi og blóði. Einn af þekktari hrollvekjuhöfundum bókmenntanna er Edgar Allan Poe (1809–1849). Af nútímahöfundum má nefna Stephen King. Drakúla greifi er líklega með eftirminnilegri sögupersónum hrollvekjunnar en hrollvekjan um hann er eftir Bram Stoker.



Hrynjandi

Taktur eða hljómfall í töluðu máli, þegar áherslupung og áherslulétt atkvæði skiptast á, kallast hrynjandi. Hrynjandi í talmáli og kveðskap er ekki af sama toga enda er hrynjandi talmáls óregluleg. Reglubundin hrynjandi er hins vegar eitt af einkennum kveðskaparins. Hrynjandi sem myndast þegar orðum með tveimur atkvæðum er raðað saman er annars konar en þegar orðum með þremur atkvæðum er raðað saman.

Eitt atkvæði:	Ösp sá mig í gær með þig og Pál mér við hlið.
Tvö atkvæði:	Hérna eru allir þessir góðu krakkar saman komnir.
Þrjú atkvæði:	Þórólfur bakari leitaði óhræddur þrekvöxnu konunnar.
Óregluleg hrynjandi:	Við munum líklega hittast næst í Kaupmannahöfn.

Hugblær

Hugblær texta tengist tilfinningum, skynjun eða upplifun lesanda. Höfundur getur haft áhrif á hugblæ með orðavali, stíl, sjónarhorni, myndmáli eða jafnvel uppsetningu. Hugblærinn getur verið háðslegur, gamansamur, glaðvær, angurvær eða tregafullur – svo fátt eitt sé nefnt.

Hugblær
angurværð
kvíði
tregi
söknuður

Haust

Lengir nóttu, lúta höfðum blóm
laufið titrar fölt á háum reinum
vindur hvíslar ömurlegum óm
illri fregn að kvíðnum skógargreinum
greinar segja fugli og fuglinn þagnar.

Í brjósti mannsins haustar einnig að
og upp af hrelldu hjarta gleðin flýgur
en vetrarmjöll í daggardropa stað
á dökkvan lokk og mjúkan þögul hnígur
og æskublómin öll af kinnum deyja.

Grímur Thomsen

Huglægni

Huglæg lýsing eða frásögn felur í sér tilfinningaleg viðhorf og dóma. Markmiðið er að gera grein fyrir afstöðu mælanda og höfundar og hafa um leið áhrif á viðmælanda eða lesanda. Í huglægum texta er höfundur sýnilegur og algengt er að nota fyrstu persónu frásögn. Notuð eru orð sem lýsa tilfinningum eða eru gildishlaðin.

Hæka

Hæka er meira en 700 ára gamall japanskur bragarháttur. Hann varð vinsæll á Íslandi með tilkomu atómskáldanna á 20. öld. Hækan hefur þrjár ljóðlínur og þarf ekki að innihalda rím eða stuðlasetningu. Á hinn bóginn krefst hún ákveðins atkvæðafjölda í hverri línu. Fyrsta og þriðja lína innihalda fimm atkvæði og í annarri línu eru sjö atkvæði. Hæka á að innihalda eina mynd eða tilfinningu.

Hækur um vorið

Ástin er yndi
sumars er blómin gróa
í heitum hjörtum.

Fálmandi hendur
tvö ungmenni á göngu
það gerir vorið.

Þungbúin skýin
sigla yfir heiðina
vorvindar næða.

Allra veðra von
þegar vor er í lofti
á norðurslóðum.

Pjetur Hafstein Lárusson





Innbyggður lesandi

Þegar höfundur skrifar texta gerir hann ráð fyrir tilteknum lesanda eða lesendahópi og markast textinn af því. Höfundur barnabókar veit til dæmis að reynsluheimur barna er annar en reynsluheimur fullorðinna og hann gætir þess að skrifa ekki eitthvað sem er óviðeigandi eða of flókið fyrir hinn innbyggða lesanda eða aldurshópinn sem bókin er ætluð. Höfundar unglingabóka gera á sama hátt ráð fyrir því að lesendur þekki vel heim kvikmynda og efnistökin taka gjarnan mið af því. Innbyggður lesandi er hluti af textanum sjálfum og er aðeins til innan skáldverksins.

Íslendingasaga

Íslendingasögur eru veraldlegar sögur sem fjalla um Íslendinga á tímabilinu frá landnámsöld til loka sögualdar á fyrri hluta 11. aldar, þ.e. fyrir ritöld. Sögurnar eru sérílenskt sköpunarverk og ekki eru til erlendar hliðstæður, hvorki að efni né formi. Til eru um fjörutíu sögur en þær hafa ekki varðveist í upprunalegri mynd heldur í afritum. Ekki eru til neinir frumtextar og ekkert er vitað um höfunda sagnanna. Sumar þeirra hafa varðveist í skinnhandritum en aðrar eingöngu í pappírshandritum. Mörg handrit af sömu sögu benda til vinsælda hennar. Meðal þekktustu og bestu handritanna er *Möðruvallabók* sem er skrifuð um miðja 14. öld. Flestar sögurnar eru skrifaðar á 13. og 14. öld.

Sögurnar fjalla oftast um það hvernig fólk deildi og hvernig það komst að lokum að einhvers konar sáttum í íslenska þjóðveldissamfélaginu. Þar voru bæði lög og dómstólar til staðar en framkvæmdavald til þess að fullnægja dómum vantaði. Menn urðu því að framfylgja þeim sjálfir og þurftu að reiða sig á aðstoð ættmenna og vina. Þess vegna skiptu ættartengsl mjög miklu máli á þessum tíma. Hefndarskyldan var afar mikilvæg og flókin ættartengsl gátu skapað vandamál. Höfðingjar nutu yfirleitt fylgdar bænda og húskarla. Sæmdin er þungamiðja í hugmyndaheimi sagnanna. Ástríður og tilfinningar sögupersónanna eiga örlagaríkan

Nöfn nokkurra sagna

- Bandamanna saga
- Bárðar saga Snæfellsáss
- Bjarnar saga Hítdælakappa
- Brennu-Njáls saga
- Droplaugarsona saga
- Egils saga
- Eiríks saga rauða
- Fóstbræðra saga
- Grettis saga
- Gísla saga Súrssonar
- Gull-Þóris saga
- Gunnlaugs saga ormstungu
- Heiðarvíga saga
- Hrafnkels saga Freysgoða
- Hænsna-Þóris saga
- Króka-Refs saga
- Laxdæla saga
- Ljósvetninga saga
- Víga-Glúms saga

þátt í atburðarásinni. Örlagatrúin rak menn til þess að rækja þær skyldur sem krafist var af þeim. Nær alltaf er sagt frá mannvígum og sáttum eftir þau en spennan í sögunum snýst ekki um það hvort menn eigi að hefna heldur hvernig þeir gera það.

Meðal helstu einkenna sagnanna er eftirfarandi:

Hlutlægni: Ekki er tekin tilfinningaleg afstaða til mála – aðeins sagt frá því sem heyrist og sést. Lesandinn er þó sjaldnast í vafa um með hverjum hann á að halda.

Samtöl: Samtöl sögupersóna er drjúgur hluti sagnanna. Mál sögupersónanna er oft meitlað og margar frægar setningar eru í dag notaðar sem málshættir.

Setningarleg einkenni: Stíllinn einkennist af aðalsetningum en ekki undirskipuðum aukasetningum. Það hefur lengi þótt vera góð fyrirmynd og fallegri stíll en flóknar setningar hins „lærða" stíls sem oft má sjá í síðari tíma textum.

Fyrirboðar: Mjög algengt er í Íslendingasögum að gefa í skyn snemma í frásögninni hvernig sagan fer, t.d. gefa draumar og alls kyns fyrirboðar til kynna stórviðburði. Stundum eru menn skyggnir og sjá óorðna hluti. Fyrirboðunum er ætlað að draga úr óvissu lesandans um það hvort sagan muni enda vel eða illa en þess í stað er spennunni beint að því hvernig, hvenær og hvers vegna allt fer eins og það fer.

Nokkrar þekktar persónur úr Íslendingasögunum:

Auður djúpúðga, Bergþóra Skarphéðinsdóttir, Egill Skalla-Grímsson, Gísli Súrsson, Grettir Ásmundarson, Guðrún Ósvífursdóttir, Gunnar á Hlíðarenda, Gunnlaugur ormstunga, Hallgerður langbrók, Hrafnkell Freysgoði, Njáll Þorgeirsson, Skarphéðinn Njálsson, Þorgeir Hávarsson, Þormóður Bersason.



Nokkir Íslendingaþættir
Arnórs þáttur jarlaskálds
Bergbúa þáttur
Gull-Ásu-Þórðar þáttur
Gunnars þáttur Þiðrandabana
Hrafns þáttur Guðrúnarsonar
Hrómundar þáttur halta
Íslendings þáttur sögufróða
Óttars þáttur svarta
Svaða þáttur og Arnórs kerlingarnefs
Þorleifs þáttur jarlaskálds
Þorsteins þáttur forvitna
Þorsteins þáttur stangarhöggs
Þorsteins þáttur sögufróða
Þorsteins þáttur uxafóts
Þorvalds þáttur víðförla
Þorvarðar þáttur krákunefs
Þórarins þáttur ofsa
Þórarins þáttur stuttfeldar
Þórhalls þáttur knapps

Íslendingaþættir

Íslendingaþættir eru stuttar frásagnir af Íslendingum á miðöldum. Þeir gerast ýmist við hirð Noregskonunga eða á Íslandi og lýsa oftar en ekki samskiptum söguhetju við erlendan höfðingja og leið hennar að frægð og frama. Þættirnir eru oft kaflar í stærri verkum þótt þeir geti staðið sjálfstæðir og líkst nútíma smásögum að mörgu leyti. Skyldleiki við fornsögur er mikill, stíllinn hlutlægur og knappur. Þættirnir eru hins vegar einfaldari að byggingu, segja styttri sögu og persónur eru færri. Þeir eru færðir í letur á 13. og 14. öld.

Ívars þáttur Ingimundarsonar – upphaf

Í þeim hlut má marka, er nú mun eg segja, hver dýrðarmaður Eysteinn konungur var eða hve mjög hann var vinhollur og hugkvæmur eftir að leita við sína ástmenn hvað þeim væri að harmi.

Sá maður var með Eysteini konungi er Ívar hét og var Ingimundarson, íslenskur að ætt og stórættaður að kyni, vitur maður og skáld gott. Konungur virti hann mikils og var til hans ástsamlega sem sýnist í þessum hlut …

Þorfinnur hét bróðir Ívars. Hann fór og utan á fund Eysteins konungs og naut þar mjög frá mörgum mönnum bróður síns. En honum þótti það mikið er hann skyldi eigi þykja jafnmenni bróður síns og þurfa hans að njóta og undi af því eigi með konungi og bjóst út til Íslands.

Kenning

Kenningar eru ein tegund myndmáls og eiga þær skylt við líkingar. Þær eru eins konar arfur frá fornum kveðskap. Sumar kenningar eru einfaldar en í fornum kveðskap kepptust skáldin við að sýna frumleika sinn og hæfni með því að hafa þær flóknar. Kenningarnar gera skáldskapinn fjölbreyttari, jafnvel flóknari og krefjast meira af lesanda en ljóð án kenninga. Stundum er þó hætta á að kenningarnar beri efnið ofurliði.

Kenning eru tvö orð eða fleiri sem tákna saman eitt fyrirbæri.

Tvíkennt: *Fiska jörð er sjór.*
Þríkennt: *Fiska jarðar fákur er skip.*
Fjórkennt: *Stýrir fiska jarðar fáks er skipstjóri.*

Til þess að skilja eftirfarandi kenningar þarf þó nokkra leikni – og jafnvel þekkingu. Stundum þarf að breyta orðaröð.

Öldur	*eru kallaðar*	**Ránar dætur.**
Orrusta	*er kölluð*	**Hildar þing.**
Skip	*er kallað*	**Unnar hestur.**
Hermaður	*er kallaður*	**sverða deilir**
Gull	*er kallað*	**rógmálmur skatna**
Maður	*er kallaður*	**sverðs viður.**
Kona	*er kölluð*	**selja gulls.**
Skáldskapur	*er kallaður*	**veig Gunnlaðar**.



Ránar dætur leika um unnar hest en stýrir fiska jarðar fáks heldur á haf út.

Kvæði

Kvæði er eitt af þeim orðum sem notuð eru yfir bundið mál sem skipt er í nokkur erindi. Orðið kveðskapur, vísur og ljóð eru skyld orðinu kvæði en merkingin er ekki alveg sú sama auk þess sem lengdarmunur skilur þarna að. Líklegt er að finna megi einhverja sögu eða frásögn í kvæði en í ljóði er líklegra að dregin sé upp mynd eða lýsing sem skapar ákveðna tilfinningu eða hugblæ. Kvæði skiptast í erindi og getur fjöldi þeirra verið mikill.

Kvæðin hafa þann kost með sér,
þau kennast betur og lærast gjör,
en málið laust úr minni fer.
Mörgum að þeim skemmtun er.

Einar Sigurðsson í Eydölum



Konungasögur

Fyrsta tegund sagnaritunar á Íslandi voru konungasögur. Í þeim er rakin saga norrænna konunga frá upphafi og fram að ritunartíma. Einnig er fjallað um jarla. Líklega voru flestar skrifaðar á tímabilinu 1150–1270. Ekki er vitað um alla höfunda konungasagna en Snorri Sturluson ritaði m.a. *Heimskringlu* sem er saga norskra konunga til loka 12. aldar. Bókinni var seinna gefið þetta nafn vegna upphafs síns en hún hefst á þessum orðum: „Kringla heimsins, sú er mannfólkið byggir, er mjög vogskorin."

Kynning aðstæðna

Allar frásagnir hafa einhvers konar byggingu, bæði bundið mál og óbundið. Við hefðbundna umfjöllun eða greiningu skáldsagna er gert ráð fyrir byggingu sem skiptist í þrennt, þ.e. kynningu, flækju og lausn. Kynning aðstæðna er upphaf sögu, eins konar inngangur. Sagt er frá helstu persónum, aðstæðum þeirra og tengslum. Þannig er lesandinn búinn undir framhaldið, hina eiginlegu atburðarás. Í sumum sögum er kynningu aðstæðna sleppt eða hún höfð þegar liðið er á söguna. Það er einmitt eitt af einkennum smásagnaformsins. Hins vegar er kynning aðstæðna hefðbundið upphaf ævintýra.

Lausn

Við hefðbundna umfjöllun eða greiningu skáldsagna er gert ráð fyrir byggingu sem skiptist í þrennt, þ.e. kynningu, flækju og lausn. Í lausn frásagnar eða niðurlagi er gengið frá lausum endum og sagt frá afdrifum sögupersóna. Stundum er þó lesandinn skilinn eftir í lwausu lofti og hann þarf sjálfur að ímynda sér málalok. Það á ekki síst við í smásögum.

Nokkrar konungasögur

- Fagurskinna
- Flateyjarbók
- Heimskringla
- Hryggjarstykki
- Morkinskinna
- Orkneyinga saga
- Ólafs saga helga
- Ólafs saga Tryggvasonar
- Sverris saga

Leikrit

Leikrit eru samin sérstaklega til flutnings á leiksviði eða í útvarpi. Líkt og skáldsögur skiptast gjarnan í kafla skiptast leikrit í þætti eða atriði. Stundum eru skáldsögur færðar í leikbúning og leiknar á sviði. Samræður eru mikilvægur þáttur í leikritun en oft beita höfundar einræðum þar sem einn leikari líkt og talar við sjálfan sig eða áhorfendur. Framkoma, líkamstjáning, leikmunir og búningar skipa stóran sess í leikritum sem flutt eru á sviði. Misjafnt er hvað höfundar leikrita leggja mikla á herslu á að lýsa þessum þáttum í handritum sínum. Sumir láta þó fylgja fyrirmæli um hvernig á að bera fram textann, hvernig svip persónur setja upp eða hvernig þær eiga að hreyfa sig.

Með tónlist í bakpoka

– Leikrit í fjórum þáttum

Á hliði við innganginn að garðinum er stórt skilti:
HUNDAR ÓVELKOMNIR

Í garðinum eru borð og stólar, sláttuvél er á miðri lóðinni, sandkassi og barnaleikföng. Unglingspiltur liggur léttklæddur á vindsæng. Hann er með hvítan hatt og sólgleraugu. Við hlið hans er stórt sambyggt hljómflutningstæki og frá því berst hávær tónlist.

Mikil birta er á sviðinu, sólin er hátt á lofti.

Hvell símhringing vekur unglinginn upp úr dagdraumi. Hann rís hratt upp og svarar í símann.

UNGLINGUR: Nei, útilokað, kemur ekki til greina. Nei, þú getur gleymt því. *(Leggur símann frá sér fýlulegur og leggst aftur niður.)*

Í glugga birtist uppábúin kona á miðjum aldri. Hún er með reiðisvip.

KONA: Ég kannast ekki við að hafa óskað eftir útitónleikum í garðinum í dag.

UNGLINGUR: Sorrí. *(Hann lækkar.)*

Líking

Ein tegund myndmáls er líking. Þá er einhverju lýst með því að líkja því við annað. Tveir ólíkir hlutir eða fyrirbæri eru þannig borin saman. Þegar líking er skoðuð þarf að hafa í huga hverju er verið að lýsa, við hvað því er líkt og hvað er sameiginlegt með myndgjafa og myndþega. Skoða þarf hver grundvöllur líkingarinnar er.

Líkingum er skipt í myndhverfingu og viðlíkingu. Í viðlíkingu eru notuð samanburðarorðin **eins og, sem, líkt og.** Myndhverfing er samanburður tveggja fyrirbæra án slíkra orða. Í myndhverfingu er samanburðarorðunum sleppt og samband liðanna verður því nánara. Þannig má segja að kenniliðurinn hverfist yfir í myndliðinn; orð og hugtök flytjast frá einu merkingarsviði til annars.

Myndþegi *kenniliður eða grunnliður*	*tengiorð*	*Myndgjafi* *myndliður eða líkingarliður*
Svart myrkrið *Bros þitt* *Faðmur þinn*	*er eins og* *sem*	*ullarteppi* *sólargeisl* *skjólið mitt*

Límra

Limrur eru ættaðar frá Bretlandseyjum og eru kenndar við borgina Limerick á Írlandi. Þær hafa fimm ljóðlínur með endarími, þrjár langar sem ríma og tvær stuttar sem ríma. Stundum er sama orðið notað tvisvar til ríms. Í enskum limrum eru ekki notaðir ljóðstafir en íslensk skáld nota nánast alltaf ljóðstafi. Limrur innihalda oft nokkurt spaug eða háð.

Hún var blómselja, barnfædd í Nissa;
hver blómelskur sveinn varð svo hissa,
hve blómleg hún var
meðal blómanna þar,
að hún kunni' ekki um tvítugt að kyssa.

Þorsteinn Valdimarsson

Ljóð

Skáldskapur í bundnu máli er oft kallaður ljóðlist enda er litið á ljóðlistina sem listgrein. Þó er ekki til orðið ljóðlistarmaður líkt og tónlistarmaður og myndlistarmaður, að minnsta kosti ekki í orðabókum. Ljóð er hnitmiðaður texti vegna þess að tjáningarformið er þröngt. Hvert orð skiptir máli. Ljóð er lesið með öðru hugarfari en óbundið mál. Lesandinn þarf að geta skynjað tilfinningar, lesið milli línanna, skilið myndmálið og hugblæinn. Ljóð geta verið í bundnu máli eða óbundnu. Rím og ljóðstafir gegna oft veigamiklu hlutverki en ljóðskáld beita einnig ýmsum stílbrögðum. Til þess að skilja um hvað ljóðið fjallar þarf að skoða bæði yfirborðsmynd þess og það sem býr undir, komast að kjarna ljóðsins með því að túlka það.



Ljóðskáld

sumir segja að ljóðskáld
séu svolítið skrítin
þau spili utan deilda

samt alltaf til staðar
alstaðar
að fylgjast með
eins og eldfjallafræðingar
að spá í kviku
og skjálfta

að anda ofan í hálsmál
að sleikja sólina
að gera vinnu að leik

og ef þau segja eitthvað
þá er það eins og
bergmál af tali
tveggja skýja

ég hef séð ljóðskáld
breyta sér í laxa
og synda mót straumnum

einhvern veginn kom það mér
hreint ekki á óvart

Birgir Svan Símonarson:

Ljóðmælandi

Sá sem talar í ljóði er kallaður ljóðmælandi. Rödd hans getur verið nálæg eða fjarlæg, persónuleg eða ópersónuleg, glöð, sorgmædd eða kát. Ljóðmælandi er ekki endilega höfundurinn sjálfur því oft eru ljóð sögð í orðastað persóna sem eiga lítið skylt við skáldið sjálft. Þannig getur ljóðmælandi verið ung stúlka þótt höfundur ljóðsins sé aldraður maður. Auðveldast er að átta sig á ljóðmælanda þegar ljóðið er í 1. persónu.

Saga

Ég vil koma við sögu eins og fiskur
sem brýtur spegil vatnsins
eitt andartak

og lítið barn segir
þarna var fiskur

þannig vil ég koma við sögu
eitt andartak.

Þórður Helgason

Ljóðstafir

Í hefðbundnum skáldskap er notuð bragfræðiregla sem felst í því að orð hefjast á sömu stöfum á ákveðnum stöðum í hverri ljóðlínu. Þessir stafir eru kallaðir ljóðstafir og skiptast í stuðla og höfuðstafi. Reglurnar um ljóðstafasetningu eru nokkrar, þær helstu felast í því að ljóðstafur er alltaf í áhersluatkvæði fremst í braglið og oftast eru tvær ljóðlínur tengdar með ljóðstöfum, í fyrri línunni eru tveir stuðlar og í seinni línunni einn höfuðstafur, á fyrsta áhersluatkvæði í ljóðlínunni.

Ef samhljóð mynda ljóðstafi verður alls staðar að hafa sama hljóðið.

Dæmi: **F**ljúga hvítu **f**iðrildin
fyrir utan gluggann.

Sérhljóð stuðla hvert við annað og tvíhljóðin **ei, ey** og **au** mynda einn ljóðstaf hvert.

Dæmi: Þarna siglir **ei**nhver **i**nn,
ofurlítil dugga.

Um s gilda sérstakar reglur. Ef næsti stafur á eftir s er **k**, **l**, **m**, **n**, **p** eða **t**, skal það líka eiga við um orðin sem stuðlað er við. Þetta eru kallaðir gnýstuðlar (**sk**, **sl**, **sm**, **sn**, **sp** eða **st**).

Dæmi: **sp**enna – **sp**otti, **st**ökk – **st**anda

Íslenska er sjaldgæft dæmi um tungumál þar sem hefð er fyrir því að nota ljóðstafi í kveðskap. Þetta er meðal annars út af því að við leggjum þunga áherslu á fyrsta atkvæðið í hverju orði. Ljóðstafir eru oft notaðir í auglýsingum, slagorðum og bókatitlum. Þeir finnast einnig í málsháttum.

*Tækifærið **g**ríptu **g**reitt,*
*g**i**ftu mun það skapa,*
*járnið skaltu **h**amra **h**eitt,*
*að **h**ika er sama og tapa.*

Steingrímur Thorsteinsson



Lærdómsöld

Einkenni

- prentverk
- áhugi á fornsögum
- sálmar
- sjálfsævisögur
- rímnakveðskapur
- drungi

Nokkur höfuðskáld tímabilsins

Arngrímur Jónsson lærði (1568–1648)
Einar Sigurðsson í Eydölum (1538–1626)
Hallgrímur Pétursson (1614–1674)
Jón Magnússon (1610–1696)
Stefán Ólafsson (1620–1688)

Bókmenntasögu er skipt í nokkur tímabil. Eitt þeirra kallast lærdómsöld. Það nær yfir rúmar tvær aldir, frá 1550 til 1770. Upphaf lærdómsaldar á Íslandi markast af siðaskiptum, þ.e. þegar Íslendingar skiptu úr kaþólskri trú í lútherska. Lok tímabilsins markast af auknum áhrifum fræðslu og vísindahyggju með stefnu sem oft er kölluð upplýsing eða upplýsingarstefna.

Lærdómsöldin einkenndist af nýjum áhuga á fornbókmenntum Íslands sem og notkun á prentverki sem var nýjung. Bókleg þekking og lærdómur var þá hafður í hávegum og ýmsir fengu viðurnefnið „lærði“, svo sem Arngrímur lærði og Jón lærði. Hins vegar gagnaðist þekking hinna „lærðu“ manna alþýðunni lítið. Hag þjóðarinnar hnignaði á flestum sviðum og framfarir voru litlar sem engar enda er þetta einhver sorglegasti kafli þjóðarsögunnar með einokunarverslun, harðindi, plágur, náttúruhamfarir og galdrabrennur. Eitt helsta skáld tímabilsins er sálmaskáldið Hallgrímur Pétursson.

Af því sem var ritað ber helst að nefna annála, rímur, predikanir, Biblíuþýðingar, sálma, sjálfsævisögur, heilræðakvæði og ádeilukveðskap. Kveðskapur á lærdómsöld einkenndist m.a. af trúarhita.



Gefðu að móðurmálið mitt,
minn Jesú, þess ég beiði,
frá allri villu klárt og kvitt
krossins orð þitt út breiði
um landið hér,
til heiðurs þér
helst mun það blessun valda,
meðan þín náð
lætur vort láð
lýði og byggðum halda.

Hallgrímur Pétursson

Mansöngur

Mansöngur er tegund af fornum íslenskum kveðskap. Orðið man merkir kona og upphaflega merkti mansöngur því ástarsöngur til konu. Rímur eru langir ljóðabálkar og í þeim er sögð einhver saga. Fremst í rímum, áður en hin eiginlega frásögn hefst, er að finna nokkur erindi sem tengjast ekki efni sögunnar. Þau nefnast mansöngvar og líkjast almennu spjalli. Yrkisefnið er oftast konur og ástamál. Stundum er fjallað um þjóðfélagsmál eða tíðarandann.

Úr Skíðarímu

Mér er ekki um mansöng greitt,
minnstan tel eg það greiða,
því mér þikkir öllum eitt
af því gamni leiða.

Yngismenn vilja ungar frúr
í aldingarðinn tæla,
feta þar ekki fljóðin úr
flest er gört til væla.

Margræðni

Þegar túlka má orð á fleiri en einn veg er það kallað margræðni. Þótt oftast megi ráða merkingu af samhengi orða getur margræðni verið notuð sem stílbragð, m.a. til þess að dýpka merkingu textans, til þess að vekja athygli á einhverju sérstöku eða sem orðaleikur. Margræðni er algeng í skáldskap og víðar, m.a. í auglýsingatextum.

Málfar

Málfar er veigamikill þáttur í skáldskap. Auk þess sem málfar þarf að vera lýtalaust og án nokkurra misfella þarf að huga að fleiri atriðum: Er það flókið eða einfalt, barnalegt, hversdagslegt, nútímalegt eða gamaldags, ritmáls- eða talmálslegt, kæruleysislegt, yfirvegað eða vandað? Er málfarið trúverðugt miðað við persónur sögunnar, aldur þeirra og bakgrunn? Hver eru tengsl málfars og umhverfis í sveit, þorpi eða borg? Hvað með myndmál? Eru notaðar viðlíkingar, myndhverfingar eða persónugervingar? Er stíllinn einfaldur, flókinn, knappur, orðmargur, áreynslulaus? Er að finna vísanir eða tákn í textanum? Hvernig er tónninn? Er hann einlægur, háfleygur, léttur, fyndinn, þungur, háðskur, sorglegur?



Málpípa

Stundum vill höfundur koma ákveðnum boðskap á framfæri í skrifum sínum. Til þess eru ýmsar leiðir. Ein þeirra felst í því að nota eina af persónum sögu til að koma boðskapnum á framfæri með orðum sínum eða gjörðum. Slík persóna er kölluð málpípa höfundar. Algengt er að höfundar barnabóka geri persónur sagna sinna að málpípum sínum í siðferðislegum eða uppeldislegum tilgangi en þær finnast einnig í fleiri gerðum skáldskapar.

Minni

Algengt er að atburðarás eða lýsing á hegðun persóna sé endurtekin í skáldskap, komi fyrir aftur og aftur í ýmsum bókum. Slíkt er kallað minni og hefur svipað hlutverk og tákn. Það gefur textanum ákveðinn hugblæ auk þess sem það merkir eitthvað annað og meira en aðeins það sem það stendur fyrir. Dæmi um minni í ævintýrum er t.d. stjúpmæðraminnið, ferðalagið, þrautirnar þrjár, týndi sonurinn og álög. Önnur þekkt minni eru t.d. ást í meinum, glæpur og missætti elskenda. Ýmis fyrirbæri náttúrunnar koma líka fyrir sem minni, t.d. haust og sólarupprás.

Stjúpmæðraminnið kemur fyrir í sögu eins og Öskubusku og Mjallhvíti og dvergunum sjö. Þar er stjúpmóðurinni lýst sem vondri konu sem vill losna við stjúpdóttur sína. Þekkt minni úr ævintýrum er þegar mennskur maður kemst undan ógnarvaldi með því að kasta einhverju aftur fyrir sig sem verður að fjalli, vatni, eldi eða skógi – svipað og í sögunni um Búkollu.

Minni
- vonda stjúpmóðirin
- þrautirnar þrjár
- týndi sonurinn
- kolbíturinn
- haust
- lækjarniður

Minnisvísur

Ein tegund af kveðskap eru minnisvísur sem tilheyra svokölluðum lausavísum. Minnisvísur hafa ekki mikið fagurfræðilegt gildi en þær fela í sér reglur eða fróðleik svo einfaldara sé að muna hann. Vísan um mánuðina er dæmi um vísu af þessu tagi. Hún hentar vel til þess að muna hversu margir dagar eru í hverjum mánuði.

Ap, jún, sept, nóv, þrjátíu hver,
einn til hinir kjósa sér.
Febrúar tvenna fjórtán ber,
frekar einn þá hlaupár er.

Meðgöngutími ýmissa tegunda

Kötturinn níu, tíkin tíu, tuttugu ærin.
Fjörutíu konan, kýrin,
kapallinn dregur lengstan vírinn.

Módernismi

Hugtakið módernismi er notað yfir tímabil í bókmenntasögu sem hófst snemma á 20. öld hér á landi og varð áberandi í ljóðagerð um 1950 en nokkru seinna í skáldsagnagerð. Orðið sjálft vísar til nútímans. Mörg skáld þessa tímabils þóttu framúrstefnuleg og texti þeirra framandi. Hugtakið formbylting er gjarnan notað þegar fjallað er um þær breytingar sem urðu á skáldskapnum. Í texta skáldanna má oft greina gagnrýni á samfélag og firringu nútímamannsins. Módernismi er samheiti eða yfirhugtak fyrir margar skyldar bókmenntastefnur, s.s. symbólisma, expressjónisma og súrrealisma.

Rödd hjartans er þögnuð. Um leið og hún sagði þetta vissi hún til hvers hún var hingað komin. Hún hneppti blússunni frá sér, fór úr henni og lagði hana snyrtilega á stólbakið. Brjóstahaldið fór sömu leið. Síðan stóð hún nakin að ofan og reiðubúin frammi fyrir lækninum. Hann greip hníf og skar og andartaki síðar rétti hann henni rautt og gljáandi hjartað. Varfærnislega lagði hann það í lófa hennar og hendur hennar lukust um það, tvílráður sláttur þess minnti á flögrandi fugl í búri. Hún bauð lækninum borgun en hann hristi höfuðið og hjálpaði henni að klæðast, sá að hún átti erfitt með það. Síðan bauðst hann til að hringja á bíl, hún hefði svo mikið að bera. Hún afþakkaði, en skorðaði heilakrukkuna í innkaupatöskunni og smeygði henni upp á handlegginn. Síðan gekk hún út með hjartað í höndunum.

Svava Jakobsdóttir: Saga handa börnum.

Einkenni

- formbylting
- framúrstefna
- gagnrýni
- nútíminn

Nokkur helstu skáld tímabilsins

Guðbergur Bergsson (1932)
Jakobína Sigurðardóttir (1918–1994)
Svava Jakobsdóttir (1930–2004)
Thor Vilhjálmsson (1925)



Myndhverfing

Myndhverfing er ein tegund myndmáls. Hún felst í samanburði tveggja ólíkra hluta án þess að nota hjálparorðin **sem, eins og, líkt** o.fl. Hún getur verið eitt orð: **Fjallsöxl, borðfótur, kattþrifinn, bragðarefur.** Hún getur líka verið heil setning: **Þú ert sólargeislinn minn. Augu þín eru stjörnur. Lífið er strá.**

Ásthildur

hárið stormsveipur öræfanna
augun stjörnuhrap vetrarins
nefið fjall sjóndeildarhringsins
varirnar mánasigð sólarlagsins
brosið sólskin jökulheimsins
hendurnar jafndægri haustins
mjaðmirnar hvel heimskautsins
fæturnir veðrátta árstíðanna

Jónas E. Svafár

Myndmál

Myndmál er hluti af daglegu máli. Við notum það án umhugsunar, oft í föstum orðasamböndum, t.d. **það gefur augaleið, vera skuldum vafinn** og **vera nýr af nálinni.** Í skáldskap er myndmál notað markvisst til að dýpka texta eða víkka hann út, til að auka áhrifamátt hans, gera hann ljóðrænni eða til samanburðar. Myndmál getur höfðað til margra skynsviða; til heyrnar, sjónar, snertingar, lyktar og bragðs. Til myndmáls teljast bein mynd, viðlíking, myndhverfing, hlutgerving, persónugerving og tákn.

Og eitt sinn, eftir að við Dagný vorum hætt að vera saman; eftir að hún hafði tekið hjarta mitt og fleygt því út í umferðina þar sem bílarnir orga einsog ljónin í Róm og ég horfði á það sundurkramið einsog skáldin í ljóðunum og fann blóðið spýtast …

Einar Már Guðmundsson: Englar alheimsins

Helstu gerðir myndmáls

- bein mynd
- viðlíking
- myndhverfing
- persónugerving
- tákn

Nútímaljóð

Hugtakið nútímaljóð er einkum notað um ljóð sem eru ekki ort inn í hefðbundið form með ljóðstöfum, rími og reglulegri hrynjandi, sbr. bragform. Stundum er orðið atómljóð notað yfir þessa tegund ljóða. Nútímaljóð eru ekki ný af nálinni því snemma á 20. öld komu fram ljóðskáld sem brydduðu upp á nýjungum með form og efnistök. Fyrsta íslenska nútímaljóðið er Sorg eftir Jóhann Sigurjónsson og er það talið ort árið 1908. Myndmál fékk aukið vægi, bragreglur voru látnar lönd og leið og sum ljóðin líktust óbundnu máli, svokölluð prósaljóð litu dagsins ljós.

Nýgervingar

Ein tegund af myndmáli er kölluð nýgerving. Hún felst í því að unnið er markvisst með sömu myndina í heilli vísu, kvæði eða ljóði. Jafnvel er hægt að nota nýgervingu í texta í óbundnu máli.

Ljóð

Vegna þess
hve sjálfstraust mitt er brothætt
sit ég og grúfi mig
inn í mína eigin skel.
Vegna þess
að ég mun aldrei geta sagt þér
hversu vænt mér þykir um þig

er skel mín full
af útsprungnum blómum
sem eru mér ímynd þín
og ég safna saman í stóran vönd
og legg við náttborð þitt
hverja nótt
er þú sefur.

Elísabet Þorgeirsdóttir

Orrustuvöllurinn

Vopn þín voru orðin
sem hittu mig í hjartað,
áður en ég hafði mundað vopn mín
var hjarta mitt blæðandi,
litlar örvar mínar
máttlausar,
ég kom engum vörnum við
enda komstu mér í opna skjöldu.

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir

Einkenni

- ríkt myndmál
- áhersla á formið
- tilfinningar
- tákn
- dagdraumar
- bölsýni
- einstaklingsfrelsi

Nokkur helstu skáld tímabilsins

Davíð Stefánsson (1895–1964)

Guðmundur Guðmundsson skólaskáld (1874–1919)

Hulda – Unnur Benediktsdóttir Bjarklind (1881–1946)

Jakob Jóhannesson Smári (1889–1972)

Jóhann Gunnar Sigurðsson (1882–1906)

Jónas Guðlaugsson (1887–1916)

Stefán frá Hvítadal (1887–1933)

Nýrómantík

Undir lok 19. aldar tók við tímabil í íslenskri bókmenntasögu sem kallast nýrómantík. Hún reis gegn raunsæisstefnunni sem hafði einkennt bókmenntaskrif um nokkurt skeið með áherslu á lítilmagnann og þjóðfélagsleg vandamál samtíðarinnar. Nýrómantíkin var undir sterkum áhrifum rómantíkur eins og heitið gefur til kynna. Skáldin voru þó öllu djarfari, bölsýnni og verk þeirra torræðari en áður. Nú voguðu þau sér að fjalla um persónuleg málefni, ástríður og tilfinningar sem ekki höfðu verið orðuð áður í kveðskap. Þessi skáld notuðu gjarnan sín eigin tákn sem lesandinn varð að ráða í enda hefur stefnan stundum verið kölluð táknsæisstefna eða symbólismi.

Nýrómantísk skáld sóttu yrkisefni í dagdrauma og dulhyggju. Þau líktust í mörgu gömlu rómantísku skáldunum en hrærðust meira í eigin tilfinningalífi. Nútíminn skipti þau mestu máli. Í nýrómantískum ljóðum er meira gefið í skyn en sagt beinum orðum og lesandanum látið eftir að túlka ýmiss konar þrár og langanir ljóðmælanda í eitthvert fjarlægt og oft á tíðum óhöndlanlegt markmið.

Óyndi

Lifi ég ljóðvana
lifi ég hugstola,
hrærist varla hjartað.
Ástlaus, vonlaus
og óskalaus
bíð ég svefns og bana.

Lifi ég ljóðvana,
lifi í kulda,
horfi á horfna stund.
Selt hef ég sumt,
en sumt var tekið
lífs míns yndi ljúft.

Svo fer öllum þeim,
sem of seint þekkja
sjálfa sig og aðra.
Svo fer þeim sem vaða
fyrir vað neðan
og stríða móti straumi.

Jóhann Gunnar Sigurðsson

Ofstuðlun

Ákveðnar reglur gilda um ljóðstafasetningu í kveðskap. Fyrsta og þriðja lína í vísu hafa tvo ljóðstafi sem kallaðir eru stuðlar. Önnur og fjórða lína hafa einn ljóðstaf sem nefnist höfuðstafur. Ef vísa hefur fleiri ljóðstafi en hér er nefnt er það kallað ofstuðlun.

*Í **h**áfleygum **h**uganum **H**alla mín bíður*
hamingju umvafin bjarteygð og frjáls.
*Svo **l**jómandi falleg um **l**andið hún líður*
*í **l**angermapeysu sem nær upp í háls*

SKS

Óbundið ljóð

Óbundið ljóð hefur ekki reglubundna hrynjandi eða takt eins og bundin ljóð hafa. Lengd ljóðlína og fjöldi þeirra er óreglulegur, rím tilviljanakennt og ef ljóðið hefur ljóðstafi eru þeir oft ekki notaðir samkvæmt hefðbundnum reglum. Óbundið ljóð er stundum kallað nútímaljóð og jafnvel atómljóð.

Eilífðin

Út við
hálfhring
eilífðarinnar
stendur mælistika
framtíðarinnar
og telur endalaust

Björn E. Hafberg



Persónugerving

Persónugerving er ein tegund myndmáls. Dauð fyrirbæri, dýr eða hugtök fá persónulega eiginleika eins og þau séu lifandi, þau eru persónugerð. Oft fá fyrirbæri náttúrunnar mannlega eiginleika, t.d. roðna brekkurnar og vindurinn lætur sér fátt um finnast í kvæði Birgis Svan um haustið.

Haust

hann sýður litinn
við hægan árstíðareld
skorðar trönur

brekkurnar roðna
einsog feimnar heimasætur
er hann mundar pensil

íturvaxin björk
heldur dauðahaldi
í fátæklega laufkápu

vindurinn slángrar
um skuggsæla stíga
lætur sér fátt um finnast

Birgir Svan Símonarson

Persónusköpun

Persónusköpun er einn af veigamestu þáttum í sagnagerð. Líkt og um lifandi fólk sé að ræða eru persónur gæddar ýmsum eiginleikum, hafa mismunandi útlit og skoðanir. List rithöfundarins felst ekki síst í því að skapa persónu sem lesandinn kynnist smám saman við lestur sögunnar. Persónu sem hann getur séð fyrir sér, fengið samúð með eða andúð á, líkað vel við eða illa.

Stundum eru persónur í skáldsögum ekki mjög trúverðugar. Kannski er framkoma þeirra ekki í samræmi við lýsingu á þeim eða persónusköpunin einfaldlega misheppnuð. Það getur verið vegna þess að þær bregðast ekki við á sannfærandi hátt, skipta ekki skapi og eru einlitar. Stundum er talað um einhliða persónu, þ.e. þegar sögupersónan sýnir aðeins á sér eina hlið, er t.d. alltaf neikvæð eða alltaf jákvæð, alltaf glöð eða alltaf fúl. Aukapersónur fá stundum þetta hlutverk í skáldskap.

Persónum í skáldskap er skipt í aðalpersónur og aukapersónur. Algengt er að ein aðalpersóna sé í skáldverkinu en stundum eru þær fleiri. Aukapersónur eru ómissandi í bókmenntum líkt og aukaleikarar í kvikmynd. Hlutverk þeirra er eðlilega misstórt en án þeirra yrði skáldverk harla litlaust. Mikilvægi þeirra felst ekki síst í því að varpa ljósi á aðalpersónu þannig að persónueinkenni hennar komi enn skýrar fram og lýsing á henni verði heildstæð. Höfundur þarf að gæta þess að aukapersónur skyggi ekki á aðalpersónu með því að gefa þeim of mikið rými. Sumar aukapersónur hafa það hlutverk fyrst og fremst að skapa heildarmynd, fylla upp í sögusviðið. Sem dæmi um þekktar aukapersónur má nefna Ingjaldsfíflið í *Gísla sögu Súrssonar,* Rögnvald í *Englum alheimsins* og Hermione Granger í *Harry Potter.*

Margar persónur í skáldsögum hafa orðið ódauðlegar og talað er um þær eins og manneskjur af holdi og blóði. Það á t.d. við um nokkrar af persónum Halldórs Laxness, t.d. Bjart í Sumarhúsum í *Sjálfstæðu fólki*, Sölku Völku í samnefndri sögu og Uglu í *Atómstöðinni.*

Persóna

- afbrýðisöm
- barngóð
- eigingjörn
- einhliða
- fábrotin
- frek
- glaðleg
- grobbin
- hjálpsöm
- hæglát
- lygin
- jákvæð
- margbrotin
- neikvæð
- skreytin
- söngelsk
- vinsæl
- þjófótt
- þvermóðskufull

Bein og óbein lýsing persóna

Persónum í skáldverki er oftast lýst bæði beint og óbeint en stundum er önnur leiðin meira áberandi:

Bein lýsing: Persónum er lýst nákvæmlega, sagt hvernig þær líta út, t.d. hæð þeirra, aldur, hára- og augnlitur, holdafar og klæðnaður, jafnvel innræti, framkoma og hegðun.

Óbein lýsing: Persónur lýsa sér sjálfar eða lesandanum er látið eftir að draga upp mynd í huga sér og mynda sér skoðun á þeim með því að lesa milli línanna, með því að meta framkomu og hegðun og jafnvel viðbrögð annarra í sögunni við persónunum.

Úr Leysingu

Þorgeir verzlunarstjóri var tæplega meðalmaður á hæð og svaraði sér vel. Hann var fölleitur og skarpleitur, hafði verið fríður sýnum á yngri árum, og bar andlitið enn þess vott. Hann hafði þunt alskegg, sem hafði verið dökkjarpt og nú var orðið nokkuð hæruskotið. Klauf það sig lítið eitt undir miðri hökunni, en uppi á vöngunum var það naumast annað en hýjungur. Hann var orðinn skölláttur framan í höfðinu, en hárið í kring var hrokkið og farið að grána. Andlitið var harðlegt, en þó þreytulegt. Hrukkurnar voru djúpar, en ekki margar, hörundið móleitt og veðurbitið. Augun lágu innarlega undir dökkum brúnum. Þau voru lítil, grá og harðleg, og tillitið hvast. Nefið var beint og nokkuð hátt, kinnbeinin farin að standa örlítið út og markaði greinilega fyrir augnatóftunum að neðanverðu. Varirnar voru þunnar, lágu fast saman og sáust vel í gegnum skeggið. Drættirnir kringum munninn voru djúpir og skarpir. Allur bar svipurinn vott um kjark og sterkan vilja; en nú á síðari árum brá þar oft fyrir þunga og þreytu, sem aldrei hafði sézt þar áður. En jafnframt virtist Þorgeir æ betur og betur fá vald yfir svipbreytingum sínum. Honum hafði jafnvel tekist að temja svo andlitsdrættina, að þeim brá hvergi við geðbrigði hans og gátu enda stundum sýnt alt annað hugarástand en það, sem inni fyrir ríkti. Þorgeir var orðinn dulari í skapi en áður að sögn þeirra, sem lengi höfðu þekt hann. Nú var erfitt að sjá það á honum, hvort honum líkaði betur eða ver.

Jón Trausti



Hlutverk aukapersóna

Aukapersóna getur varpað ljósi á aðalpersónu með því að:

- vera andstæða hennar og vekja þannig athygli á t.d. kostum eða jafnvel göllum.
- glíma við vandamál sem aðalpersónan bregst við og sýnir þar með kosti sína, styrk eða veikleika.
- fylla upp í sögusvið



Póstmódernismi

Póstmódernismi hefur ólíka merkingu í huga fólks og hefur hann verið skilgreindur á marga vegu. Einhverjir kynnu að lýsa honum á þá leið að hann sé hugmyndafræði þar sem allt er leyfilegt, aðrir að hann sé sveigjanlegur eða jafnvel stefnulaus. Í víðum skilningi má segja að póstmódernismi sé nútíminn og erfitt getur verið að lýsa því sem er nálægt okkur í tíma, ekki síst vegna óstöðugleika og hraða en einnig vegna nálægðarinnar við það sem er – og þar með skorti á yfirsýn. En ef póstmódernisminn er nútíminn rúmast þá önnur hugmyndafræði í nútímanum? Já, vissulega. Hugtök eins og raunhyggja, póstraunhyggja, pragmatismi, þráttarhyggja, eðlishyggja, fyrirbærafræði og táknhyggja, túlkunarhyggja, gagnrýnin vísindi og femínismi eru líka notuð til að lýsa nútímanum.

Póstmódernismi felur í sér róttækt andóf gegn hefðum og venjum. Skýr birtingarmynd þess í íslenskum bókmenntum eru dægurlagatextar Megasar um Ingólf Arnarson, Snorra Sturluson og Jónas Hallgrímsson. Í póstmódernisma mást út skil hámenningar og lágmenningar og jafnvel líka skáldskapar og fræða. Hugtakinu er ætlað að ná yfir marga og ólíka meginstrauma samtíðar okkar og felur í sér nokkurs konar upplausnarástand þar sem öllum stefnum og viðhorfum er blandað saman með það að sjónarmiði að allt sé leyfilegt í menningu, listum, tísku og fræðum.

dauði snorra sturlusonar

þeir riðu átján eins og gengur
eftir miðjum reykholtsdal
með nýja hjálma nýja skildi
nýja skó & troðinn mal

þeir sungu frekt með fólskuhljóðum:
færum snorra á heiljarslóð
& vöktu alla uppá bænum
engum þóttu ljóðin góð

þeir fóru um allt & undir rúmin
en engan snorra fundu þó
hann bjó við fálkagötu & gerði
grín að þessu og skellihló

Megas

Prósaljóð

Prósaljóð er stuttur ljóðrænn texti í óbundnu máli. Orðaval ljóðanna, hljómur og myndmál er skáldlegt en þau hafa enga erindaskiptingu eins og bundið mál. Prósaljóð eru skyld örsögum en texti þeirra er knappari og hnitmiðaðri.

Árið 1922 kom út fyrsta íslenska prósaljóðabókin. Hún hét *Flugur* og höfundur hennar Jón Thoroddsen. Hann lést tveimur árum síðar, aðeins 26 ára.

Einu sinni var stúlka sem hét Rauðhetta. Eða kanski Bláslæða. Hét hún annars Hvítskupla?

Hún var úti í skógi með egg og vín (Sumir segja aldin og mjólk) sem hún gaf þremur baungsum. Hún lék sér við þá og braut gullin þeirra. Þeir fóru burt skælandi.

Hvítskupla (eða hvaðsemhúnnúannarshét) lagðist þá til svefns og svaf í heila öld. Kríngum hana óx þyrnigerði.

Sætasti bángsinn sem var reyndar úlfur felldi álagahaminn og breyttist í stóran og sterkan skógarhöggsmann sem líka var prins. Hann hjó sér braut gegnum þyrnigerðið og vakti Bláslæðu (Hét hún annars Rauðhetta?) með kossi.

Þá mælti hún:

– Skelfing rekurðu upp stór augu.

– Já, svaraði hann: Ég er að glápa á þig.

– Svaka tennur ertu með, sagði hún þá.

– Já, það er til þess að ég geti bitið þig í brjóstin.

Hér lýkur Mjallhvítar sögu.

Dagur Sigurðarson Thoroddsen

Einkenni

- athygli vakin á misrétti, fátækt og réttleysi
- höfundar vilja hafa áhrif á umhverfi sitt
- samúð með undirmálsfólki
- bókmenntir með ádeilublæ
- kvennabarátta

Nokkur höfuðskáld tímabilsins

Einar Benediktsson (1864–1940)
Einar H. Kvaran (1859–1938)
Gestur Pálsson (1852–1891)
Guðmundur Friðjónsson (1869–1944)
Hannes Hafstein (1861–1922)
Jón Trausti (1873–1918)
Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum (1857–1933)
Ragnheiður Jónsdóttir (1895–1967)
Stefán Jónsson (1905–1966)
Stephan G. Stephansson (1853–1927)
Þorgils gjallandi (Jón Stefánsson) (1851–1915)
Þorsteinn Erlingsson (1858–1914)

Raunsæi

Þegar höfundur vill gefa efni sínu raunsætt yfirbragð gætir hann þess að lýsa umhverfi og persónum þannig að lesandinn fái á tilfinninguna að verið sé að lýsa raunverulegu fólki og umhverfi. Að það sem sagt er frá hafi í raun og veru gerst.

> *En það er einn galli á gjöf Njarðar: Bergsteinn er slíkur raunsæismaður að sagt er að ef lítil fluga sé á sveimi þegar hann málar megi finna hana í verkinu.*
>
> *Raunsæið sjálft er þó ekki gallinn – fólk hefur ekkert á móti raunveruleikanum – en raunsæi Bergsteins hefur það í för með sér að Kleppsspítali er nánast inni á öllum myndunum sem hann málar.*
>
> *Einar Már Guðmundsson: Englar alheimsins*

Raunsæisstefna

Bókmenntasögu er skipt í nokkur tímabil, eitt þeirra er kennt við raunsæi. Það kom fyrst fram hér á landi á fyrri helmingi 19. aldar og reis gegn inntaki rómantísku stefnunnar. Hlutverk skálda var að fjalla um samtíð sína og lýsa raunveruleikanum sem blasti við allt í kring; fátækt, mismunun og réttleysi. Skáldin áttu í skrifum sínum að benda á hvað betur mætti fara, hafa áhrif á umhverfi sitt og berjast fyrir betra lífi almennings, ekki síst undirmálsfólks. Þannig fengu bókmenntir oft á sig ádeilublæ. Áhersla var lögð á smásögur og skáldsögur en einnig voru ort kraftmikil baráttu- og brýningarljóð og ritaðar barna- og unglingabækur í anda raunsæis.

Reyfari

Reyfari er skáldsaga sem ekki þykir hafa mikið bókmenntalegt gildi. Söguþráður er einfaldur, ákveðið vandamál er tekið til umfjöllunar og það leyst. Stundum er talað um að reyfarar séu verksmiðjuframleiddar bókmenntir. Með því er átt við að bækurnar séu frekar hugsaðar sem söluvara en fagurbókmenntir, að atburðarás sé einföld og lúti lögmálum fyrirframgefinnar formúlu.

Riddarasögur

Riddarasögur eru ævintýrasögur sem rekja má allt til 12. aldar. Þær eru franskar að uppruna. Sögusviðið er fjarlæg lönd utan Evrópu. Í sögunum segir af ástum og hirðlífi, glæsilegum konum og körlum, bardögum og hetjudáðum. Sögurnar eru fjarstæðukenndar og einkennast af óraunsæi og ævintýrablæ. Stíll sagnanna er ýktur og orðmargur og oft eru notaðir ljóðstafir og rím. Þær hafa lítið sem ekkert sagnfræðilegt gildi en efni þeirra þótti mörgum svo skemmtilegt að þeir sáu ástæðu til að nota það sem söguþráð í rímum.

Sumar riddarasögur voru þýddar úr erlendum málum en aðrar frumsamdar að erlendri fyrirmynd. Höfundarnir eða þýðendur eru yfirleitt óþekktir. Meðal vinsælustu sagnanna voru líklega *Tristrams saga og Ísöndar og Möttuls saga*. Riddarasögur voru lengi vinsælar á Íslandi og haldið var áfram að semja þær öldum saman.

> *Köder talaði þá: „Eg veit eina jungfrú að svo ber af öllum kóngadætrum og öllum öðrum meyjum sem gull af blýi, eður það gras er lilja heitir ber birti af þeim eldibrandi er steinkol heita. Þó hefir hún meiri fordeild um visku og velkunnindi, með heiður og hverskyns hannyrðir. Og er það skjótast af að segja að hennar líki hefir eigi fæðst í allri heimskringlunni að vænleik og öllum kvenlegum listum."*
>
> *Blávus mælti þá: „Auðséð er það hvert líkamslýti þú hefir mest, en það er að tungan er mikilsti löng í þér, og skaltu nú gjöra annaðhvort að ljúga ekki hér af meira, ella skaltu hanga við hinn hæsta gálga."*
>
> *Brot úr Viktors sögu og Blávus*

Rís

Hefðbundin bygging sögu er: kynning – flækja – lausn. Risið er hluti af flækju sögunnar, eiginlega hápunktur hennar. Áður en kemur að risinu er sagt frá ýmsum atburðum eða atriðum sem leiða smám saman að ákveðnum hápunkti í atburðarásinni, sem kallað er ris. Þar verða síðan skil í atburðarásinni og við tekur lausn sögunnar eða niðurlag. Í sumum sögum getur verið fleiri en eitt ris og í öðrum er ekki mjög augljóst hvar það er.



- ást í meinum
- gull
- hirðlíf
- kappar
- kastalar
- kurteisi
- lauslæti
- ótryggð
- töfragripir

Nöfn nokkurra riddarasagna

Blómsturvallasaga
Drauma-Jóns saga
Flóres saga konungs og sona hans
Flóres saga og Blankiflúr
Jarlmanns saga og Hermanns
Kirjalax saga
Konráðs saga keisarasonar
Mírmans saga
Möttuls saga
Rémundar saga keisarasonar
Samsons saga fagra
Sigurgarðs saga frækna
Sigurðar saga fóts
Sigurðar saga þögla
Tristrams saga og Ísöndar
Viktors saga og Blávus
Vilhjálms saga sjóðs
Vilmundar saga viðutan

Ritdómur

Þegar nýjar bækur koma út birtist jafnan ritdómur í blöðum eða tímaritum. Ritdómur er nokkurs konar umsögn um bókina. Í honum er nýja bókin kynnt, efni hennar rakið og fjallað um kosti og galla. Ritdómar eru misjafnir að lengd, sumir eru stuttir og innihaldslitlir meðan aðrir eru langir og ítarlegir. Ritdómum er jafnan skipt í tvennt; blaðadóma og tímaritsdóma. Blaðadómar eru styttri og eru skrifaðir í beinu framhaldi af útgáfu verks en tímaritsdómar eru lengri, ítarlegri og fræðilegri og birtast síðar.

Meðal þess sem fjallað er um í ritdómi eru atriði eins og útlit, umbrot, leturstærð, málfar og stafsetning. Ekki síst er þó fjallað um stíl og efnistök höfundar og skoðun þess sem skrifar á bókmenntaverkinu. Hún er stundum umdeild en þarf að vera rökstudd og getur skapað lífleg skoðanaskipti.

Rithöfundur

Rithöfundur er sá kallaður sem skrifar bækur. Það geta verið skáldsögur, ljóðabækur, smá--sögur, leikrit og ýmsar aðrar gerðir bóka. Orðið er frekar víðtækt og oft eru notuð önnur sem eru sértækari, t.d. barnabókahöfundur, unglingabókahöfundur, ljóðskáld, leikskáld, fræði-bókahöfundur, ævisagnahöfundur, smásagnahöfundur eða skáldsagnahöfundur.

Rithöfundar

Rithöfundar eru aðdáunarverðir
en njóta oft ekki nægrar virðingar.
Þeir skrifa bækur sem fólk vill kaupa og lesa.
Þeir vinna hægt og yfirvegað og margir þeirra kunna að tala
um sjálfa sig og ljúga því eins og leikarar að þeir séu feimnir,
auðmjúkir og hvorki sjálfhverfir né fáfengilegir.

Þórdís Gísladóttir

Rím

Þegar tvö eða fleiri atkvæði orða hljóma saman er sagt að orðin rími, t.d. **diskur** og **fiskur**. Rímorð getur verið eitt atkvæði eða fleiri, endingarlaust eða með endingu. Það getur verið í enda ljóðlínu, í byrjun hennar eða í henni miðri. Rím gefur orðum aukaáherslu, hrynjandi verður skýrari, ljóðlínur fá skýran endi, það vekur eftirvæntingu og tengir texta saman.

Til eru margar gerðir af rími:

Alrím: Þegar rímorðin hafa eins sérhljóð og samhljóð kallast það alrím, stundum kallað aðalhending: s**ápa** – gl**ápa.**
Hálfrím: Ef rímorðin hafa aðeins sama eða sömu samhljóð en ólíkt sérhljóð kallast það hálfrím, stundum kallað skothending: ra**ngur** – þu**ngur.** Það er einnig kallað hálfrím þegar einungis sérhljóðarnir í orðunum ríma: f**u**gl – g**u**ll.
Karlrím: Ef rímorðin hafa eitt akvæði er það kallað karlrím: m**ig** – þ**ig.**
Kvenrím: Ef rímorðin hafa tvö atkvæði er það kallað kvenrím: þ**ekki** – **ekki.**
Veggjað rím: Ef rímorðin hafa þrjú atkvæði er það kallað veggjað rím: g**angandi** – h**angandi.**
Innrím: Ef rímorðin eru innan sömu ljóðlínu kallast rímið innrím: „s**öng** í hverri jakasp**öng.**"
Endarím: Þegar rímorðin eru í enda ljóðlínu kallast það endarím. Það er algengast í kveðskap.
Víxlrím: Endarím getur verið svokallað víxlrím, þá ríma orð í enda 1. og 3. og svo 2. og 4. ljóðlínu.
Runurím: Endarím getur verið svokallað runurím, þá ríma orð í enda 1. og 2. ljóðlínu saman og svo 3. og 4. ljóðlínu. Stundum ríma orð í enda allra ljóðlína, hvert á eftir öðru, þ.e. 1., 2., 3. og 4.
Miðrím: Þegar rímorðin eru inni í ljóðlínu er það kallað miðrím.
Framrím: Þegar orð fremst í ljóðlínu ríma saman er það kallað framrím. Það er ekki algengt.

*Brautar**gengi** brestur **mig**,*
*bót ég **enga þekki**,*
*ó hve **lengi** þreyði ég **þig**,*
*þó ég **fengi ekki**.*

Steinn Steinarr



Margar gerðir ríms

- alrím
- endarím
- framrím
- hálfrím
- innrím
- karlrím
- kvenrím
- miðrím
- runurím
- veggjað rím
- víxlrím

Einkenni rómantísku stefnunnar

- tilfinningar
- ímyndun
- söfnun þjóðsagna
- þjóðfrelsi
- náttúrudýrkun

Helstu skáld tímabilsins

Benedikt Gröndal (1826–1907)

Bjarni Thorarensen (1786–1841)

Grímur Thomsen (1820–1896)

Jón Thoroddsen (1818–1868)

Jónas Hallgrímsson (1807–1845)

Kristján Jónsson fjallaskáld (1842–1869)

Matthías Jochumsson (1835–1920)

Páll Ólafsson

(1827–1905)

Steingrímur Thorsteinsson (1831–1913)

Sveinbjörn Egilsson (1791–1852)

Rímur

Rímur eru langir ljóðabálkar sem algengt var að kveða í íslenskum baðstofum fyrri alda. Í þeim er sögð saga sem oftast er þekkt og eru rímurnar þannig nokkurs konar endursögn. Yrkisefnið var einkum sótt í samtímaviðburði, erlendar skemmtisögur, biblíuna, þjóðtrúna og ævintýri. Oft eru rímur byggðar á riddarasögum og fornaldarsögum Norðurlanda. Stundum er aðeins hluti sögu yrkisefni. Rímurnar skiptust í kafla og var hver kafli ein ríma. Skáldin kepptust við að vera frumleg og notuðu margs konar rímnahætti, fjölbreytt orðaval og myndmál.

Rímnakveðskapur hófst á Íslandi á 14. öld og var vinsæll allt fram á 20. öld. Á 19. öld þótti mörgum sem rímnakveðskapurinn væri úr sér genginn og gagnrýndu hann fyrir að vera heldur ómerkilegur kveðskapur. Til að byrja með voru rímurnar höfundalausar en farið var að nafngreina höfunda þeirra á lærdómsöld.

Rómantíska stefnan

Rómantíska stefnan er tímabil í bókmenntasögu. Hún kom fram í Evrópu í lok 18. aldar en áhrifa hennar gætti ekki á Íslandi fyrr en nokkru síðar. Rómantíska stefnan tók við af upplýsingarstefnu. Í stað þess að leggja áherslu á fræðslu og nytsemi má greina áherslu á tilfinningar og ímyndun, ættjarðarást og aðdáun á fornöld. Vandamál samtíðar skipta rómantísk skáld litlu máli.

Þjóðsagnasöfnun, sakamálasögur og reyfarar eiga rætur í þessu tímabili og einnig hrollvekjur. Á Íslandi fylgdi rómantísku stefnunni mikill áhugi á sögu þjóðarinnar, einkum fyrstu öldunum. Barátta fyrir þjóðfrelsi tengist stefnunni og mikið er til af hvatningarljóðum frá þessum tíma. Árið 1850 var fyrsta íslenska skáldsagan gefin út, *Piltur og stúlka* eftir Jón Thoroddsen

Rómantíska stefnan breytti lífsviðhorfi fólks og skapaði nýtt verðmætamat. Skáldin höfðu háar hugmyndir um köllun sína, innblásturinn var náðargáfa og skáldskapurinn hafinn yfir daglegt strit. Þau sungu náttúrunni lof, fegurð fjalla, blárra vatna, niðandi fossa, dimmra gljúfra og grænna skóga.

Rómantíska stefnan var ríkjandi hér fram undir lok 19. aldar. Síðustu áratugina bar hún keim af baráttu gegn raunsæisstefnu og vaxandi efnishyggju.



Úr Pilti og stúlku

Nú bar svo einu sinni við, að þau Indriði urðu tvö saman eftir í stofunni. Sigríður hafði alltaf haldið uppi tali við þá gestina, en er þeir voru út gengnir, þagnaði hún og leit í gaupnir sér; Indriða varð og orðfall um hríð, en bæði sátu þau sitt hvorum megin við dálítið borð, er þar var í stofunni. Svona leið dálítil stund, að þau yrtu hvorugt á annað, þangað til Sigríður allt í einu lítur upp og framan í Indriða og varð í sama bili rjóð út undir eyru. Þess háttar augnaráð og tillit stúlkna eru yngismenn vanir að skilja, og Indriði hefði orðið að vera skynskiptingur, ef hann hefði ekki ráðið í, hvað Sigríði þá flaug í huga.

Jón Thoroddsen

Sagnadans

Fyrr á öldum skemmti fólk sér við söng og dans rétt eins og í dag. Ekki höfðu menn hljóðfæri heldur sáu kvæðamenn um tónlistarflutninginn en aðrir röðuðu sér í hring á gólfinu og dönsuðu eftir hljómfallinu með tilheyrandi fjöri og kátínu. Kvæðin sem kveðin voru kallast sagnadansar. Þeir eru erlendir að uppruna en voru þýddir á íslensku eða frumsamdir að erlendri fyrirmynd. Aldur þessara kvæða er nokkuð óljós en þau elstu eru líklega frá því um 1400. Kvæðin varðveittust lengi í munnlegri geymd og voru ekki skrifuð niður fyrr en á 17. öld. Höfundar þeirra eru óþekktir. Hver vísa inniheldur tvær eða fjórar ljóðlínur og henni fylgir viðlag. Ljóðstafir voru óreglulegir og rímið oft fábrotið eða óvandað. Málfarið var oft heldur lélegt og erlendar slettur áberandi.

Í kvæðunum var sögð stutt saga í bundnu máli. Söguhetjur voru oft heldra fólk og fjallað um sárar og ljúfar sorgir eða hetjuskap af einhverju tagi. Umfjöllunarefnið gat verið ást í meinum, óskilgetin börn, nauðgun og dauði – enda hefndu menn harma sinna á þessum tíma líkt og þeir hafa tilhneigingu til að gera enn í dag.

Nokkur þekkt sálmaskáld

Björn Halldórsson í Laufási (1823–1882)
Sjá himins opnast hlið.

Einar Sigurðsson í Eydölum (1538–1626)
Kvæðið af stallinum Kristí (Nóttin var sú ágæt ein).

Helgi Hálfdanarson (1826–1894)
Hin fegusta rósin er fundin.

Matthías Jochumsson (1835–1920)
Lofsöngur,
Ó, faðir, gjör mig lítið ljós,
Ó, þá náð að eiga Jesú,
Hvað boðar nýárs blessuð sól?, Það aldin út er sprungið.

Páll Jónsson (1812–1889)
Ó, Jesú, bróðir besti.

Sigurbjörn Einarson (1911–2008)
Þú Drottinn átt það allt.
Fyrir þá alla er fá nú hvíld hjá þér.

Valdemar Briem (1848–1930)
Í dag er glatt í döprum hjörtum, Nú árið er liðið.
Slá þú hjartans hjörpustrengi. Í Betlehem er barn oss fætt.

Úr Tristramskvæði

Svo er hún fögur sem sól í heiði renni,
augun voru sem baldinbrá,
ber þar ekki skuggann á,
og er sá sæll, sem sofna náir hjá henni
– Þeim var ekki skapað nema að skilja
- - -
Ausin voru þau moldinni
fljótt og ótt,
sínu megin kirkjunnar
lá þá hvort.
Runnu upp af leiðum þeirra
lundar tveir,
upp af miðri kirkjunni
mættust þeir.
– Þeim var ekki skapað nema skilja

Sálmar

Sálmar eru tegund af ljóðum og eru ætlaðir til söngs. Þeir skiptast í erindi sem undantekningarlaust hafa ljóðstafi og langoftast endarím. Þeir eru alltaf af trúarlegum toga og innihalda lofgjörð eða bæn ásamt siðgæðisboðskap af einhverju tagi. Til eru margir flokkar sálma og má til dæmis nefna jólasálma, barnasálma, skírnarsálma, brúðkaupssálma, aðventusálma, áramótasálma og jarðarfararsálma. Íslenskur sálmakveðskapur hófst með siðaskiptunum 1550. Frumkvöðlar kristinnar trúar vildu að söfnuðurinn tæki þátt í helgihaldi guðsþjónustunnar og lögðu mikla áherslu á að þýða sálma eða semja.

Frægasta sálmaskáld okkar Íslendinga er Hallgrímur Pétursson (1614–1674) sem orti Passíusálmana fimmtíu og sálminn Um dauðans óvissan tíma (Allt eins og blómstrið eina) sem sunginn er við margar jarðarfarir á Íslandi.

Úr Passíusálmum

Upp, upp mín sál og allt mitt geð,
upp mitt hjarta og rómur með,
hugur og tunga hjálpi til,
herrans pínu ég minnast vil.

Hallgrímur Pétursson

Sjónarhorn

Þegar ljósmyndari tekur mynd velur hann sér sjónarhorn. Hann getur tekið myndina ofan af húsþaki og yfir stórt svæði, staðið fyrir neðan háa byggingu og tekið myndina upp eftir byggingunni, svo dæmi sé tekið. Sjónarhornið sem hann velur hefur mikil áhrif á útkomuna og upplifun þess sem horfir á myndina. Staða höfundar eða sögumanns í skáldskap er skyld sjónarhorni ljósmyndarans þótt hún sé annars konar. Sjónarhornið er einn þáttur í því sem kallað er frásagnarháttur.



Höfundur getur verið sýnilegur eða fjarlægur, hann getur ákveðið að vera alvitur og segja frá því sem allar persónur hugsa eða hann getur takmarkað vitneskju sína við eina aðalpersónu. Hann getur einnig staðið fyrir utan hug persóna og sagt frá í 3. persónu eða notað fyrstu persónu frásögn. Hann getur jafnvel ákveðið að nota fleiri en eina aðferð í sama skáldverki.

- **Sögumaður er alvitur**. Hann veit allt, sér í hug margra eða allra persóna. Hann segir frá því hvað allar eða flestar persónur hugsa, hvernig þeim líður, hvað þeim finnst.
- **Sögumaður takmarkar vitneskju sína**. Hann sér aðeins í hug einnar persónu eða fárra og segir hvað þær hugsa. Öðrum persónum lýsir hann utan frá, segir hvað þær segja eða gera. Algengt er að sögumaður taki sér stöðu við hlið einnar aðalpersónu og lýsi atburðum frá sjónarhorni hennar.
- **Sögumaður er hlutlægur**. Hann stendur fyrir utan sjálfa atburðarásina og lýsir því sem á sér stað á hlutlægan hátt. Segir frá því sem aðrir segja og gera en aldrei hvað þeir hugsa.
- **Fyrstu persónu frásögn.** Sagan er sögð út frá sjónarhorni einnar persónu sem sér ekki í hug annarra persóna. Einhver ég segir frá.

Skáldaleyfi

Stundum víkja höfundar frá viðteknum reglum um málfar, stafsetningu, form eða efni. Slíkt er kallað skáldaleyfi. Algengt er að reglur um eitt orð og tvö séu brotnar og einnig ng- og nk-reglur. Stundum hnika höfundar til rithætti til þess að rím gangi upp og stundum er sögulegum staðreyndum breytt ef það þykir henta efninu betur.

Nú er veður til að skapa (brot)

Og hnetti man ég eftir
ef hnött það skyldi kalla
sem hlaðinn var af mannabeinum,
púðri og vikursalla.
Og alveg varð ég hissa
er herrann lét sér detta
í hug að nota þetta,
handa foringjanum Hitler
og föður Jósep Stalín.
- Nú fá þeir að vera saman
og rímsins vegna í peysum,
frá prjónastofunni Malín.



Tómas Guðmundsson

Skáldsaga

Skáldsagan er ein umfangsmesta og fjölbreyttasta grein bókmennta. Hún hefur verið skilgreind á marga vegu en í mikilli einföldun má segja að hún sé löng skálduð frásögn í lausu máli. Í skáldsögu á sér stað einhver atburðarás, hún gerist á tilteknum tíma, umhverfislýsingar og persónusköpun skipa stóran sess. Skáldsögum má skipta í flokka eftir efni, s.s. ástarsögur, unglingasögur, hetjusögur, glæpasögur, spennusögur, hrollvekjur. Skáldsagan sem sjálfstætt bókmenntaform hlaut ekki viðurkenningu í Evrópu fyrr en á 18. öld og á Íslandi voru fyrstu skáldsögurnar ekki samdar fyrr en á 19. öld. Samfelld skáldsagnaritun á Íslandi hófst ekki fyrr en í upphafi 20. aldar.

- ástarsaga
- barnasaga
- glæpasaga
- hetjusaga
- hrollvekja
- morðsaga
- spennusaga
- unglingasaga
- þroskasaga

Skrauthvörf

Sum orð þykja óviðeigandi, gróf eða dónaleg og höfundar veigra sér við að nota þau í skrifum sínum. Í staðinn velja þeir orð sem hafa sömu eða svipaða merkingu en þykja kannski „fínni“ eða meira viðeigandi. Slík orð eru kölluð skrauthvörf. Orðin veigrunarorð eða fegrunarheiti eru einnig notuð. Þessi orð tengjast oft kynferðismálum, dauða, afbrotum eða blótsyrðum.

bannorð		skrauthvörf
rass	→	*bossi, botn*
deyja	→	*kveðja, hrynja niður*
þjófóttur	→	*fingralangur*



Smásaga

Smásaga er stutt skálduð frásögn, styttri en skáldsaga og lengri en örsaga. Persónur hennar eru yfirleitt fáar og persónulýsingar takmarkaðar. Innri tími sögunnar er yfirleitt stuttur, jafnvel bara eins og ein svipmynd. Kjarni sögunnar er oft einn áhrifaríkur atburður, uppgötvun, afhjúpun sannleika eða leyndarmáls. List smásagnahöfundarins felst ekki síst í því að grípa athygli lesandans strax í fyrstu setningum sögunnar, snerta tilfinningar hans og vekja hann til umhugsunar, jafnvel koma honum á óvart. Bygging smásögu er ekki eins og hefðbundin bygging skáldsögu sem hefur kynningu, flækju og lausn. Í smásögu er oft engin kynning eða kynningin er ein málsgrein. Ris sögunnar er oft jafnframt lausn hennar.

Vatnið er skringilega grænt, glærgrænt eins og slý. Kannski hefur krakki pissað í laugina. Oj, nei, rólegan, rólegan, það eru engir krakkar hérna núna. Engir skríkjandi pottormar að hoppa ofan á gamlar konur í baksundi. Engar æstar smástelpur í vatnsrennibrautinni. Bara mamma, þarna í móðunni. Veifandi í snjókófinu eins og það sé 30 stiga hiti og sól og sumar og allt barasta ókei eða þannig. Vá, hvað það er langt í burtu. Allt það góða, það sem var gott.

Auður Jónsdóttir: Reiði

Helstu einkenni smásögu

- stutt frásögn
- fáar persónur
- afmarkað sögusvið
- einn áhrifaríkur atburður
- eitt þema



Sonnetta

Sonnetta er bragarháttur sem kom fyrst fram á 13. öld. Til eru fleiri en eitt afbrigði en ræturnar eru ítalskar. Ítalska sonnettan er fjórtán ljóðlínur með ellefu atkvæðum í hverri línu og fimm bragliðum. Ljóðlínurnar fjórtán skiptast í fjögur erindi; tvö með fjórum ljóðlínum og tvö með þremur ljóðlínum. Rímið er mismunandi en algengt er að það sé **abba** í fyrri tveimur erindunum og **cdc** í tveimur síðari. Í ensku gerðinni eru jafn mörg erindi en þrjú fyrstu hafa fjórar ljóðlínur og það fjórða og síðasta tvær.

Jónas Hallgrímsson er talinn hafa ort fyrstu og jafnframt þekktustu íslensku sonnettuna,
Ég bið að heilsa.

Nú andar suðrið sæla vindum þýðum.
Á sjónum allar bárur smáar rísa
og flykkjast heim að fögru landi ísa,
að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum.

Ó, heilsið öllum heima rómi blíðum
um hæð og sund í drottins ást og friði.
Kyssið þið, bárur, bát á fiskimiði.
Blásið þið, vindar, hlýtt á kinnum fríðum.

Vorboðinn ljúfi, fuglinn trúr, sem fer
með fjaðrabliki háa vegaleysu
í sumardal að kveða kvæðin þín!

Heilsaðu einkum, ef að fyrir ber
engil með húfu og rauðan skúf, í peysu.
Þröstur minn góður, það er stúlkan mín.

Jónas Hallgrímsson

Helstu einkenni sonnettu

14 línur
11 atkvæði og 5 bragliðir í ljóðlínu

ítalska gerðin: 4 + 4 + 3 + 3

enska gerðin: 4 + 4 + 4 + 2
endarím

Staka

Staka er sjálfstæð vísa sem oft er ort undir ferkvæðum hætti. Hún er einnig kölluð ferskeytla, lausavísa eða bara vísa. Orðið húsgangar er stundum notað og vísar til þess að stökurnar hafi gengið frá manni til manns, hús úr húsi. Vísur eða stökur hafa oft lifað á vörum fólks án þess að höfundar þeirra séu þekktir. Hins vegar er til fjöldinn allur af stökum eftir þekkt skáld.

Mér er þetta mátulegt.
Mátti vel til haga,
Hefði eg betur hana þekkt,
sem harma ég alla daga.

Jónas Hallgrímsson

Stílbrögð

Til þess að glæða texta lífi, auka áhrifamátt hans eða gera hann sérstakan notar höfundur mismunandi stílbrögð. Algeng stílbrögð eru andstæður, endurtekningar, þversagnir og háð.

Stíll

Þegar talað er um stíl texta er einkum átt við yfirbragð hans, þ.e. málnotkun, orðalag, orðaval, setningagerð og jafnvel uppsetningu. Stíll mótast meðal annars af því hvaða orð höfundur velur og hvaða tilfinningar hann leggur í textann en einnig af efninu. Texti í spennusögu hefur annan stíl en texti í ævisögu og texti í örsögu hefur annan stíl en texti í erfiljóði. Margir höfundar þekkjast af stíl sínum, t.d. Halldór Laxness og Þórbergur Þórðarson.

Ýmiss konar hugtök eru notuð til að lýsa stíl texta, nefna má sem dæmi orðin barnalegur, einfaldur, flókinn, formlegur, háðslegur, hátíðlegur, hlutlægur, huglægur, hversdagslegur, litríkur, lipur, margræður, persónulegur, ópersónulegur, skáldlegur, talmálslegur, tilfinningaþrunginn, tvíræður og þjóðlegur. Einnig er talað um símskeytastíl, alþýðustíl, kansellístíl, skrúðstíl og lærðan stíl – og jafnvel stílleysu.

símskeytastíll	*Kem snemma, vertu tilbúinn, er á hraðferð.*
hversdagslegur stíll	*Ég ákvað að senda ykkur nokkrar línur til að skýra út hvernig ferðaáætlunin verður. Við komum frekar snemma svo það er betra að þið verðið tilbúin enda verðum við sjálfsagt á hraðferð.*
lærður stíll	*Þessi orð eru ykkur frómum, vellærðum, frægættuðum og vísum tilskrifuð að þau megi uppvísa um ætlan mína og míns fróma vinar sem í öllu mun hafa sýnt æru og góðvild og vináttu og kærleik með orðum og gjörðum og bið ég almáttugan eilífan guð að sýna honum ávallt náð og blessan.*
barnalegur stíll	*Pössum okkur núna, það gæti einhver fattað hvað við erum að gera. Þessi ólétta kelling er alltaf svo forvitin.*

Súrrealismi

Súrrealismi sem bókmenntastefna kom fram í Evrópu í lok 19. aldar. Orðið sjálft, súrrealismi, þýðir yfirraunsæi, þ.e. eitthvað sem ekki er raunsætt, á sér ekki stað í raunveruleikanum. Mörkin milli veruleika og ímyndunar verða þannig óljós og tilgangurinn sá að losa fólk úr viðjum vanabundins hugsunarháttar. Mörg súrrealísk skáld höfðu sterkar pólitískar skoðanir og vildu hafa áhrif á viðhorf lesandans. Sjón er eitt af okkar þekktari súrrealísku skáldum.

Draumráðningar (brot)

Ef þig dreymir að maríubjalla
skríði út úr ermi hægri handar
þá muntu hitta mann með höfuð
úr grænmeti og þrjá teninga í
maganum.

Sjón

Söguleg nútíð

Söguleg nútíð er stílbragð sem felst í því að sagt er frá löngu liðnum atburðum og látið eins og þeir gerist á þeim tíma sem sagt er frá þeim. Þannig eru lesendur færðir nær atburðunum.

Snorri rís seinlega á fætur og leggur frá sér fjöðurstafinn. Hann verkjar í bakið. Ég verð að reyna að hreyfa mig meira, hugsar hann. Gera nokkrar léttar æfingar og skreppa svo í laugina á eftir og láta líða úr mér. Þessi þaulseta yfir kálfskinnum er alveg að drepa mig. Ég er nú heldur ekkert unglamb lengur.

Hann yppir öxlum nokkrum sinnum og sveigir sig fram, aftur og til hliðar. Það brakar í hryggjarliðum. Hann dæsir hátt og bölvar svo í hljóði. Ég hefði átt að fara betur með mig, segir hann við sjálfan sig í hálfum hljóðum.

Svo leggur hann af stað í átt til dyra. Það er farið að rökkva en þó ekki kominn tími til að kveikja. Snorri grípur þó með sér kerti á stjaka og tendrar það áður en hann stingur sér inn í dimm göngin sem liggja niður að lauginni.

SKS

Söguleg skáldsaga

Í sögulegum skáldsögum er sagt frá liðnum atburðum eða raunverulegum persónum sem oft er lítið vitað um. Höfundur skáldsögunnar leggst gjarnan í rannsóknarvinnu og aflar sér heimilda um persónurnar, tíma og umhverfi þeirra atburða sem hann segir frá. Hann reynir þannig að endurskapa stemningu og gera frásögnina trúverðuga. Lítil takmörk eru fyrir því hvað hægt er að segja frá fjarlægum atburðum svo lengi sem til eru einhverjar lágmarksheimildir um þá. Einnig er hægt að segja frá atburðum sem gerðust fyrir ekki svo ýkja löngu.



Sögumaður

Í skáldverkum er alltaf einhver sögumaður. Þegar öll sagan er lögð í munn einum sögumanni er einhver „ég" sem talar. Stundum er erfitt að greina sögumann því hann felur sig ef til vill á bak við einhverja persónu í bókinni. Sögumaður getur þannig verið nálægur eða fjarlægur, hann getur verið sýnilegur og ósýnilegur. Sögumaður og söguhöfundur er ekki það sama. Sögumaður getur t.d. verið unglingur þótt söguhöfundur, þ.e. skáldið sem skrifar söguna, sé fullorðinn maður.

> *Haldiði að það yrði taugaáfall? Því einsog þú veist lesandi góður það er ekki bara glugga-skreytingunum og vopnaburði sem hefur hnignað frá dögum Ívars hlújárns á miðöldum. Hetjudáðirnar hafa líka fengið annað inntak.*
>
> *Einar Már Guðmundsson: Riddarar hringstigans*

Hér er sögumaður ungur drengur sem ekki er byrjaður í skóla. Hann er þátttakandi í atburðarásinni og svo nálægur lesandanum að hann ávarpar hann beint. Söguhöfundurinn er hins vegar fæddur árið 1954.



Sögusvið

Hugtakið sögusvið er náskylt umhverfi. Átt er við þann vettvang sem sagan gerist á og það umhverfi sem persónurnar hrærast í. Sögusvið er t.d. lýsingar á landslagi, híbýlum og öðrum ytri aðstæðum, tímabundnar aðstæður, s.s. sögulegur tími viðburða, árstíðir, veðurfar o.s.frv. Margir höfundar leggjast í rannsóknarvinnu til þess að afla sér nákvæmra upplýsinga um þann tíma sem saga þeirra gerist á. Það á t.d. við um Halldór Laxness og margar skáldsögur hans.

Söguþráður

Þegar söguþráður skáldsögu er rakinn er farið yfir helstu atburði sögunnar í tímaröð. Söguþráður skáldsögu skiptist í kynningu, flækju, lausn. Þetta er oft kallað flétta sögunnar.

Ormur er í 9. bekk grunnskóla. Hann er rekinn þegar hann er staðinn að því að stela prófgögnum. Hann ákveður hins vegar að halda sínu striki og ræður sig á skip meðan hann hugsar sinn gang og lífið tekur nýja stefnu. Hann þarf ekki að bíða lengi, rithæfileikar hans koma í ljós og skólinn tekur á móti honum opnum örmum. Framundan er spennandi tími fyrir unga og hæfileikaríka ofursnillinginn.

Um Gauragang eftir Ólaf Hauk Símonarson

Tanka

Tanka er meira en 700 ára gamall bragarháttur ættaður frá Japan. Hann varð vinsæll á Íslandi með tilkomu atómskáldanna á 20. öld. Tanka hefur fimm ljóðlínur og 31 atkvæði, fimm í fyrstu og þriðju ljóðlínu en sjö í annarri, fjórðu og fimmtu línu.

Tanka um vorið á öðrum sumardegi

Helvítis fuglar!	*1. lína – 5 atkvæði*
hættið strax að trufla mig	*2. lína – 7 atkvæði*
ég er að reyna	*3. lína – 5 atkvæði*
að yrkja ljóð um vorið	*4. lína – 7 atkvæði*
snautið ykkur skammirnar!	*5. lína – 7 atkvæði*

Andri Snær Magnason

Tákn

Tákn er ein tegund myndmáls og má finna bæði í skáldskap og daglegu máli. Tákn er orð eða hlutur sem táknar annað en sjálft sig. Lesandinn skilur táknið vegna samhengis í textanum eða vegna almennrar þekkingar. Táknið hefur í raun tvöfalda merkingu, annars vegar sína sjálfstæðu merkingu óháð túlkun og hins vegar fyrirbærið sem það vísar til.

1. Hefðbundin tákn sem hafa ákveðna merkingu eru t.d. kross fyrir kristna trú, rauður litur fyrir ást, fjallkonan fyrir Ísland, lamb fyrir sakleysi.
2. Náttúruleg tákn þar sem ýmis fyrirbæri náttúrunnar eiga sér samsvörun í mannlífinu, t.d. haustið sem tákn fyrir seinni hluti æviskeiðsins, hjartað sem tákn fyrir ástina og tilfinningar, hafið tákn fyrir eilífðina, heilinn tákn fyrir skynsemina, lækurinn tákn fyrir tímann.

3. Tákn sem skáldið sjálft skapar í einu ljóði og er einstakt fyrir það. Það kemur aðeins fyrir í einu eða fáum verkum höfundarins.
4. Táknsaga (gr. allegoria) er frásögn þar sem táknmálinu er haldið frá upphafi til enda.



Til Baldurs

Þú veizt ég átti gimstein,
sem glóði' er sólin skein,
hugðist ég að hafa hann
sem hamingjustein,
en reyndar var hann glerbrot,
sem risti mig inn í bein.

Jóhann Gunnar Sigurðsson

Tími

Einn af grundvallarþáttum í skáldskap er tími. Saga er látin gerast á tilteknum tíma og innan hennar líður ákveðinn tími. Í skáldsögum er algengast að tíminn líði samkvæmt klukku eða dagatali. Höfundur getur einnig kosið að hafa tímarásina óhefðbundna og flakka fram og til baka í tíma. Sumar sögur gerast í framtíðinni, aðrar eru tímalausar og stundum er ógjörningur



að sjá hver innri tími sögu er. Stundum líður langur tími innan sögu, svokölluð tímaeyða. Ytri tími sögu getur t.d. verið árið 1702 þótt ritunartími hennar sé árið 2011. Það á ekki síst við um ævintýri og þjóðsögur.

Ytri tími: Hvenær þeir atburðir gerast sem greint er frá samkvæmt almanakstíma. Það getur verið á tíma Íslendingasagna um 1000, tíma siðaskipta 1550, í nútíma eða framtíð. Það getur verið í upphafi 19. aldar eða við lok hennar. Það getur verið um sumar, vetur, vor eða haust. Stundum þarf lesandinn að leita að sönnunum fyrir því á hvaða tíma sagan gerist; skoða tíðarandann, hvaða tónlist er spiluð, á hvaða bíómyndir sögupersónurnar horfa, hvaða fréttir heyrast í útvarpi, hvernig málfarið er, hvernig slettur virðast vera algengar. Einnig hvaða bækur fólk les eða hvernig það klæðist.

Innri tími (sögutími): Sá tími sem líður frá því að sagan hefst og þar til henni lýkur. Það getur verið einn dagur, ein vika eða ár. Sjaldan er sagt beinum orðum hvað sagan gerist á löngum tíma en lesandinn á yfirleitt ekki í vandræðum með að finna það út.

Í sumum sögum er sögumaður sem rifjar upp löngu liðna atburði. Það geta verið atburðir sem hann upplifði sjálfur þegar hann var ungur eða jafnvel eitthvað enn eldra, kannski eitthvað sem hann heyrði en upplifði ekki sjálfur. Í slíkum tilfellum er talað um sögutíma, þ.e. þann tíma þegar atburðir sem sagt er frá gerðust, og frásagnartíma, þ.e. þann tíma sem sögumaður segir frá atburðunum.

Þegar tími er skoðaður er gott að velta fyrir sér:

- Er sagt frá atburðum í réttri tímaröð?
- Er hægt að greina tímaeyðu?
- Er skipt á milli tímasviða og stundum sagt frá liðnum atburðum ogstundum nútíð?
- Er einhvern tímann sagt frá einhverju sem á eftir að gerast?
- Er flakkað fram og til baka í tíma þannig að það gerir frásögnina ruglingslega?
- Er sagt frá atburðum sem gerast á tveimur mismunandi tímasviðum – og hvernig tengjast þau þá?
- Hvernig er hægt að sjá hvað sagan gerist á löngum tíma?

Túlkun

Þegar lesandi túlkar texta mátar hann það sem segir í textanum við eigin reynslu og skoðanir, hann fyllir upp í eyður í texta, bregst við, túlkar. Sem dæmi má nefna að lýsing á mikilli ástarsorg getur haft mismunandi áhrif á lesandann eftir því hvort lesandinn hefur upplifað svipaðar tilfinningar eða ekki. Lesandi þarf alltaf að gæta þess að rangtúlka ekki, sjá ekki eitthvað sem er í engu eða litlu samhengi við það sem virðist hafa vakað fyrir höfundi þegar hann skrifaði textann. Stundum er texti svo flókinn eða torræður að það þarf að túlka hann, umorða og útskýra hvað átt er við. Túlkun er einn þáttur í bókmenntagreiningu.

Þá segir Bolli: „Skil ég þetta gerla hvað þú segir mér frá því hversu hverjum var farið bænda þinna en hitt verður enn ekki sagt hverjum þú unnir mest. Þarftu nú ekki að leyna því lengur."

Guðrún svarar: „Fast skorar þú þetta sonur minn," segir Guðrún, „en ef ég skal það nokkrum segja þá mun ég þig helst velja til þess."

Bolli bað hana svo gera.

Þá mælti Guðrún: „Þeim var ég verst er ég unni mest."

„Það hyggjum vér," svarar Bolli, „að nú sé sagt alleinarðlega" og kvað hana vel hafa gert er hún sagði þetta er hann forvitnaði.

Guðrún varð gömul kona og er það sögn manna að hún yrði sjónlaus. Guðrún andaðist að Helgafelli og þar hvílir hún.

Úr Laxdælu

Tvíræðni

Eitt af mörgum stílbrögðum sem notað er í skáldskap er tvíræðni. Þá segir höfundur eitt en meinar annað. Til þess að stílbragðið heppnist þarf lesandinn að átta sig á tvíræðninni og skynja hæðnina sem felst í henni. Ef lesandinn gerir það ekki er hætt við því að hann misskilji eitthvað í textanum. Stundum felst ákveðin tvíræðni í sjálfum bókatitlunum.

Orð Guðrúnar Ósvífursdóttur í lok Laxdælu hafa verið túlkuð á marga vegu.

Enn er þó á huldu hvað hún átti við.

Tvíræðir bókatitlar

- Alltaf sama sagan
- Engar smá sögur
- Flýgur fiskisagan
- Ofsögum sagt

Tækifærisvísur

Tækifærisvísur er kveðskapur sem höfundar kasta fram þegar tilefni gefst til. Oft eru þetta vísur í gamansömum tón sem fjalla um atburði líðandi stundar.

Oft er lífið gramt mér gerði
gladdi vonarröðull bjartur.
Borin von að botninn verði
betri en þessi fyrripartur.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Í vandanum þjóðinni þor vex
við þurfum að snúa við;
halda svo heim til Noregs
og hætta við landnámið.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Töfraraunsæi

Töfraraunsæi er stefna í skáldsagnagerð sem einkennist af blöndu af raunsæi og dulúð, fjarstæðukenndri atburðarás, tímaflakki og ævintýrum. Persónur í slíkum sögum hafa fulla trú á hinu fjarstæðukennda og gefur það frásögninni trúverðugan blæ. Töfraraunsæi hefur einkennt verk ýmissa höfunda. Má sem dæmi nefna Gabríel Garcia Márquez í bókinni *Hundrað ára einsemd* og *Kaldaljós* Vigdísar Grímsdóttur.

Fyrst sér hann enda á priki og þegar hann pírir augun sér hann að prikið snertir ekki jörðina heldur marar í loftinu næstum sýnilegt og næstum ekki. Og hann sér kjóllufsu. Það er tittlingsvindur úti og kjóllufsan sem greinilega er köflótt flaksast til og frá í vindinum líktog þvottur á bak við hús, nýþveginn og hálfþurr. Og hann sér að í kjólnum er kona með úlfgrátt hár og hún situr klofvega á prikinu og hallar sér fram á það. Neglur hennar eru langar og gular. Oj. Nú hefur hann næstum því staðið augliti til auglitis við norn fjarðarins. Og hún flýgur með þyti fram hjá glugganum hans og hann sér að hún hlær og það glampar á hvítar tennurnar í tunglsljósinu.
Grímur Hermundarson hefur horfst í augu við galdranorn. Ótrúlegt en satt!

Vigdís Grímsdóttir: Kaldaljós

Umhverfi

Umhverfi er einn af mikilvægum þáttum í skáldsagnagerð. Með því er átt við það sögusvið sem höfundur dregur upp og staðsetur sögupersónur í. Í sumum skáldsögum eru upplýsingar af skornum skammti og lesandinn þarf að tína til brot úr frásögninni til að átta sig á umhverfinu. Í öðrum er dregin upp skýr og greinargóð mynd af umhverfi. Stundum getur lýsing á umhverfi verið notuð eins og tákn. Þröngur dalur, myrkur og drungi eða sól og blíða getur allt samsvarað andlegri líðan sögupersóna.

Umhverfi getur verið:

- **Veraldlegt umhverfi:** Landslag, nánasta umhverfi, híbýli, klæðnaður, lifnaðarhættir, störf, veðurfar og aðrar ytri aðstæður. Sagan getur átt sér sér stað í umhverfi sem á sér stoð í raunveruleikanum, t.d. í miðbæ Reykjavíkur eða á Egilsstöðum. Það getur einnig verið tilbúið umhverfi sem höfundur skapar, t.d. kauptún sem ekki er til nema sem lýsing í sögubók.
- **Félagslegt umhverfi:** Pólitískt, fjárhagslegt, trúarlegt eða siðferðilegt. Staða persóna í samfélaginu.

Upplýsingarstefna

Bókmenntasögu er skipt í nokkur tímabil. Eitt þeirra kallast upplýsingarstefnan, stundum nefnt fræðslustefnan. Það nær yfir tæpa öld, frá u.þ.b. 1770 til 1830, en þá tók við stefna sem kallast rómantík. Fylgismenn upplýsingar lögðu aðaláherslu á að veita almenningi hagnýta fræðslu og upplýsingar sem nýtast áttu í daglegu amstri, s.s. að rækta kartöflur og annað grænmeti. Útgefið efni bar þessa merki. Gefin voru út rit um landbúnað og aðra atvinnuvegi og stofnuð voru félög eins og Hið íslenska lærdómslistafélag og Hið íslenska landsuppfræðingarfélag. Ráðist var í miklar þýðingar á heimsbókmenntum og rannsóknir fóru fram á náttúru landsins og landsháttum. Meðal merkari rita tímabilsins er *Ferðabók Eggerts Ólafssonar*



Einkenni

- fræðsla
- framfarir
- skynsemi
- upplýsa
- útgáfa veraldlegs efnis

Nokkur höfuðskáld tímabilsins og helstu boðberar

Björn Halldórsson í Sauðlauksdal (1724–1794)

Eggert Ólafsson (1726–1768)

Jón Þorláksson, skáld á Bægisá (1744–1819)

Magnús Stephensen (1762–1833)

Úrdráttur

- Þú ert ekki svo vitlaus.
- Þetta er ekki svo vonlaust.
- Ekki voru þeir miklir mátar.
- Þú ert nú ekki ólaglegur.

og Bjarna Pálssonar. Trúarofstæki sem hafði einkennt lærdómsöldina vék fyrir umburðarlyndi í trúmálum og leitað var náttúrulegra skýringa á fyrirbærum sem áður höfðu verið talin reiði Guðs, s.s. ýmsar náttúruhamfarir og sjúkdómar.

Úr Búnaðarbálki

Látum oss ei sem gyltur grúfa,
gæta þær aldrei neitt á svig,
akarn við rætur eikar stúfa,
umhyggjulausar fylla sig.
En upp á tréð þær ekki sjá,
akarnið hvaðan kemur frá.

akarn: ávöxtur eikar, ávöl hneta.

Steinselja leysir þvagsins þunga,
Þá miltisteppu og kviðarstein,
Spínakkan mýkir líf og lunga,
laukurinn kveisu og ormamein.
Eins og hvert meðal það eykur kraft
áborið, sem til matar haft.

Eggert Ólafsson



Úrdráttur

Í skáldskap er stílbrögðum gjarnan beitt markvisst til þess að hafa áhrif á upplifun lesandans. Úrdráttur er eitt þessara stílbragða. Hann felst í því að gera minna úr lýsingum en efni standa til eða tala undir rós og vekja þannig athygli lesandans eða forvitni. Úrdráttur er algengur í íslenskum fornbókmenntum og kemur þá gjarnan fram í tilsvörum hetjunnar sem lét sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Tvöföld neitun er algengt einkenni úrdráttar.

Viðlíking

Viðlíking er ein tegund líkinga og felst í því að bera eitthvað tvennt saman. Líkingar eru hluti af hversdagsmáli en í skáldskap leggja höfundar oft kapp á að skapa sínar eigin líkingar og sýna þannig frumleika sinn og listfengi. Líkingar þekkjast á hjálparorðunum **eins og**, **sem**, **líkt og**. Þannig er lesandanum sagt hverju er líkt við hvað: Hann er svartur **sem** sót. Augun þín eru stór **eins og** undirskálar. Þú ljómar **líkt og** sólin.

Þegar viðlíking er skoðuð þarf að hafa í huga:

- Hverju er verið að lýsa?
- Við hvað er því líkt?
- Hvert er líkingin sótt?

Jarðerni

Af þér er ég kominn undursamlega jörð:

eins og ljós skína augu mín á blóm þín
eins og snjór lykja hendur mínar um grjót þitt
eins og blær leikur andardráttur minn um gras þitt
eins og fiskur syndi ég í vatni þínu
eins og fugl syng ég í skógi þínum
eins og lamb sef ég í þínum mó.

Að þér mun ég verða undursamlega jörð:

eins og sveipur mun ég hverfast í stormi þínum
eins og dropi mun ég falla í regni þínu
eins og næfur mun ég loga í eldi þínum
eins og duft mun ég sáldrast í þína mold.

Og við munum upp rísa undursamlega jörð.

Jóhannes úr Kötlum

Vísindaskáldsaga

Vísindaskáldsögur gerast í ímyndaðri framtíð. Tækni og vísindi ráða ríkjum og algengt viðfangsefni er framtíð mannkynsins á jörðinni, heimsendir, tímaflakk, vélmenni, geimverur og möguleikinn á lífi á öðrum hnöttum. Sögur í þessum dúr litu fyrst dagsins ljós í kjölfar vísindahyggju á 17. og 18. öld. Meðal þekktari bóka í þessum flokki er líklega Frankenstein (*The Modern Prometheus* 1818), sagan um skrímslið sem var lífgað við af vísindamanni. Einnig *Leyndardómar Snæfellsjökuls* (*Journey to the Center of the Earth* 1864), bók sem fjallar um þýskan prófessor sem ferðast til miðju jarðarinnar.

Hann hafði fengið þá hugdettu að hver einasti hluti mannslíkamans byggi yfir frjói allra hinna: að úr tá eða jafnvel fingurnögl væri hægt að láta allt hitt vaxa – andlitið, augun, magann, beinin, hjartað og jafnvel heilann. Ekki vissi hann hvaðan hann hafði fengið hugmyndina; ef til vill hafði Krempe prófessor sagt eitthvað sem hafði kveikt hana, en líklegra var þó að hann hefði séð hana í einhverri hinna tíðlesnu bóka um gullgerð sem hann hafði komið með frá Genf og síðan brennt samviskusamlega að fyrirmælum Kremps.

Úr Frankenstein eftir sögu Mary Shelley í endursögn Johns Grants

Vísun

Þegar skírskotað eða vísað er til einhvers utan skáldverksins, annaðhvort beint eða óbeint, er það kallað vísun. Þá þurfa lesendur að þekkja til þeirra atriða eða persóna sem vísað er til svo þeir geti skilið textann til fulls. Algengt er að vísað sé til Íslendingasagna, þjóðsagna, ævintýra, Biblíunnar eða þekktra kvikmynda.

Kona

Konan sem brosir til mín er búin að brosa í spegilinn. Hann sagði henni hver væri fegurst allra. Konan sem brosir til mín er bara að segja mér hvað spegillinn sagði – Og enginn maður er vitrari en spegill.

Þórður Helgason



Vísuorð

Vísuorð er annað orð yfir ljóðlínu. Ferskeytla hefur t.d. fjögur vísuorð en limra fimm. Stundum eru orðin braglína eða hending notuð í stað vísuorðs.

Yfirborðsmynd

Yfirborðsmynd er hugtak sem notað er í tengslum við umfjöllun um ljóð. Þegar yfirborðsmynd er skoðuð er byrjað á því að líta á söguna sem er sögð í ljóðinu eða myndina sem blasir við. Skoða þarf þessa yfirborðsmynd áður en hægt er að túlka ljóðið og skilja það til fulls.

Ljósin í kirkjunni

Hikandi ljós
þukla syfjuðum gómum
um kvöldþvala veggi
þegjandi steinkirkju.

Haustmáni skarður
leggur róðukross dökkan
á hjarnföla bringu
kulsællar foldar.

Yfir dottandi byggð
hljóma kólfslögin dimmu
við málmhöttinn kalda
í brothættri kyrrð.

Í grenistokki svörtum
ferðast daglilja bliknuð
með bogmannsör hvíta
gegnum hjartablöð sölnuð.

Einar Bragi

Yfirborðsmynd

Frostnótt, máninn varpar birtu yfir byggðina. Tunglbirta líður eftir kirkjuveggjum. Skuggamynd kirkjukrossins liggur á jörðinni. Heyra má lágt hljóð í kirkjuklukkum í næturkyrrðinni. Líkkista stendur uppi í kirkjunni.

Túlkun

Þetta er ljóð sem höfðar mjög sterkt til ólíkra skynsviða. Áhrifamáttur þess felst í þögninni sem undirstrikar nærveru dauðans og sorgarinnar, kyrrðinni, kuldanum og fjarveru mannanna. Myndin er frosin, dökk, þögul, köld. Samt er hæg hreyfing í ljóðinu, sbr. sagnirnar: þukla, hikandi, leggur, hljóma, ferðast.

Ýkjur

Í skáldskap er stílbrögðum gjarnan beitt markvisst til þess að hafa áhrif á upplifun lesandans. Stundum eru ýkjur notaðar á þennan hátt. Þá er gert meira úr því sem lýst er eða atburðum heldur en efni standa til. Lýsingar á atburðum geta orðið stórkostlegar eða mannkostir persóna miklaðir fram úr öllu hófi. Úrdráttur er andstæða ýkja.

Sigu nú saman fylkingar meðr ógurligu herópi og geystum gný, og var sem kvæði viðr í himinskýjunum og skylfi hamrar og hafs bárur og hvað sem á jörðu var. Skutust menn fyrst á með gaflokum, flettiskeptum og spjótum; þá var gerð grjóthríð svo mikil, að eigi sá til sólar.

Úr sögunni af Heljarslóðarorrustu eftir Benedikt Gröndal

Tristram snerist til veggjar,
svo hart hann stakk;
heyra mátti mílur þrjár,
hans hjartað sprakk.

Úr Tristramskvæði

Þema

Í skáldsögum, leikritum og jafnvel ljóðum geta lesendur oft greint tiltekna hugmynd eða viðfangsefni sem höfundur byggir á. Slík hugmynd er kölluð þema verksins. Þemað má skýra í örstuttu máli, jafnvel einu orði. Það getur t.d. verið unglingaveiki, fyrsta ástin, vinátta, sönn ást, flutningar, yfirnáttúrulegir atburðir, afbrýðisemi eða trygglyndi. Stundum er hægt að greina fleiri en eitt þema, ekki síst í löngum skáldsögum.

Þjóðkvæði

Þjóðkvæði eða þjóðvísur er höfundarlaus kveðskapur sem varðveist hefur í munnlegri geymd frá einni kynslóð til annarrar. Kvæðin eru ætluð til flutnings, oftast til söngs. Markviss söfnun þjóðkvæða hófst hér á landi á 19. öld.

...
smérið rann,
roðið brann,
sagan upp á hvern mann,
sem hlýða kann.
Brenni þeim í kolli baun,
sem ekki gjalda mér sögulaun
fyrr í dag en á morgun.
Köttur út í mýri
setti upp á sér stýri;
úti´er ævintýri.

Þjóðsaga

Þjóðsögur eru höfundalausar frásagnir sem hafa varðveist í munnlegri geymd, oft öldum saman. Fáar þjóðir eiga jafnstórt safn af þjóðsögum og Íslendingar. Enginn veit hver sagði söguna fyrstur og stundum eru til mörg afbrigði af sömu sögu. Einkenni þjóðsagna eru m.a. að sagan er sögð í réttri tímaröð, hún hefur kynningu, flækju, ris og lausn.

Frásagnarháttur þjóðsagna er venjulega einfaldur, málfarið einfalt og kjarnmikið. Margar þjóðsögur innihalda vísur eða stef. Andstæður eru áberandi í persónusköpun, t.d. ríkur – fátækur, vondur – góður, lítill – stór, vitur – heimskur. Endurtekningar eru algengar og er þrítala mikið notuð til að tákna áherslu og skapa stígandi. Sem dæmi má nefna þrjár dætur, þrjár gátur eða þrjú tækifæri. Aðalsöguhetjur eru fáar. Þjóðsögur lýsa oft raunverulegum atburðum á stuttan og einfaldan hátt. Sumar þjóðsögur er þó heldur ótrúverðugar. Algengt viðfangsefni þjóðsagna eru samskipti fólks við tröll og forynjur, útilegumenn, álfa og óblíð náttúruöflin.

Margir flokkar þjóðsagna
- draugasögur
- galdrasögur
- helgisögur
- kímni- og ýkjusögur
- sögur af álfum og huldufólki
- tröllasögur
- útilegumannasögur



Dvergasteinn

Prestssetrið á Seyðisfirði var í fyrndinni vestan eða sunnan fjarðar; en ekki greinir frá því, hvað það hafi þá heitið. Í grennd við það var stór steinn, og trúðu menn því fullt og fast, að í honum byggju dvergar, og því var hann kallaður Dvergasteinn. Þegar fram liðu tímar, þótti staðurinn og kirkjan óhaganlega sett þeim megin fjarðarins, og var því hvort tveggja flutt þangað, sem þau eru nú, hinum megin við fjörðinn. Steinninn stóri varð eftir, eins og nærri má geta. En þegar kirkjusmíðinni var lokið að mestu, varð mönnum starsýnt á að sjá hús koma siglandi handan yfir fjörðinn og stefna beint þangað, sem kirkjan stóð. Heldur það áfram, unz það kennir grunns, og nemur þá staðar í fjörunni. Urðu menn þess þá vísari, að Dvergasteinn var þar kominn með íbúum sínum, dvergunum. Kunnu þeir ekki við sig, eftir að kirkjan var flutt, og drógu sig því á eftir henni. En til ævarandi minningar um guðrækni dverganna var prestsetrið kallað Dvergasteinn.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri

Þjóðskáld

Orðið þjóðskáld er notað sem sæmdarheiti yfir nokkur af fremstu og vinsælustu skáldum Íslendinga. Að baki þessu hugtaki býr sú viðurkenning að þjóðin hlýði á mál skáldsins og að skáldið tali máli hennar. 19. öldin í íslenskum bókmenntum hefur stundum verið nefnd öld þjóðskáldanna. Þá eignaðist þjóðin Bjarna Thorarensen og Jónas Hallgrímsson, Steingrím Thorsteinsson, Benedikt Gröndal og Matthías Jochumsson o. fl. Á 20. öldinni má nefna Davíð Stefánsson, Tómas Guðmundsson, Stein Steinarr en síðast en ekki síst Halldór Laxness eftir að hann hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1955.

Þroskasaga

Skáldsögur sem lýsa því hvernig söguhetja þroskast frá æsku til unglings- eða fullorðinsára eru kallaðar þroskasögur. Sögurnar eru oft sagðar í 1. persónu. Í þeim fær lesandinn að fylgjast með hvernig reynsla markar sín spor á þroskabraut söguhetjunnar sem oftar en ekki öðlast dýrmæta reynslu sem gerir hana hæfari til að takast á við lífið fram undan. Sem dæmi um þroskasögur mætti nefna bækur Ólafs Hauks Símonarsonar, *Gauragang* og *Meiri gauragang*.

Þula

Þula er ljóð með frjálsu formi án erindaskila. Ljóðlínur eru oft mislangar, allt frá fjórum línum að tvö hundruð línum. Þulur eru ævafornar og má rekja þær aftur til heiðni. Þær hafa varðveist í handritum og munnmælum. Efni þulna er venjulega einfalt. Stundum eru nafnaraðir uppistaðan, t.d. tröllanöfn, kúanöfn, jólasveina- eða mannanöfn o.fl. Oft er ort um umhverfið, sveitina, eldhúsið, vinnuna, bænir og fræðslu. Höfundar eru oftast óþekktir.

Tunglið, tunglið, taktu mig
og berðu mig upp til skýja.
Hugurinn ber mig hálfa leið
í heimana nýja.
Mun þar vera margt að sjá,
mörgu hefurðu sagt mér frá,
þegar þú leiðst um loftin blá
og leist til mín um rifinn skjá.
Komdu, litla Lipurtá, langi þig að heyra,
hvað mig dreymdi, hvað ég sá,
og kannske sitthvað fleira.
Ljáðu mér eyra.
Litla flónið, ljáðu mér snöggvast eyra:
Þar er siglt á silfurbát
með seglum þöndum,
rauðagull í rá og böndum,
rennir hann beint að ströndum,
rennir hann beint að björtum sólarströndum.

Theodóra Thoroddsen



Þversögn

Þversögn er orðalag sem virðist vera merkingarleysa eða fela í sér mótsögn. Þegar betur er að gáð kemur oft í ljós að þversögnin hefur eitthvert röklegt samhengi. Þversögn kemur oft fyrir í daglegu máli en þegar hún er notuð á markvissan hátt í skrifum eða tali er litið á hana sem stílbragð.

hálfsannleikur	*hrópandi þögn*	*opinbert leyndarmál*

Ég leita þín (brot)

Ó, þú og ég, sem höfum aldrei hist,
mitt hjarta er þreytt á því, sem var og er.
Ég, sem þú ekki þráðir, hlotnast þér.
þig, sem ég gat ei fengið, hef ég misst.

Steinn Steinarr

Mótsagnir

Ást er föstum áþekk tind.
Ást er veik sem bóla.
Ást er fædd og alin blind.
Ást sér gegnum hóla.

Steingrímur Thorsteinsson

Ættjarðarljóð

Ættjarðarljóð hafa verið eitt af yrkisefnum ljóðskálda í margar aldar. Í þeim dásama skáldin náttúru landsins; fjöllin og fossana, kjarrið og móana. Einnig voru landsmenn hvattir til dáða í sjálfstæðisbaráttunni eða stjórnvöld gagnrýnd fyrir pólitískar ákvarðanir, t.d. hersetu á Reykjanesi.

Hver á sér fegra föðurland?

Hver á sér fegra föðurland,
með fjöll og dal og bláan sand,
með norðurljósa bjarmaband
og björk og lind í hlíð?
Með friðsæl býli, ljós og ljóð,
svo langt frá heimsins vígaslóð.
Geym, drottinn, okkar dýra land
er duna jarðarstríð.

Hulda

Ættartala – Ættartré

Þegar persónur í skáldsögu eru margar og fjölskylduböndin snúin getur verið gott að gera ættartölu og teikna skýringarmynd eða svokallað ættartré. Ættartré henta vel til að sjá tengsl sögupersóna og jafnvel má átta sig á fleiri þáttum í persónugerðinni. Algengt er að sjá ættartölu í Íslendinga sögum.

Ýr er systir Rósu en Ketill hét faðir þeirra. Dögg móðir þeirra féll frá er dæturnar voru ungar og kvæntist Ketill þá Heru. Þau eignuðust einn son saman er Áki hét.



Ævintýri

Ævintýri eru frásagnir sagðar fólki til skemmtunar. Mörg íslensk ævintýri eiga sér alþjóðlegar hliðstæður því svipaðar eða mjög líkar sögur eru til í ýmsum löndum. Nokkur ævintýri eru þó sérílslensk, t.d. ævintýrið um Búkollu. Ævintýri og þjóðsögur eru ekki það sama en eiga margt sameiginlegt og stundum er erfitt að greina þar á milli.

Í ævintýrum eru persónur yfirleitt fáar og persónusköpunin einföld. Í þeim koma gjarnan fyrir kóngur, drottning, prins, prinsessa, bóndi, bóndakona, bóndasonur og bóndadóttir. Í þeim er oft norn eða galdrakarl. Algengt er að sögurnar hafi alþjóðleg minni, t.d. stjúpmæðraminnið. Nöfn persóna eru oft lýsandi fyrir þær, t.d. um innræti eða stöðu, s.s. Hans klaufi, Mjallhvít og Öskubuska.

Ævintýri eru oftast full af furðum, kynjaverum, álögum og töfragripum. Þau fjalla yfirleitt um baráttu góðs og ills og mörg þeirra fela í sér einhvers konar siðaboðskap. Sögurnar enda oftast vel, a.m.k. fyrir aðalpersónurnar sem eru alltaf góðar.

Nokkur þekkt ævintýri

- Eldfærin
- Grámann
- Hans klaufi
- Hans og Gréta
- Litla hafmeyjan
- Litla stúlkan með eldspýturnar
- Litli ljóti andarunginn
- Prinsessan á bauninni
- Sagan af Helgu Karlsdóttur
- Sagan af Hlyni kóngssyni
- Sagan af Kolrössu krókríðandi

Ævintýri gerast oftast í ímynduðum heimi, í höll eða kastala, stundum líka á bóndabæ. Þau eru óbundin stað og tíma, geyma oft galdra eða töfra, langar frásagnir sem ekki er ætlast til að menn trúi. Tölurnar 3, 6, 9 og 12 koma oft fyrir og einnig vísur, stef og stuðlar sem gera textann hljómrænan. Föst orðatiltæki og orðasambönd eru algeng. Í ævintýrum má oft finna mjög skarpar andstæður; góður – vondur, ríkur – fátækur, fallegur – ljótur, heimskur – vitur.

Mörg ævintýri eru munnmælasögur sem gengu mann fram af manni áður en þau voru skrifuð niður og eru höfundar þeirra óþekktir. Einn þekktasti og vinsælasti ævintýrahöfundurinn er H.C. Andersen (1805–1875). Ævintýri hans urðu seinna fyrirmynd flestra barnaævintýra. Höfundar sumra ævintýra eru ekki þekktir og þau sögð höfundalaus. Ein af þekktari ævintýrabókum er *Þúsund og ein nótt*. Hún var fyrst skrifuð á arabísku en síðan þýdd á mörg tungumál, t.d. íslensku um miðja 19. öld.

Ævintýri hefjast oft á orðunum: **Einu sinni var …**
Ævintýri enda oft á orðunum: **Köttur úti í mýri …**

Ævisaga

Ævisögur eru ólíkar ýmsum öðrum bókmenntum að því leyti að efni þeirra er ekki byggt á skáldskap heldur raunverulegum atburðum. Í þeim segir frá æviferli og störfum einstaklinga, oftar en ekki að þeim látnum. Það er þó ekki algilt og oft eru skrifaðar ævisögur einstaklinga þegar þeir eru enn í fullu fjöri og þá rifjaðir upp liðnir atburðir.

Fornbókmenntir Íslendinga hafa að geyma ævisögur ýmissa merkra einstaklinga en ævisögur urðu hins vegar ekki til sem sjálfstæð bókmenntagrein fyrr en löngu seinna og blómatími þeirra varð ekki fyrr en á 20. öldinni. Nú eru ævisögur með vinsælli bókmenntagreinum á Íslandi.

Sjálfsævisaga

Sjálfsævisögur hafa verið vinsælt bókmenntaform á Íslandi í margar aldir.

Í sjálfsævisögu skrifar höfundur sjálfur eigin ævisögu.

Öfugmælavísur

Vísur í gamansömum tón með þversögnum eða staðreyndum sem snúið er á hvolf eru kallaðar öfugmælavísur. Oftar en ekki má greina í þeim svolítið háð.

Fiskurinn hefur fögur hljóð,
finnst hann oft á heiðum.
Ærnar renna eina slóð
eftir sjónum breiðum.

Séð hef ég köttinn syngja á bók,
selinn spinna hör á rokk,
skötuna elta skinn í brók
skúminn prjóna smábandssokk.

Séð hef ég hvalinn sitja á stól,
selinn strokka og renna,
skötuna ganga á grænum kjól,
gráan hest með penna.

Bjarni Jónsson (1575–1655)





Örsaga

Örsaga er stutt en áhrifarík frásögn í óbundnu máli. Textinn er frekar hlutlægur, hnitmiðaður með ljóðrænu ívafi og er ætlað að vekja lesandann til umhugsunar. Viðfangsefnið afmarkast við eitthvað ákveðið, t.d. einn atburð, upplifun, tilfinningu, einmanaleika, hamingjustund, minningu, vonbrigði, hugsun, draum eða söknuð. Persónur eru fáar, oft ein til þrjár, og lesandinn á auðvelt með að finna til samkenndar með þeim án þess að þeim sé lýst nákvæmlega.

ör

það var einu sinni hópur fólks sem hafði orðið til á netinu. þetta var fólk með ör sem vildi segja sögur. þetta fólk vakti áhuga minn af því ég hafði sjálfur verið að skrifa örsögur og hefi all nokkur ör. ég komst í samband við konu sem hafði verið skorin svo oft upp að það er í raun eitt af undrum veraldar að hún var í einu lagi. örsögur hennar voru spennandi og harmrænar því með hverjum skurði kvarnaðist úr sjálfsmynd hennar og hún varð sífellt þunglyndari. ekkert færði henni nokkra gleði, ekki leikhús, kvikmyndahús eða symfóníutónleikar. ég spurði hana hvort hún hefði reynt fyrir sér á verðbréfamarkaði. henni fannst það ekki einu sinni fyndið, sagðist vart eiga fyrir þunnildum og undanrennu. ég benti henni á að frelsarinn hefði fastað í mánuð eða lengur og að hún gæti því allt eins lagt fiskinn og mjólkina undir. hún skellti á mig. nokkru síðar vorum við aftur farin að tala saman. það kom að því að hún spurðist fyrir um mín ör og mínar örsögur. ég sagði henni þær sem ég hélt að væru mest krassandi. hvernig ég sagaði inn í lið á vísifingri, sagaði í handarbak mitt með langsög, skar mig með hnífi á ofanverðum þumli, fékk í mig sporjárn og loks greindi ég frá flísinni eða bjálkanum sem ég fékk eitt sinn í augað. konan ráðlagði mér að sýsla með eitthvað annað en smíðatól. við hættum að hringjast á og ég heyrði ekkert af henni fyrr en í drottningarviðtali í dv þar sem hún fagnaði því að hafa verið kosin stjórnarformaður stórfyrirtækis. hún sagði hæversk að þetta hefði allt byrjað með lítilli upphæð sem hún hefði nurlað saman og notaði til kaupa á fyrstu bréfunum. í viðtalinu kom fram að fjárhagslegt og andlegt atgervi konunnar líktist einna helst ferli einkaþotu sem tekur á loft. ráðgjafi konunnar, en hans var ekki getið í viðtalinu, var heldur ekki á flæðiskeri staddur. hann hélt til náms í danmörku til að læra allt varðandi umgengni og öryggi við vinnuvélar.

Birgir Svan Símonarson

Til umhugsunar við bókmenntalestur

Eftirfarandi spurningar getur verið gott að skoða fyrir lestur skáldsagna, samhliða lestri eða að honum loknum.

Almennt um skáldsögur

1. Hvað er það sem fær fólk til að lesa skáldsögur?
2. Hvar og hvenær finnst þér best að lesa skáldsögur?
3. Getur þú rifjað upp bókartitil sem þér fannst áhugaverður?
4. Hvað getur þú nafngreint marga rithöfunda?
5. Hvað getur þú nafngreint margar skáldsögur?
6. Hvað hefur þú lesið margar skáldsögur eftir sama rithöfund?
7. Hver er uppáhaldsrithöfundur þinn?
8. Hvernig velur þú þér skáldsögur til að lesa?
9. Hvers konar skáldsögur höfða ekki til þín?
10. Hvernig sögur fannst þér skemmtilegast að hlusta á eða lesa þegar þú varst yngri?
11. Hvað finnst þér að ætti að standa aftan á bókakápu?
12. Hvaða munur heldur þú að sé á góðum, vel skrifuðum skáldsögum og lélegum?
13. Hefur þú lesið skáldsögu sem þér fannst léleg?
14. Hvernig skáldsögur finnst þér erfitt að lesa?
15. Hvaða munur er á góðri skáldsögu og góðri kvikmynd?
16. Hvaða skáldsögu myndir þú vilja sjá kvikmyndaða og hvers vegna?
17. Hvað gæti komið í veg fyrir að þú læsir skáldsögur?



Um innihald skáldsagna

1. Finnst þér kostur ef skáldsögur hafa boðskap?
2. Ætti boðskapurinn að vera augljós?
3. Heldur þú að spennusögur hafi boðskap?
4. Hvernig er spenna byggð upp í skáldsögu?
5. Er byggð upp spenna í öllum skáldsögum?
6. Á hvern hátt geta skáldsögur haft áhrif á þroska og tilfinningar ungs fólks?
7. Hvað gerir skáldsögu góða?
8. Hvað gerir skáldsögu lélega?
9. Hvernig vilt þú að skáldsögur endi?
10. Hvað finnst þér mæla með því að gefa út framhaldssögur?

Um unglingabækur

1. Að hvaða leyti eru unglingabækur frábrugðnar skáldsögum fyrir fullorða lesendur?
2. Hvert er algengasta viðfangsefnið í unglingabókum?
3. Lesa unglingar kannski frekar fullorðinsbækur?
4. Lesa fullorðnir unglingabækur?
5. Hver er helsti munur á unglingabókum og skáldsögum fyrir fullorðna?
6. Hvernig er best að vekja áhuga unglinga á skáldsögum?
7. Hvaða munur heldur þú að sé á bókum sem skrifaðar eru sérstaklega fyrir annaðhvort stelpur eða stráka?
8. Hvernig finnst þér að góðar unglingabækur ættu að vera?

Áður en þú lest skáldsöguna

1. Hver er höfundur skáldsögunnar?
2. Hvenær kom hún út?
3. Hver gefur hana út?
4. Hvað eru blaðsíðurnar margar?

5. Þekkir þú fleiri skáldsögur eftir sama höfund?
6. Hefur skáldsagan fengið mikla umfjöllun?
7. Þekkir þú einhvern sem hefur lesið skáldsöguna?
8. Hvert heldur þú að sé helsta viðfangsefnið?
9. Hvers vegna valdir þú þessa bók?

Eftir að þú last skáldsöguna

1. Hvert er viðfangsefnið í skáldsögunni?
2. Hvaða áhrif hafði efni sögunnar á þig?
3. Fannst þér sagt frá trúverðugum atburðum?
4. Við hvernig aðstæður búa persónurnar sem sagt er frá?
5. Hvernig tókst höfundi að skapa persónur?
6. Hvaða aukapersónur eru mikilvægastar og hvers vegna?
7. Hvernig er sambandi persóna háttað?
8. Hvernig breytast persónur í sögunni eða viðhorf þeirra og skoðanir?
9. Hvar og í hvernig umhverfi gerast atburðirnir sem sagt er frá?
10. Á hvaða tíma gerist sagan?
11. Hvað gerist sagan á löngum tíma?
12. Er sagt frá í réttri tímaröð eða flakkað fram og til baka í tíma?
13. Er mikið um endurlit eða tímaeyður?
14. Hvað líður langur tími milli ritunartíma og ytri tíma sögunnar?
15. Hver er frásagnarháttur sögunnar?
16. Hvernig er atburðum raðað upp í þeim tilgangi að byggja upp spennu?
17. Hvert er meginþema sögunnar?
18. Hver heldur þú að boðskapurinn geti verið?

Mat þitt á skáldsögunni

1. Hvernig höfðar þessi saga til þín?
2. Hver er helsti kostur þessarar sögu?
3. Hvað finnst þér mega betur fara?
4. Er fjallað um raunhæfa atburði?
5. Hefðir þú haft eitthvað öðruvísi?
6. Hvaða orð lýsa efni sögunnar best að þínu mati?

- *auðlesið*
- *áhugavert*
- *einfalt*
- *erfitt*
- *flókið*
- *forvitnilegt*
- *fullkomið*
- *fyndið*
- *fyrirsjáanlegt*
- *leiðinlegt*
- *of langt*
- *of stutt*
- *skemmtilegt*
- *sorglegt*
- *spennandi*
- *torskilið*

Nokkur góð ráð við lestur skáldsagna

1. Lestu eins oft og þú getur.
2. Lestu alls konar skáldsögur, léttar sögur og þungar, þýddar skáldsögur og frumsamdar.
3. Kynntu þér fleiri bækur eftir höfund sem þér líkar vel við.
4. Spyrðu aðra hvað þeim finnst um bókina sem þú ert að lesa.
5. Leitaðu á Netinu að upplýsingum um bókina sem þú ert að lesa.
6. Flettu bókinni og athugaðu hvort leturgerð og umbrot höfði til þín.
7. Skoðaðu textann á baksíðunni og athugaðu hvort það sem þar stendur veki áhuga þinn.
8. Skoðaðu ritdóma um bókina þegar þú hefur lesið hana og íhugaðu hvort þú sért sammála því sem kemur fram.

Nokkur góð ráð við lestur ljóða

1. Lestu ljóðið í hljóði og síðan upphátt.
2. Vandaðu framsögn. Gættu vel að hrynjandi, ljóðstöfum, þögnum.
3. Vertu viss um að skilja öll orðin í ljóðinu.
4. Kannaðu vel myndmál ljóðsins. Vertu viss um að þú skiljir það vel.
5. Veltu fyrir þér hvert þema ljóðsins er.
6. Skoðaðu vel byggingu ljóðsins.
7. Teiknaðu mynd sem tengist efni ljóðsins, annaðhvort á blað eða í huganum.
8. Endursegðu efni ljóðsins með eigin orðum.

Nokkur góð ráð við lestur eða áhorf leikrita

1. Hvað veistu um höfund verksins? Þekkir þú t.d. fleiri verk eftir sama höfund?
2. Hvað segir nafn leikritsins þér hugsanlega um innihald þess?
3. Hvað skiptist leikritið í marga þætti?
4. Skoðaðu vel byggingu leikritsins, þ.e. kynningu, flækju, ris og lausn.
5. Hvert er þema verksins?
6. Hver gæti hugsanlegur boðskapur þess verið?
7. Getur þú greint ádeilu og þá hverja?
8. Er þetta gamanleikur eða harmleikur?
9. Útskýrðu föflu verksins í örstuttu máli.
10. Hvernig er spennan byggð upp?
11. Hvernig fá áhorfendur upplýsingar um liðna atburði?
12. Hvernig kemur fram hvar og hvenær atburðirnir eiga sér stað?
13. Hver er innri tími leikritsins, þ.e. hvað gerast atburðirnir á löngum tíma?
14. Hvernig leiksvið hæfir leikritinu að þínu mati?
15. Er hægt að greina einhverja ákveðna aðalpersónu og þá hverja?
16. Skipta leikararnir um klæðnað eða framkomu?
17. Virka samskipti leikaranna sannfærandi?
18. Hvernig tekst að halda lífi í samtölum?
19. Er eitthvað sem að þínu mati mætti betur fara?

Lestrardagbók

Samhliða lestri getur verið gott að halda lestrardagbók þar sem þú skrifar hugleiðingar um efni sögunnar. Þú getur t.d. fengið þér litla stílabók eða skrifað í skjal sem þú geymir í tölvunni.

Þú getur valið um hvað þú skrifar svo framarlega sem efnið tengist bókinni sem þú ert að lesa. Reyndu að skrifa að minnsta kosti 60–80 orð í hvert sinn sem þú skrifar. Þeim mun meira því betra, þeim mun oftar því betra.

Gættu þess vel að skrifin þín séu skipulögð, hafðu fyrirsögn og dagsetningu við hverja dagbókarfærslu. Leggðu metnað þinn í að vanda málfar og stafsetningu.
Eftirfarandi hugmyndir geta ef til vill hjálpað þér af stað:

- Hvers vegna valdir þú bókina sem þú ert að lesa?
- Hvað er að gerast í sögunni?
- Hvað heldur þú að gerist næst í sögunni?
- Lýstu einni persónu sögunnar.
- Lýstu umhverfi sögunnar.
- Á hvaða tíma gerist þessi saga og hvernig getur þú séð það?
- Veldu stað í bókinni sem þér finnst fyndinn og gerðu grein fyrir í hverju fyndnin er fólgin.
- Veldu stað í bókinni sem þér finnst vel skrifaður og útskýrðu hvers vegna.
- Veldu atvik í sögunni sem þú hefðir viljað hafa öðruvísi.
- Nefndu nokkur atriði sem þú mundir vilja hafa öðruvísi í sögunni.
- Endursegðu hluta þess sem þú last síðast.

Stuðningsrit

Ármann Jakobsson (2009). *Illa fenginn Mjöður. Lesið í miðaldatexta*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun, Háskólaútgáfan.

Árni Sigurjónsson (1995). *Bókmenntakenningar síðari alda*. Reykjavík: Heimskringla Háskólaforlag Máls og menningar.

Baldur Ragnarsson (1983). *Ljóðlist. Kennslubók handa framhaldsskólanemum og öðru áhugafólki*. Reykjavík: Iðunn.

Baldur Ragnarsson (1987). *Stílfræði*. Reykjavík: Mál og menning.

Erlendur Jónsson (1977). *Íslensk bókmenntasaga 1550–1950*. Reykjavík: Bókagerðin Askur.

Finnur Torfi Hjörleifsson og Hörður Bergmann (1969). *Ljóðalestur*. Reykjavík: Ríkisútgáfa námsbóka.

Fornaldarsögur Norðurlanda (1950). Formáli 1. bindis. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Iðunn.

Hugtök og heiti í bókmenntafræði (1989). Ritstjóri Jakob Benediktsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Mál og menning.

Íslensk bókmenntasaga II (2006). Böðvar Guðmundsson o.fl. Reykjavík: Mál og menning.

Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur (1887). Jón Árnason og Ólafur Davíðsson söfnuðu. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmentafjelag.

Jón Viðar Jónsson (1985). *Leikrit á bók. Um lestur og greiningu leikbókmennta*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands: Reykjavík.

Óskar Halldórsson (1977). *Bragur og ljóðstíll*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (1990). *Bögubókin*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Sveinn Skorri Höskuldsson (1989). *Ljóðarabb*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Vésteinn Ólason (1985). *Bókmenntafræði handa framhaldsskólum*. Reykjavík: Mál og menning.

Þannig kveður séra Einar Sigurðsson í Eydölum um 1600 (Íslensk þjóðmenning VI. 1989:356).

Skrá yfir textadæmi

			bls.
	Ljúflingsdilla, brot	Blákápa. 1996	12
	Meðgöngutími ýmissa tegunda	BRAGI - óðfræðivefur	53
	Köttur út í mýri	Fagrar heyrði ég raddirnar 1974	87
	Dvergasteinn	Íslenskar þjóðsögur og ævintýri	88
Andrés Björnsson frá Brekku	Ferskeytlan er Frónbúans	Vísnasafn Sigurjóns Sigtryggssonar	26
Andri Snær Magnason	Tanka um vorið á öðrum sumardegi	Ljóðasmygl og skáldarán 1995	76
Auður Jónsdóttir	Reiði	Smásagnasmáræði 2010	71
Benedikt Gíslason frá Hofteigi	Haust	Við vötnin ströng 1947	24
Benedikt Gröndal	Úr Sögunni af Heljarslóðarorrustu	Sagan af Heljarslóðarorrustu ... 1891	86
Birgir Svan Símonarson	Ljóðskáld	Óútgefið	47
Birgir Svan Símonarson	Haust	Óútgefið	57
Birgir Svan Símonarson	Ör	Óútgefið	94
Bjarni Jónsson (1575–1655)	Fiskurinn hefur fögur hljóð	Íslenskt ljóðasafn 1976	93
Björn E. Hafberg	Eilífðin	Erindrekar næturinnar 1976	57
Dagur Sigurðarson Thoroddsen	Rauðhetta/Mjallhvít	Glímuskjálfti 1989	61
Eggert Ólafsson	Úr Búnaðarbálki	Ísland þúsund ár 1300-1800 1947	82
Egill Skallagrímsson	„Þat mælti mín móðir“	Ísland þúsund ár: fornöldin 1947	19
Einar Benediktsson	Hafís	Kvæðasafn 1994	36
Einar Bragi	Ljósin í kirkjunni	Gestaboð um nótt 1953	85
Einar Már Guðmundsson	Úr Englum alheimsins	Englar alheimsins 1995	54
Einar Már Guðmundsson	Úr Englum alheimsins	Englar alheimsins 1995	62
Einar Már Guðmundsson:	Úr Riddurum hringstigans	Riddarar hringstigans 1982	75
Einar Sigurðsson í Eydölum	Kvæðin hafa þann kost með sér	Ljóðmæli 2007	43
Elísabet Þorgeirsdóttir	Ljóð	Augað í fjallinu 1977	55
Esóp (þýð: Þorsteinn frá Hamri)	Refurinn og vínberin	Dæmisögur Esóps 1975	20
Grímur Thomsen	Eftir Jónas Hallgrímsson	Ljóðmæli 1934	24
Grímur Thomsen	Haust	Ljóðmæli 1934	38
Halldór Laxness	Úr Brekkukotsannál	Brekkukotsannáll 2007	24
Halldór Laxness	Úr Heimsljósi	Heimsljós 1937-1940	25
Hallgrímur Pétursson	Gefðu að móðurmálið mitt	Hallgrímsljóð 1944	50
Hallgrímur Pétursson	Passíusálmar 1.erindi	Passíusálmar 2009	68
Hulda	Úr minningablöðum	Úr minningablöðum 1965	23
Hulda	Hver á sér fegra föðurland?	Segðu mér að sunnan 1920	90
Jóhann Gunnar Sigurðsson	Óyndi	Kvæði og sögur 1909	56
Jóhann Gunnar Sigurðsson	Til Baldurs	Kvæði og sögur 1909	77
Jóhannes úr Kötlum	Jarðerni	Tregaslagur 1964	83

Skrá yfir textadæmi

			bls.
Jón Helgason	Það var eitt kvöld	Kvæðabók 1986	34
Jón Thoroddsen	Úr Pilti og stúlku	Piltur og stúlka 1850	67
Jón Trausti	Úr Leysingu	Leysing 1907	59
Jón úr Vör	Góðærisóður	Alþýðublaðið 1942	33
Jónas E. Svafár	Ásthildur	Sjöstjarnan í meyjarmerkinu – myndljóð 1986	54
Jónas Hallgrímsson	Úr Sláttuvísum	Ljóðmæli 1956	19
Jónas Hallgrímsson	Eftir Tómas Sæmundsson, vin og Fjölnismann	Ljóðmæli 1956	24
Jónas Hallgrímsson	Ég bið að heilsa	Ljóðmæli 1956	72
Jónas Hallgrímsson	Staka	Ljóðmæli 1956	72
Kolbeinn Tumason	Heyr, himna smiðr	BRAGI - óðfræðivefur	35
Kristján Fjallaskáld	Yfir kaldan eyðisand	Ljóðspor 1988	16
Kristján frá Djúpalæk	Slysaskot í Palestínu	Í víngarðinum 1966	12
Leifur Haraldsson	Atómskáldin yrkja kvæði	Vikublaðið 6.desember 1996	10
Mary Shelley	Úr Frankenstein, endursögn J. Grants	Frankenstein 2005	84
Megas	dauði Snorra Sturlusonar	Megas 1972	60
Ólafur Guðmundsson í Sauðanesi	Ap, jún, sept, nóv	Calendarium – Íslenskt rím 1597	53
Ólafur Haukur Símonarson	Úr Gauragangi	Gauragangur 1988	7
Ólafur Haukur Símonarson	Úr Gauragangi	Gauragangur 1988	31
Páll Vídalín	Nokkrar Æsópiskar dæmisögur	Vísnakver Páls lögmanns Vídalíns 1897	20
Pjetur Hafstein Lárusson	Hækur um vorið	Hækur um tíma II án ártals	39
Ragnar Ingi Aðalsteinsson	Afhenda	Bögubókin 1994	15
Ragnar Ingi Aðalsteinsson	Tvær vísur	Blómaræktunarsjóður Fannafoldar 103 2009	80
Shakespeare (þýð: Hallgrímur Helgason)	Prólóg	Rómeó og Júlía 2002	32
Sigurður Breiðfjörð	Ástin hefur hýrar brár	Ljóðasafn 1951	26
Sigurður Pálsson	Á hringvegi ljóðsins (brot)	Ljóð vega menn 1980	10
Sjón	Draumráðningar (brot)	Drengurinn með röntgenaugun 1986	74
Skafti Þóroddsen	Máttr es munka dróttins	Ísland þúsund ár: fornöldin 1947	29
Steingrímur Thorsteinsson	Tækifærið gríptu greitt	Ljóðmæli 1925	49
Steingrímur Thorsteinsson	Mótsagnir	Ljóðmæli 1925	90
Steinn Steinarr	Brautargengi brestur mig	Þjóðviljinn 1965	65
Steinn Steinarr	Ég leita þín (brot)	Ljóðasafn 1991	90
Stephan G. Stephansson	Undarleg er íslensk þjóð:	Andvökur 1954	26
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir (SKS)	Ævintýraleg og hröð atburðarás		9

Skrá yfir textadæmi

			bls.
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir (SKS)	Bréf		17
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir (SKS)	Grettir sat við gluggann		22
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir (SKS)	Síðastliðið sumar		27
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir (SKS)	Brot úr ritdómi		30
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir (SKS)	Með tónlist í bakpoka		45
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir	Orrustuvöllurinn		55
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir (SKS)	Í háfleygum huganum		56
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir (SKS)	Sölvi hélt fast um stýrið		69
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir (SKS)	Snorri rís seinlega á fætur		74
Svava Jakobsdóttir	Úr Sögu handa börnum	Veisla undir grjótvegg 1967	53
Theodóra Thoroddsen	Tunglið, tunglið	Ritsafn:Þulur 1960	89
Tómas Guðmundsson	Nú er veður til að skapa	Stjörnur vorsins 1940	70
Úr Hávamálum	Fornkvæði	Konungsbók Eddukvæða frá 1270/ Ísland þúsund ár: fornöldin, 1947	21
Úr Ívars þætti Ingimundarsonar	Ívars þáttur Ingimundarsonar	Íslendingasögur og þættir. Seinna bindi. 1986	42
Úr Laxdælu	Laxdæla	Íslendingasögur og þættir. Seinna bindi 1986	79
Úr Skíðarímu	Mér er ekki um mansöng greitt	http://www.heimskringla.no	51
Úr sögunni Malaðu hvorki malt né salt	Malaðu hvorki malt né salt	Íslenskar þjóðsögur og ævintýri	8
Úr Tristamskvæði	Svo er hún fögur sem sól í heiði renni	Íslenskt ljóðasafn. 1976	68
Úr Tristamskvæði	Tristram snerist til veggjar	Íslenskt ljóðasafn 1976	86
Úr Viktors sögu og Blávus	Brot úr Viktors sögu og Blávus	Riddarasögur 2 1964	63
Úr Völuspá	Fornkvæði	Konungsbók Eddukvæða frá 1270	22
Úr þjóðsögunni Djákninn frá Myrká	Bíddu hérna, Garún, Garún ...	Íslenskar þjóðsögur og ævintýri	24
Vatnsenda-Rósa	Þó að kali heitur hver	Skáldkonur fyrri alda 1995	11
Vigdís Grímsdóttir	Úr Kaldaljósi	Kaldaljós 1987	80
Þorsteinn frá Hamri	Liðsinni	Jórvík 1967	10
Þorsteinn Valdimarsson	Hún var blómselja, barnfædd í Nissa	Limrur 1965	46
Þórarinn Eldjárn	Bækur	Gælur, fælur og þvælur 2007	5
Þórdís Gísladóttir	Rithöfundar	Leyndarmál annarra 2010	64
Þórður Helgason	Saga	Þórðarbókin 2008	48
Þórður Helgason	Kona	Þórðarbókin 2008	84

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.

Skóli			Bók nr. Tekin í notkun	
Nemandi/bekkur	Útlán: dags.	Ástand	Skil: dags.	Ástand

1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
2) Ástandi bókar við útlán og skil skal líst þannig:
   N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

Hugfinnur

handbók um bókmenntahugtök

Handbókin *Hugfinnur* hefur að geyma skilgreiningar og dæmi um algeng bókmenntahugtök. Bókin er einkum ætluð nemendum sem áhuga hafa á bókmenntum og vilja öðlast meiri þekkingu og skilning á algengum hugtökum sem notuð eru í umfjöllun og skrifum um bókmenntir. Í henni er hugtökum raðað í stafrófsröð til að einfalda lesendum að fletta þeim upp. Auk þess má í bókinni finna nokkrar spurningar og efni til íhugunar sem getur nýst til umræðu eða verkefnavinnu.

Höfundur *Hugfinns*, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, hefur sérhæft sig í kennslufræðum. Hún er höfundur að margvíslegu námsefni sem Námsgagnastofnun gefur út.

MENNTAMÁLASTOFNUN
40231